FRÉTTABLAÐIÐ

300. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 20. DESEMBER 2018

Jes Staley vildi þagga niður í uppljóstrara í Barclays. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Risasekt fyrir að eltast við uppljóstrara

VIÐSKIPTI Bandarísk yfirvöld hafa gert breska stórbankanum Barclays að greiða 15 milljónir dollara, eða rúmlega 1,8 milljarða íslenskra króna, í sekt eftir að framkvæmdastjórinn Jes Staley fékk meðal annars öryggisdeild bankans það verkefni að afhjúpa uppljóstrara.

Uppljóstrarinn varaði bankastjórnina skriflega við ráðningu ákveðins einstaklings, Tims Main, í yfirmannsstöðu vegna persónu hans og fyrri gerða í bransanum. Staley og Main voru vinir frá því að þeir störfuðu saman í fjárfestingarbankanum JP Morgan.

The Guardian segir bresk yfirvöld áður hafa sektað Jes Staley um yfir 100 milljónir íslenskra króna vegna afskipta hans af málinu. **– ibs**

Lækkanir á olíu eru kærkomnar

VIÐSKIPTI Verð á Brent-hráolíu hefur hefur fallið um 35 prósent frá því í október. Greinendur segja lækkun olíuverðs góð tíðindi fyrir íslenskt atvinnulíf.

„Við notum mikla olíu, aðallega vegna umfangsmikilla millilandaflutninga, og því skiptir lægra olíuverð okkur miklu máli," segir Brynjólfur Stefánsson, sérfræðingur í hrávörum hjá Íslandssjóðum.

Elvar Ingi Möller, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka, segir lækkanirnar „kærkomnar" en ekki hafa aflétt þrýstingi til hækkunar á flugfargjöldum sé horft fram á veginn. **– kij / sjá síðu 12**

Bretar halda rólegir áfram

BRETLAND Þrátt fyrir að yfirvöld í Bretlandi undirbúi á fullu samningslausa útgöngu úr Evrópusambandinu, og þúsundir hermanna séu í viðbragðsstöðu, er breskur almenningur nokkuð rólegur að sögn Sifjar Sigmarsdóttur, rithöfundar í Bretlandi.

„Þegar kveikt er á fréttum mætti ætla að Bretar töluðu ekki um annað en Brexit. Það eru hins vegar aðallega stjórnmálamenn og fjölmiðlafólk sem er í einhvers konar móðursýkiskasti. Þótt málið virðist hálfpartinn siglt í strand og allt stefni í óefni er hinn almenni Breti furðu rólegur," segir Sif.

– þea / sjá síðu 8

Kostnaður jólanna

Með hverju árinu eyðum við meira fyrir jólin. Kostnaðurinn í fyrra var sem nemur 50 þúsund krónum á hvert mannsbarn hér á landi. En gleðileg jól er ekki endilega að finna í útgjöldum, umbúðum og óþarfa.

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Efling dregur umboð sitt til SGS til baka

KJARAMÁL Samninganefnd Eflingar samþykkti í gær að draga samningsumboð sitt til Starfsgreinasambandsins (SGS) til baka. Tillaga þess efnis var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta á fundi nefndarinnar. Formaður SGS segist leiður yfir að svona hafi farið en vonast til að félög landsins muni vinna saman þó að þau verði ekki saman í hóp.

> Þetta var því sem næst einróma niðurstaða fundarins og næstu skref eru að ég hef heimild frá samninganefndinni til að taka ákvörðun um hvenær við munum vísa viðræðunum til sáttasemjara.
>
> Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar

„Þetta var því sem næst einróma niðurstaða fundarins og næstu skref eru að ég hef heimild frá samninganefndinni til að taka ákvörðun um hvenær við munum vísa viðræðunum til sáttasemjara," segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar.

„Félög geta auðvitað hvenær sem er dregið umboð sitt til baka ef þau eru ekki ánægð. Það er ákvörðun hvers og eins en auðvitað finnst mér það miður," segir Björn Snæbjörnsson, formaður SGS. **– jóe / sjá síðu 4**

Fimm sem urðu manni að bana

DÓMSMÁL Þrír dómar féllu á árinu vegna manndrápa og tveir vegna líkamsárása sem höfðu bana í för með sér. Metár var í fjölda heimilisofbeldisdóma. Lögreglumenn sluppu ekki við refsidóma á árinu vegna brota í starfi.

Sýknað var í stærsta sakamáli Íslandssögunnar á árinu, Guðmundar- og Geirfinnsmálum.

Fréttablaðið fer yfir refsidóma ársins sem er að líða. **– aá**

Veður



Norðaustan 3-8 og léttskýjað SV-lands, skúrir SA-til, annars skýjað og úrkomulítið. Hiti 0 til 5 stig, en vægt frost inn til landsins. SJÁ SÍÐU 32

Fiskeldi við Íslandsstrendur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Rannsaka hvort laxeldið fæli þorskinn burt

NOREGUR Norskir sjómenn fullyrða að laxeldiskvíar í sjó fæli þorskinn burt úr fjörðunum. Nú hefur verið ákveðið að verja 45 milljónum norskra króna, eða 630 milljónum íslenskra króna, til að rannsaka hvort sjómennirnir hafi rétt fyrir sér. Rannsóknin, sem á að hefjast í janúar og á að standa í fimm ár, fer fram í þremur fjörðum í Finnmörku en niðurstöðurnar munu gagnast öðrum byggðarlögum.

Á vef norska ríkisútvarpsins er haft eftir Pál Arne Bjørn, verkefnisstjóra hjá Hafrannsóknastofnuninni í Noregi, að fylgjast eigi með lífi í firði fyrir og eftir að laxeldiskvíum er komið fyrir. Rannsaka á meðal annars hvort laxeldið fæli þorskinn burt og hvort það hafi áhrif á fæðu þorsksins og vöxt. – ibs

Brim og Grandi undan smásjá

VIÐSKIPTI Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að aðhafast neitt frekar í athugun sinni á því að breyting hafi átt sér stað á yfirráðum í HB Granda.

Athugun Samkeppniseftirlitsins laut að því hvort kaup Brims hf. í eignarhlutum í HB Granda færu í bága við 17. gr. samkeppnislaga um samruna fyrirtækja. Svo virðist ekki vera. „Hefur stofnunin því látið málið niður falla," segir tilkynningu HB Granda. – gar

Góður hugur

Margir leggja hönd á plóginn í pakkasöfnun Kringlunnar í samstarfi við Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálp Íslands. Gestir Kringlunnar eru hvattir til að kaupa eina aukagjöf og leggja hana við jólatréð sem kveikt var á í nóvember. Gjöfunum er svo komið í hendur bágstaddra barna fyrir jólin. Þessar stúlkur hjálpuðust að við innpökkun í gær. Sjálfsagt láta enn fleiri gott af sér leiða síðustu dagana fyrir hátíðarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Börn í vanda hýst í Garðabæ

FÉLAGSMÁL Byggja á eitt þúsund fermetra meðferðarheimili í Garðabæ við Vífilsstaðaháls fyrir börn sem glíma við hegðunar- og vímuefnavanda. Þar á einnig að vista unglinga sem úrskurðaðir eru í gæsluvarðhald. Samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna má ekki vista börn í fangelsi með fullorðnum.

Samkvæmt viljayfirlýsingu Garðabæjar, velferðarráðuneytisins og Barnaverndarstofu sem undirrituð verður á morgun úthlutar Garðabær lóð undir starfsemina, velferðarráðuneytið tryggir Barnaverndarstofu fjármagn til framkvæmda vegna byggingar heimilisins og Barnaverndarstofa annast rekstur. Framkvæmdir eiga að hefjast á næsta ári.

Fram kemur í fundargerð bæjarráðs Garðabæjar að nú þegar sé hafin vinna við skipulag svæðisins. – la

Rigning og rok á jólum

Íslendingar á Tenerife og Flórída fá betra veður um jólin en aðrir landsmenn gangi veðurspár eftir. Vilji menn ekta jólaveður er Síbería öruggasti kosturinn.

VEÐUR „Eins og spárnar líta út núna verður örugglega betra veður á Tenerife og Flórída en hér," segir Birta Líf Kristinsdóttir, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, aðspurð um jólaveðrið í ár. Birta lætur þess þó getið að hún hafi ekki kynnt sér spár syðra yfir hátíðirnar en þúsundir Íslendinga verja jólum í sól og blíðu á Tenerife, í Flórída og á Kanaríeyjum.

„Suðlægar áttir, rigning um vestanvert landið og hiti á bilinu tvö til sjö stig. Þau gögn sem við erum með núna benda til þess að þetta verði jólaveðrið, en hversu mikla rigningu og mikinn vind við fáum er hins vegar óráðið á þessari stundu," segir Birta en tekur fram að spárnar séu frekar óstöðugar en bendi þó allar í áttina að suðlægum áttum og rigningu.

Sjálf er Birta ekki með skreytingar úti við og hefur ekki áhyggjur af inniseríunum sínum að svo stöddu.

„Það er of snemmt að spá um það núna hversu mikil rigningin verður og hversu hvasst en ef verstu spárnar rætast þá gæti ýmislegt farið að fjúka," segir Birta en telur þó alls ekki raunhæft að vara við slíku á þessari stundu vegna þess hve óstöðugar spárnar eru. „Ég myndi ekki fara að naglfesta seríurnar mínar innanhúss fyrr en í fyrsta lagi á Þorláksmessu."

Sé litið á björtu hliðarnar segir Birta að veðrið um helgina verði nokkuð fallegt gangi spár eftir og hiti um frostmark um mestallt land. Landsmenn ættu því ekki að þurfa að þola rok og rigningu á hápunkti jólastressins. Ekki fari að þykkna upp fyrr en á aðfangadag og búast megi við þungbúnu veðri bæði á aðfangadag og jóladag með rigningu sérstaklega um vestanvert landið. Helst sé von til þess að það haldist þurrt um austanvert landið en enginn jólasnjór er í kortunum sama í hvaða landshorn er litið.

Birta hefur ekki kannað hversu langt menn þurfi að ferðast til þess að komast í besta jólaveðrið. „Það fer náttúrulega eftir því hvort þú vilt hita og blíðu eða kulda og jólasnjó. Ef þú vilt fá snjó og hægan vind, ég veit ekki, kannski Síbería? Það er oft hæðasvæði þar yfir á veturna og mjög kalt."

aðdalheidur@frettabladid.is

Óljóst er hversu mikið rokið og rigningin verður. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Birta Líf Kristinsdóttir, veðurfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Troðfull verslun
af merkjavöru
40-
60%
afsláttur af öllum vörum
Opið lengur um jólin.
Í dag og föstudag
frá kl. 11.00 til 20.00
Laugardag og Þorláksmessu
frá kl. 11.00 til 22.00
BOSS
HUGO BOSS
SAND
COPENHAGEN
POLO
RALPH LAUREN
Stenströms
EMPORIO
ARMANI
eterna
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
CORNELIANI
FINUCCI
bugatti
TINO COSMA
BELLINI
collezione
MANZ
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Herra
fataeinn
outlet
líka fyrir konur
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)

Lögmaður telur framhald líklegt í upptökumáli Miðflokksmanna

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði í gær kröfu fjögurra alþingismanna Miðflokksins um vitnaleiðslur og gagnaöflun vegna hljóðritunar á barnum Klaustri.

„Við áttum von á því að þetta yrði niðurstaðan," segir Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, lögmaður Báru Halldórsdóttur. Stjórn Persónuverndar muni funda um málið í dag og spennandi verði að sjá hvernig tekið verði á því þar.

„Svo er að bíða og sjá hvort þessir fjórir þingmenn kæri niðurstöðu héraðsdóms til Landsréttar eða fari beint í það að höfða einkamál," heldur Auður áfram. Þriðji möguleikinn sé að þeir kæri til lögreglunnar.

Enginn fjórmenninganna svaraði Fréttablaðinu í gær og lögmaður þeirra, Reimar Pétursson, ekki heldur. Framhaldið er því er óljóst.

„Við metum það heldur líklegra vegna þess að beiðnin til héraðsdóms byggði ekki á því að þetta væri nauðsynlegt til þess að ákveða hvort það ætti að fara í mál heldur að það væri stefnan að fara í mál og til þess

> **Uppleggið þeirra hljómaði eins og þeir væru búnir að gera upp hug sinn.**
> Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, lögmaður

að ákveðin gögn færu ekki til spillis væri verið að biðja um þau núna. Uppleggið þeirra hljómaði eins og þeir væru búnir að gera upp hug sinn," segir Auður.

Ekki varð opinbert hver hefði staðið að upptökunum á Klaustri 21. nóvember fyrr en að Bára Halldórsdóttir steig fram 7. desember. Beiðni fjórmenninganna var sett fram 6. desember. Í úrskurði Lárentsínusar Kristjánssonar dómara kemur fram að lögmaður Báru hafi bent á að eftir að hún hafi stigið fram skorti þingmennina fjóra lögvarða hagsmuni af beiðni sinni.

Í úrskurðinum er vikið að þeirri kenningu fjórmenninganna að líklegt sé að fleiri en Bára hafi staðið að því að hljóðrita samtal þeirra á Klaustri. „Slíkar kenningar og vangaveltur verða þó að mati dómsins að byggjast á einhverju öðru en því að hlutaðeigendur telji þetta eða hitt líklegt án þess að það sé rökstutt sérstaklega og með afmörkuðum hætti hvers vegna slíkar grunsemdir séu uppi," segir Lárentsínus í úrskurðinum.

„Það er að minnsta kosti gott að þetta fór svona. Svo sjáum við hvað gerist næst," segir Bára Halldórsdóttir um niðurstöðu héraðsdóms. **– gar**

Jólakortin á útleið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Engin jólakort frá helmingnum

SAMFÉLAG Þeim landsmönnum sem senda jólakort með bréfpósti fækkar enn milli ára samkvæmt nýrri könnun MMR. Þannig sögðust rúm 26 prósent ætla að senda jólakort með bréfpósti en hlutfallið var tæp 34 prósent í fyrra, rúm 38 prósent 2016 og tæp 47 prósent árið 2015.

Rúm 19 prósent segjast ætla að senda rafræn jólakort og um 5 prósent bæði rafrænt og með bréfpósti. Í fyrra sögðust um 13 prósent ætla að senda rafrænt og um 8 prósent bæði. Þá segjast rúm 49 prósent landsmanna ekki ætla að senda nein jólakort í samanburði við 45 prósent í fyrra. Árið 2015 sendi hins vegar þriðjungur landsmanna engin jólakort.

Konur eru líklegri til að senda jólakort heldur en karlmenn. Þá er yngsti aldurshópurinn langlíklegastur til að senda engin kort og elstu hóparnir líklegri til að senda með bréfpósti. **– sar**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

Vonast til að félögin geti unnið saman þrátt fyrir niðurstöðuna

Yfirgnæfandi meirihluti samninganefndar Eflingar samþykkti að draga umboð félagsins til Starfsgreinasambandsins í kjaraviðræðunum til baka. Efling skoðar að vísa deilunni til ríkissáttasemjara sem allra fyrst. Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður félagsins, segir niðurstöðuna í gær hafa verið því sem næst einróma.

KJARAMÁL Samninganefnd Eflingar samþykkti í gær að draga samningsumboð sitt til Starfsgreinasambandsins (SGS) til baka. Tillaga þess efnis var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta á fundi nefndarinnar. Formaður SGS segist leiður yfir að svona hafi farið en vonast til að félög landsins muni vinna saman þó að þau verði ekki saman í hóp.

Fyrr í þessari viku felldi fundur aðildarfélaga SGS tillögu um að vísa kjarasamningaviðræðum strax til ríkissáttasemjara. Ellefu félög greiddu atkvæði gegn því en sjö vildu samþykkja. Meðal þeirra sem vildu samþykkja var Efling. Var haft eftir Sólveigu Önnu Jónsdóttur, formanni Eflingar, að hún teldi niðurstöðuna ranga og rétt hefði verið að vísa deilunni til ríkissáttasemjara áður en jólin gengju í garð. Boðað var til fundar í Eflingu í gær.

„Þetta var því sem næst einróma niðurstaða fundarins og næstu skref eru að ég hef heimild frá samninganefndinni til að taka ákvörðun um hvenær við munum vísa viðræðunum til sáttasemjara," segir Sólveig Anna.

„Það hefur alltaf verið okkar mikli vilji að vera saman í bandalagi og fara fram saman með VR. Þegar við skiluðum samningsumboði Eflingar til SGS gerðum við það með þeim fyrirvara að af slíku sambandi yrði og við töldum að það væri samhugur um það innan vébanda SGS. Því miður var það ekki raunin," segir hún.

„Félög geta auðvitað hvenær sem er dregið umboð sitt til baka ef þau

Björn Snæbjörnsson, formaður Starfsgreinasambandsins, og Sólveig A. Jónsdóttir, formaður Eflingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Þau félög sem eftir verða innan SGS munu auðvitað fylkja liði og vinna að því að ná góðum kjarasamningum.**
> Björn Snæbjörnsson, formaður SGS

eru ekki ánægð. Það er ákvörðun hvers og eins en auðvitað finnst mér það miður," segir Björn Snæbjörnsson, formaður SGS.

Þegar Fréttablaðið náði í Björn hafði honum ekki verið tilkynnt formlega um niðurstöðu fundarins en þó frétt af henni. Hann segir ekki óþekkt að félög vinni í mismunandi hópum.

„Það hefur auðvitað alltaf áhrif ef menn vinna ekki í sameiningu. Þetta þýðir að félögin verða ekki saman í hóp en ég vonast til þess að þau geti unnið saman þrátt fyrir það. Þau félög sem eftir verða innan SGS munu auðvitað fylkja liði og vinna að því að ná góðum kjarasamningum," segir Björn.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun lá ekki fyrir hvort fleiri félög myndu fylgja fordæmi Eflingar og draga umboð sitt til SGS til baka. Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, hafði lýst því yfir að afar líklegt væri að félag hans myndi fylgja í kjölfar Eflingar ef svo færi. Fréttablaðið reyndi að ná í Vilhjálm í gær en árangurslaust.

Ítrekaðar tilraunir til að ná tali af Ragnari Þór Ingólfssyni, formanni VR, báru jafn mikinn árangur.

joli@frettabladid.is

Þú finnur jólagjöfina hjá Vodafone

Galaxy Tab A WiFi spjaldtölva að andvirði 29.990 kr. fylgir

50 GB fylgja

10% afsláttur

50 GB fylgja

10% afsláttur



Samsung S9 og S9+

Verð frá
104.990 kr. staðgreitt

Beats Pill+

Verð
22.990 kr. staðgreitt

Kindle Paperwhite

Verð
17.991 kr. staðgreitt

iPhone XR

Verð frá
121.491kr. staðgreitt

Mikið úrval snjalltækja og spennandi kaupauka í jólapakkann handa þínum nánustu.

Kíktu við í næstu verslun eða á vodafone.is

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?

vodafone

Vara við smiti af notuðum bátum sem flytja laxaseiði

UMHVERFISMÁL Landssamband veiðifélaga hefur sent sjávarútvegsráðherra bréf þar sem ítrekaðar eru áhyggjur af svokölluðum brunnbátum sem leigðir eru hingað að utan til að flytja seiði fyrir fiskeldisstöðvar.

Bent er á brunnbátar séu undanþegnir banni við innflutningi á notuðum eldisbúnaði. Tíðkast hafi að leigja slík tæki frá Noregi og með vaxandi sjókvíaeldi fylgi ásókn í slíka báta þaðan og frá Skotlandi.

„Telur dýralæknir fiskisjúkdóma vaxandi notkun brunnbáta frá öðrum löndum til helstu áhættuþátta þegar um dreifingu smitsjúkdóma í fiski er að ræða. Samt er það svo að ekki virðist fyrirstaða hjá yfirvöldum fiskisjúkdóma að heimila notkun þeirra," segir í bréfinu.

Rakið er að í Noregi hafi smitdreifing með brunnbátum verið rannsökuð. Þar hafi verið talið nægjanlegt að sótthreinsa báta er þeir fari milli stöðva. Nýleg rannsókn norska Veterinærinstitutet sýni hins vegar að bátarnir beri með sér svokallaða SAV-veiru sem valdi skæðum sjúkdómi, Pancreas Disease (PD), sem sé óðum að dreifast milli eldisstöðva í Noregi.

„Ekki hefur enn uppgötvast hvernig bátarnir bera smitið á milli stöðva en Edbar Brun hjá Veterinærinstitutet telur að sótthreinsun báta og búnaðar komi ekki í veg fyrir smit," er varað við í bréfi landssambandsins.

Segja veiðifélagamenn það niðurstöðu rannsóknar norskra sérfræðinga að PD sé að finna í villtum laxi í Noregi, Skotlandi og Írlandi. Ekki liggi fyrir hvort finna megi SAV-veiruna í umhverfi laxa á Íslandi.

Smit er sagt berast með seiðaflutningabátum þrátt fyrir sótthreinsun. MYND/VEIÐIMÁLASTOFNUN

> **Kann útbreiðsla PD til Íslands að hafa ófyrirsjáanlegar og óþekktar afleiðingar fyrir villta laxastofna á Íslandi.**
>
> Landssamband veiðifélaga

„Ef sú er ekki raunin kann útbreiðsla PD til Íslands að hafa ófyrirsjáanlegar og óþekktar afleiðingar fyrir villta laxastofna á Íslandi," segir í bréfinu þar sem mælst er til þess að skimað verði fyrir PD í eldislaxi í sjókvíum og einnig í villtum laxi.

„Landssamband veiðifélaga bendir á að verði innflutningur á brunnbátum til þess að hingað berist sjúkdómar er skaða innlenda laxa- og silungastofna skapar það skaðabótaskyldu umræddra fyrirtækja og þeirra sem leyfa slíkan innflutning," segir í fyrrnefndu bréfi. **– gar**

Breytir miklu að þurfa ekki að senda sjúklinga utan, segir Örvar Gunnarsson um jáeindaskannann. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Framtíðin er björt fyrir krabbameinslækningar

Að sögn Örvars Gunnarssonar, krabbameinslæknis á Landspítalanum, er Ísland framarlega þegar kemur að stöðu krabbameinslækninga. Lyfjamálin standi nú betur en áður og ný lyf gefi vonir um betri lífsgæði og lengra líf fyrir sjúklinga.

HEILBRIGÐISMÁL „Framtíðin í krabbameinslækningum er björt og ný rannsóknartæki og lyf munu halda áfram að koma fram sem mun skila sér í auðveldari og árangursríkari meðferðarmöguleikum fyrir sjúklinga," segir Örvar Gunnarsson, krabbameinslæknir á Landspítalanum.

Hann segir umræðuna oft þannig að Ísland standi samanburðarlöndum að baki hvað varðar árangur og fjármögnun. „Það eru oft stök atvik sem ekki hafa gengið vel sem vekja neikvæða athygli en sem betur fer ganga hlutirnir langoftast mjög vel. Við erum líka oft á undan með vissa hluti. Það er til dæmis oft lengri bið í Skandinavíu eftir að hitta lækni."

Þá nefnir hann sérstaklega lyfjamálin en töluvert sé spurt um aðgang að því sem hefur verið kallað nýju krabbameinslyfin og áhyggjum lýst yfir því að sjúklingar hér á landi hafi ekki aðgang að bestu mögulegu meðferð.

Þessi nýju lyf má rekja til uppgötvana hinna nýbökuðu Nóbelsverðlaunahafa Japanans Tasuku Honjo og Bandaríkjamannsins James P. Allison á því hvernig hægt sé að virkja ónæmiskerfið til að ráðast gegn krabbameinsfrumum. Þessar uppgötvanir áttu sér stað fyrir um 30 árum en lyfjatilraunir hófust fyrir um 10 árum á meðferð við sortuæxli. Síðan hefur komið í ljós að hægt er að nota þessi lyf við sífellt fleiri tegundum krabbameins.

„Lyfjamálin voru erfið fyrir stuttu síðan en það hefur verið mikil sókn í þessum málum undanfarin tvö ár. Við erum að nota þessi nýju lyf og finnum merkjanlegan mun hjá þeim sjúklingum sem fá þau. Það eru samt alltaf einhverjir sjúklingar þar sem nýju lyfin eiga ekki við."

> **Jáeindaskanninn breytir miklu**
>
> Örvar segir að með tilkomu jáeindaskannans á Landspítalanum megi segja að Ísland sé endanlega komið á sama stall og þau lönd sem við berum okkur saman við.
>
> „Við höfum verið að nota jáeindaskanna undanfarin ár og það breytir auðvitað miklu að þurfa ekki að senda sjúklinga til útlanda."
>
> Hann tekur þó fram að sú staðreynd að skanninn sé kominn til landsins leiði ekki í sjálfu sér til þess að notkunin breytist. Það auðveldi hins vegar hlutina fyrir sjúklinga og lækna.
>
> „Það var ákveðin bið eftir því að fá tíma og líka eftir niðurstöðunum sem þurfti svo að setja inn í kerfið hjá okkur. Nú fáum við myndirnar beint inn í okkar kerfi og niðurstöðurnar liggja fyrir mun fyrr en áður."

> **Við erum að nota þessi nýju lyf og finnum merkjanlegan mun.**
>
> Örvar Gunnarsson, krabbameinslæknir á Landspítalanum

Það verði áhugavert að sjá raunverulegan árangur nýju lyfjanna þegar meiri reynsla verði komin á notkun þeirra. Bjartsýni ríki um að það verði augsýnilegur munur á árangri. Örvar segist finna að það gangi til dæmis heilt yfir mun betur að fást við lungnakrabbamein. „Það eru miklu fleiri sjúklingar sem eru með betri lífsgæði og lengra líf."

Þó svo að Ísland verði aldrei fyrst til að byrja að nota ný lyf stöndum við jafnfætis flestum Evrópuþjóðum.

„Raunveruleikinn er líka þannig að þegar við höfum þurft að fá ákveðin lyf þá höfum við í langflestum tilfellum fengið það."

Þá sé reynt að nýta fjármuni sem best með því að velja ódýrari samheitalyf þar sem það sé mögulegt. „Við viljum meina að við stöndum mjög framarlega þegar kemur að stöðu krabbameinslækninga. Við erum á mjög góðum stað með tilliti til árangurs og erum að fá mikið fyrir það sem er lagt í kerfið."

sighvatur@frettabladid.is

Borgi 375 þúsund eftir heyrúlludeilu

DÓMSMÁL Seljendur sauðfjárjarðar í Dalasýslu voru í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdir til að greiða kaupendum 375 þúsund krónur vegna heyrúllna sem ekki voru á jörðinni við afhendingu hennar. Þau voru þó sýknuð af stærstum hluta kröfu kaupenda.

Umræddar heyrúllur voru geymdar á jörð sem seljendur höfðu séð um heyskap á. Jörðin í um 30 kílómetra fjarlægð frá hinni keyptu jörð. Töldu seljendur að þeir hefðu með því afhent rúllurnar í samræmi við kaupsamning en kaupendur vildu meina að þær hefðu átt að vera til staðar á hinni seldu jörð.

Heyrúllur voru á röngum stað eftir jarðaviðskipti. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Krafa kaupendanna var rúmlega 2,1 milljón króna; tæplega 1,3 milljónir vegna heysins, 375 þúsund vegna flutnings, lestunar og losunar þess og rúmlega 500 þúsund vegna ofgreiddrar stuðningsgreiðslu vegna sauðfjárræktunar.

Héraðsdómur sýknaði seljendur af kröfu um endurgreiðslu vegna stuðningsgreiðslunnar enda hefðu kaupendur aldrei átt tilkall til hennar.

Tjónið vegna heysins taldi dómurinn ofmetið og féllst aðeins á greiðslu vegna flutnings þess en ekki í tengslum við andviði þess. **– jóe**

Meira sælkera

Karfa 1

Tengdamömmutungur Natural, Ibérico Paté, Camembert Royal, Kú Öðlingur, Piparostur, Rjómaostur, Hagkaup papriku & chili sulta.

3.899 kr

Karfa 2

Tengdamömmutungur Natural, Ibérico Paté, Camembert Royal, Kú Öðlingur, Piparostur, Rjómaostur, Bónda Brie, Ostarúlla með beikoni og paprikublöndu, Hagkaup papriku & chili sulta.

4.699 kr

Karfa 3

Tengdamömmutungur Natural, Ibérico Paté, Camembert Royal, Bleu d'Auvergne, Prima Donna, Kú Öðlingur, Piparostur, Rjómaostur, Bónda Brie, Ostarúlla með beikoni og paprikublöndu, Hagkaup papriku & chili sulta, Hagkaup sultaður rauðlaukur.

5.999 kr

Karfa 4

Tengdamömmutungur Natural og með Sesam, Ibérico Paté, Camembert Royal, Bleu d'Auvergne, Prima Donna, Kú Öðlingur, Piparostur, Rjómaostur, Bónda Brie, Ostarúlla með beikoni og paprikublöndu, Hagkaup papriku & chili sulta, Hagkaup sultaður rauðlaukur, Ferrero Rocher.

7.599 kr

Karfa 5

Tengdamömmutungur Natural og með Sesam, Ibérico Paté, Camembert Royal, Bleu d'Auvergne, Snowdonia Black Bomber, Prima Donna, Kú Öðlingur, Höfðingi, Piparostur, Rjómaostur, Bónda Brie, Ostarúlla með beikoni og paprikublöndu, Hagkaup papriku & chili sulta, Hagkaup sultaður rauðlaukur, Ferrero Rocher.

8.999 kr

HAGKAUP

Meira svona alla daga

Facebook klárar árið með enn einu hneykslinu

SAMFÉLAGSMIÐLAR Árið 2018 er án nokkurs vafa það versta í sögu samfélagsmiðlarisans Facebook. Að minnsta kosti ef horft er til hneykslismála. Cambridge Analytica-hneykslið er stærsta og þekktasta málið en að auki uppgötvuðust gallar sem stefndu öryggi persónulegra upplýsinga ítrekað í hættu. Þá er ótalin ráðning á andstæðingarannsóknabatteríi Repúblikana sem setti af stað falsfréttaherferð fyrir hönd miðilsins.

The New York Times hefur nú greint frá enn einu málinu. Í ítarlegri og langri umfjöllun þriggja blaðamanna var greint frá því að Facebook hefði veitt stórum tæknifyrirtækjum, til að mynda Microsoft, Amazon og Spotify, mun víðtækari heimildir til að skoða gögn Facebook-notenda en miðillinn hafði áður sagt frá.

Viðtöl við 60 fyrrverandi starfsmenn og viðskiptafélaga leiddu í ljós að Facebook hefði hugsanlega brotið gegn samþykkt við viðskiptaráð alríkisstjórnarinnar frá árinu 2011 um að ekki mætti deila upplýsingum notenda án skýrs samþykkis.

Apple fékk að skoða dagatöl og vini notenda, meira að segja þeirra sem höfðu sérstaklega valið að deila þeim upplýsingum ekki. Amazon fékk nöfn og upplýsingar um netföng og símanúmer. Microsoft fékk sams konar upplýsingar. Apple segist aldrei hafa skoðað upplýsingarnar, Amazon sagði sína notkun vera alfarið viðeigandi og Microsoft kvaðst hafa eytt upplýsingunum.

Öllu verra er hins vegar að Facebook leyfði Spotify, Netflix og Royal Bank of Canada hreinlega að lesa persónuleg skilaboð notenda, send í gegn um Messenger. Netflix sagðist þó aldrei hafa beðið um heimildina né lesið skilaboð. Sams konar svar fékkst frá Spotify. Ekki er þó hægt að útiloka að starfsmenn fyrirtækjanna hafi nýtt sér heimildina á einhvern hátt án leyfis stjórnenda. **– þea**

Netflix og Spotify fengu að lesa persónuleg skilaboð. NORDICPHOTOS/GETTY

Trump kallar herinn heim

BANDARÍKIN „Við höfum sigrað ISIS í Sýrlandi. Það var eina ástæðan fyrir veru okkar þar undir minni stjórn," tísti Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, í gær. Bandaríkin áforma nú að kalla alla hermenn sína frá Sýrlandi.

Tíðindin voru óvænt. Í nóvember hafnaði hernaðarbandalagið gegn ISIS því alfarið að Bandaríkin væru að hugsa um að yfirgefa svæðið. „Allur slíkur fréttaflutningur er rangur og veldur ruglingi og glundroða," sagði í tilkynningu þá.

Eins og stendur eru um 2.000 bandarískir hermenn í Sýrlandi. Þeir hafa að mestu séð um að þjálfa Sýrlendinga og þannig hjálpað til í baráttunni gegn ISIS.

Trump hafði þó sjálfur lofað því fyrr á árinu að kalla hersveitir Bandaríkjanna til baka. „Afar fljótlega," sagði Trump samkvæmt BBC.

Eftir að hafa sölsað undir sig stóra hluta Sýrlands og Íraks tapaði ISIS meginþorra landsvæðisins í fyrra. **– þea**

Bretar eru nokkuð rólegir þrátt fyrir að staðan sé nú uggvænleg

Þótt yfirvöld hafi sett þúsundir hermanna í viðbragðsstöðu vegna þess að auknar líkur eru á samningslausu Brexit segir Sif Sigmarsdóttir breskan almenning nokkuð rólegan. Mögulega er fólk orðið þreytt á allri umfjölluninni, mögulega á sífelldum dómsdagsspám sem hafa ekki ræst. Þingið greiðir atkvæði í janúar.

BRETLAND Þrátt fyrir að yfirvöld í Bretlandi séu farin að undirbúa sig á fullu fyrir samningslausa útgöngu úr Evrópusambandinu er breskur almenningur nokkuð rólegur vegna málsins. Þetta segir Sif Sigmarsdóttir rithöfundur en hún er búsett í Bretlandi.

Ekki er útlit fyrir að samningur ríkisstjórnar Theresu May við ESB um útgönguna verði samþykktur á breska þinginu. Atkvæðagreiðsla fer fram í janúar. Hún átti að fara fram fyrr í þessum mánuði en það var deginum ljósara að þingið hefði kolfellt plaggið.

Eins og fjallað var um í Fréttablaðinu í gær felur þessi undirbúningur meðal annars í sér að á fjórða þúsund hermanna hafa verið settir í viðbragðsstöðu. Þá hefur pláss verið tekið frá í ferjum fyrir nauðsynjaflutninga svo fátt eitt sé nefnt.

„Þegar kveikt er á fréttum mætti ætla að Bretar töluðu ekki um annað en Brexit. Það eru hins vegar aðallega stjórnmálamenn og fjölmiðlafólk sem er í einhvers konar móðursýkiskasti. Þótt málið virðist hálfþartinn siglt í strand og allt stefni í óefni er hinn almenni Breti furðu rólegur," segir Sif.

Eftir kosningar segir Sif að fólki hafi verið heitt í hamsi. Rifist var um niðurstöðuna úti á götu og fólk brast jafnvel í grát. Nú er hins vegar haldið í eiginleg einkunnarorð Breta: „Keep calm and carry on."

Að mati Sifjar eru margar ástæður fyrir „þessu skeytingarleysi". Mögulega hafa Bretar fengið sig fullsadda af þeirri miklu umfjöllun sem haldið er uppi í fjölmiðlum.

„Einnig hefur dómsdagsspám rignt yfir almenning í tengslum við Brexit svo kannski má kalla ástandið „hörmunga-þreytu". Loks held ég að fólk sé farið að tortryggja stjórnmálastéttina alveg ofsalega mikið vegna þess hvernig Brexit hefur verið meðhöndlað; stjórnmálamenn hafa ekki sparað stóru orðin og fólki finnst eins og verið sé að bera í það áróður, eins og verið sé að spila með það. Það veit enginn hverjum hann á að trúa. Hvað er satt? Hvað eru ýkjur? Enginn veit."

Þá bendir Sif á að tvö ár eru liðin frá atkvæðagreiðslu en áhrifa Brexit sé ekki enn farið að gæta með áþreifanlegum hætti. „Þetta gæti þó breyst á næstunni, því nýlega láku út fréttir af fundi ríkisstjórnarinnar þar sem meðal annars var rætt um að hvetja fólk til að kaupa sér ekki frí í útlöndum eftir 29. mars ef engir samningar nást – ef samningar nást ekki vitum við ekki hversu auðvelt verður að fljúga frá Bretlandi til annarra landa."

Að lokum segir hún að fólk virðist eiga erfitt með að gera upp hug sinn um samning May og ESB. „Hvort sem fólk var með eða á móti Brexit virðist það ekkert vita hvað því á að finnast um samninginn."

May hefur ekki gefist upp á samningi sínum. Í gær biðlaði hún til stjórnvalda í Skotlandi, Wales og á Norður-Írlandi um að hlusta á atvinnulífið og lýsa yfir stuðningi við samning sinn.

thorgnyr@frettabladid.is

Þessir Bretar virðast þó allt annað en rólegir yfir stöðunni. NORDICPHOTOS/AFP

Hvort sem fólk var með eða á móti Brexit virðist það ekkert vita hvað því á að finnast um samninginn.

Sif Sigmarsdóttir rithöfundur

ESB undirbýr sig

Framkvæmdastjórn ESB sagði í gær frá því að hún væri einnig farin að búa sig undir samningslausa útgöngu. Samkvæmt BBC miðar undirbúningurinn að því að draga úr áhrifum samningslausrar útgöngu, þó með þeim fyrirvara að það sé ekki hægt að fyrirbyggja öll vandamál.

„Þessar aðgerðir munu ekki og geta ekki komið í veg fyrir allan skaða af samningslausri útgöngu," sagði í tilkynningu. Einn stjórnarmanna sagði að um skaðaminnkunaraðgerð væri að ræða.

Áætlun framkvæmdastjórnarinnar er í fjórtán liðum. Á meðal þess sem kveðið er á um er að bresk flugfélög skuli fá að fljúga til og frá ESB en ekki innan sambandsins, og um að flytja megi vörur á landi í níu mánuði áður en sækja þarf um leyfi. Þeim tilmælum er beint til aðildarríkja að sýna skuli breskum íbúum velvild, svo lengi sem Bretar svara í sömu mynt.

Kenna hvor annarri um vopnahlésbrot

JEMEN Stríðandi fylkingar í Jemen, Hútar og stjórnarliðar, kenndu hvor annarri um að hafa brotið gegn nýsamþykktu vopnahléi í hafnarborginni Hodeidah. Samið var um vopnahléið í Stokkhólmi í síðustu viku undir handleiðslu Sameinuðu þjóðanna. Barist hafði verið af hörku á svæðinu á árinu en pattstaða var í átökunum. Samkvæmt Reuters sögðu borgarbúar frá því seint á þriðjudagskvöld, á fyrsta degi vopnahlésins, að heyrst hafi sprengingar og skothvellir í suðurhluta borgarinnar. Ró var þó komin yfir svæðið í gær.

Sameinuðu þjóðirnar kölluðu Húta og stjórnarliða á teppið í gær í myndsímtali. Meðal annars var rætt um hvernig eigi að kalla hermenn frá Hodeidah og þremur öðrum hafnarplássum sem vopnahléið nær til.

Al-Masirah TV, fréttastöð í umsjón Húta, sakaði hernaðarbandalagið sem Sádi-Arabar leiða til stuðnings stjórnarliða um að varpa sprengjum, meðal annars í nágrenni flugvallar borgarinnar. WAM frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum, aðila bandalagsins, greindi aftur á móti frá því að Hútar hefðu varpað sprengjum í austurhluta borgarinnar.

Heimildarmaður Reuters innan úr bandalaginu sagði að Hútar myndu fá að njóta vafans í bili en ef SÞ skærust ekki í leikinn í bráð yrði samkomulagið sem gert var í Stokkhólmi marklaust. **– þea**

Vopnahlésbrotin meintu voru gerð strax á fyrsta degi. NORDICPHOTOS/AFP

Í YFIRRÉTTI („HIGH COURT OF JUSTICE") **KRAFA NR. CR-2018-008350**
FYRIRTÆKJA- OG EIGNADÓMSTÓLAR (E. BUSINESS AND PROPERTY COURTS) ENGLANDS OG WALES)
FYRIRTÆKJADÓMSTÓLL (E. COMPANIES COURT (ChD)

VARÐANDI TRAVELERS CASUALTY AND SURETY COMPANY OF EUROPE LIMITED
og
VARÐANDI TRAVELERS INSURANCE COMPANY LIMITED
og
VARÐANDI VII. HLUTA BRESKRA LAGA FRÁ ÁRINU 2000 UM FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU- OG MARKAÐI (FINANCIAL SERVICES AND MARKETS ACT 2000)

HÉR MEÐ TILKYNNIST að Travelers Casualty and Surety Company of Europe Limited (**framseljandi**) og Travelers Insurance Company Limited (**framsalshafi**) lögðu fram umsókn með tilkynningu um stefnu skv. 8. hluta ensku og welsku réttarfarsreglnanna (Part 8 Claim Form) til yfirréttar í Englandi og Wales (High Court of England and Wales) (**umsóknina**), sbr. VII. kafla laga um fjármálaþjónustu og -markaði frá árinu 2000 (Financial Services and Markets Act 2000) (**FSMA**), um úrskurð til staðfestingar á framsali (**framsalið**) til Travelers Insurance Company Limited á allri vátryggingastarfsemi frameljanda (þ.m.t. vátryggingum sem veittar voru undir fyrra nafni hans, Gulf Insurance Company UK Limited), hér eftir **framselda starfsemin**. Til stendur að framsalið eigi sér stað 28. febrúar 2019 eða um það leyti (**gildistökudagur**).

Eintak af greinargerð (**greinargerðin**) sem er samin af óháðum sérfræðingi, Alex Marcuson hjá Marcuson Consulting Limited, félagsmanni í félagi breskra tryggingastærðfræðinga (Institute of Actuaries), skv. 109 gr. FSMA um áhrif framsalsins á vátryggingartaka framseljanda og framsalshafa, auk yfirlits um skilmála framsalsins og samantektar á greinargerðinni (**samantektin**), er að finna á www.travelers.co.uk. Frá birtingardegi þessarar tilkynningar og þar til framsalið verður tekið fyrir hjá dómstólnum verða ofangreind skjöl einnig aðgengileg án endurgjalds hverjum þeim sem óskar eftir eintökum með því að senda tölvupóst á JABRAMSO@travelers.com, senda skriflega beiðni stílaða á The Company Secretary at Travelers, One Creechurch Place, London EC3A 5AF, Bretland, eða með því að hringja í +44 (0)20 3207 6000 og skilja eftir skilaboð með nafni þess sem hringir og upplýsingum um hvernig má hafa samband við viðkomandi.

Allar vátryggingakröfur í tengslum við framseldu starfsemina eru afgreiddar af Travelers Management Limited og verða áfram afgreiddar af Travelers Management Limited með nákvæmlega sama hætti eftir fyrirhugað framsal. Ætlunin er að Travelers Management Limited afgreiði með nákvæmlega sama hætti allar framtíðarkröfur sem rísa af vátryggingasamningum sem tilheyra framseldu starfseminni. Fyrirhugað framsal mun tryggja áframhald allra dómsmála sem höfðuð eru af eða gegn frameljandanum fyrir gildistökudaginn í tengslum við réttindi og skyldur sem leiða af framseldu starfseminni og kemur framsalshafi þá í stað frameljanda sem aðili að viðkomandi málum.

Þess er farið á leit að umsóknin verði tekin fyrir hjá yfirrétti Englands og Wales, The High Court of Justice, The Rolls Building, 7 Rolls Buildings, Fetter Lane, London EC4A 1NL, Bretland, hinn 18. febrúar 2019 og er hverjum þeim, þ.m.t. starfsmanni frameljanda eða framsalshafa, sem telur að framsalið hafi neikvæð áhrif á sig heimilt að mæta á dómþingið í eigin persónu eða með því að senda lögfræðing sinn í þeim tilgangi og/eða gera grein fyrir sjónarmiðum sínum skriflega. Hver sá sem andmælir framsalinu en hyggst ekki mæta á dómþingið í eigin persónu er beðinn um veita, ef unnt er, a.m.k. 7 daga skriflegan fyrirvara fyrir fyrirtökudaginn, tilgreina ástæður andmælanna og senda erindið til neðangreindrar lögmannsstofu.

Dags. 20. desember 2018
NORTON ROSE FULBRIGHT LLP
3 More London Riverside, London SE1 2AQ, Bretland
Lögmenn framseljanda (Tilvísun: RAXH/1000041068)

HVER ER ÞINN DRAUMAKODDI?

TEMPUR HEILSUKODDAR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

20% AFSLÁTTUR + SVEFNGRÍMA

TEMPUR SIGNATURE

Nýr heilsukoddi frá Tempur®. Sígildur að lögun og millistífur. Veitir góðan stuðning í öllum svefnstellingum. Hentar vel þeim sem vilja geta hnoðast með koddann sinn, brotið hann saman eða faðmað.

12.720 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 15.900 kr.

Auk þess fylgir koddanum Tempur® svefngríma að verðmæti 4.990 kr.

20% AFSLÁTTUR + SVEFNGRÍMA

TEMPUR ORIGINAL

Fyrir þá sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda af líkamlegum ástæðum. Hönnun hans fylgir náttúrulegri sveigju hálsins. Hann styður við mænu og hrygg og veitir þér fullkomna næturhvíld. Hentar vel þeim sem sofa á hlið og baki. Fáanlegur S / M / L / XL.

Frá: 11.920 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 14.900 kr.

Auk þess fylgir koddanum Tempur® svefngríma að verðmæti 4.990 kr.

20% AFSLÁTTUR + SVEFNGRÍMA

TEMPUR CLOUD COMFORT

Comfort koddinn er gerður sérstaklega úr Tempur ES (Extra Soft) efninu og veitir einstakt jafnvægi í mýkt og stuðningi. Tilvalinn fyrir þá sem vilja stuðninginn sem Tempur er þekkt fyrir, en mýktina líka.

15.920 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 19.900 kr.

Auk þess fylgir koddanum Tempur® svefngríma að verðmæti 4.990 kr.

20% AFSLÁTTUR + SVEFNGRÍMA

TEMPUR TRADITIONAL

Sígild lögun þessa kodda veitir unaðslega tilfinningu og þægilegan stuðning í öllum svefnstellingum. **Fáanlegur mjúkur, miðlungs og stífur – sígild þægindi fyrir alla.**

12.720 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 15.900 kr.

Auk þess fylgir koddanum Tempur® svefngríma að verðmæti 4.990 kr.

TEMPUR

HEILSUKODDAR

TEMPUR VÍSINDALEG UPPFINNING

Uppruna Tempur efnisins má rekja til nýsköpunarvinnu bandarísku geimferðastofnunarinnar (NASA) á 8. áratug síðustu aldar. Vísindamennirnir fundu upp efni sem gat tekið við og jafnað út þrýsting við geimskot frá jörðu og um leið veitt geimförum nauðsynlegan stuðning. Þar með var grunnurinn lagður að Tempur og er framþróuninni haldið áfram í dag til að gera góðan nætursvefn enn betri.

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY www.spacefoundation.com

THE *ONLY* MATTRESS AND PILLOW RECOGNIZED BY **NASA** AND CERTIFIED BY THE SPACE FOUNDATION ✦

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

OPNUNARTÍMI VERSLUNAR Í FAXAFENI TIL JÓLA

Lau. 15. des.	11–17	17.–19. des.	10–18	23 des.	10–22
Sun. 16. des.	13–17	20.–22. des.	10–20	Aðfangad.	10–13

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

Betra BAK

Manndráp

18. apríl Khaled Cairo fékk 16 ár fyrir morðið á Sanitu Brauna. Aðalmeðferð í málinu verður í Landsrétti 8. janúar.

21. júní Dagur Hoe Sigurjónsson fékk 17 ára fangelsi í héraði fyrir manndráp og tilraun til manndráps á Austurvelli í desember í fyrra. Málið bíður meðferðar í Landsrétti.

23. nóvember Landsréttur staðfesti 19 ára fangelsisdóm Héraðsdóms yfir Thomasi Møller Olsen fyrir morðið á Birnu Brjánsdóttur og fíkniefnasmygl. Hann mun óska eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar.

Refsidómar ársins 2018

Fimm dómar féllu á árinu vegna mannsbana og metár var í fjölda heimilisofbeldisdóma. Lögreglumenn sluppu ekki við dóma á árinu vegna brota í starfi og sýknað var í stærsta sakamáli Íslandssögunnar, Guðmundar- og Geirfinnsmálum.

Líkamsárásir sem leiddu til dauða:

27. september Valur Lýðsson fékk sjö ára fangelsi fyrir árás á bróður sinn sem leiddi til dauða hans. Málið bíður meðferðar hjá Landsrétti.

19. október Sveinn Gestur Tryggvason fékk sex ára fangelsi í Landsrétti fyrir árás á Arnar Aspar sem lést í kjölfarið sökum æsingsóráðsheilkennis.

Erfitt ár hjá Sigurði

Sigurður Ragnar Kristinsson hefur verið áberandi í fréttum ársins af sakamálum. Sigurður Ragnar var dæmdur í 20 mánaða skilorðsbundið fangelsi á árinu fyrir meiriháttar skattalagabrot í rekstri verktakafyrirtækisins SS verks ehf. og var gert að greiða tæpar 140 milljónir í sekt.

Mesta athygli vakti hins vegar mál Sigurðar og þáverandi eiginkonu hans, Sunnu Elvíru Þorkelsdóttur, en Sigurður var settur í varðhald á Spáni í upphafi árs vegna gruns um aðild að alvarlegu slysi sem Sunna Elvíra varð fyrir en hún féll fram af svölum á heimili þeirra í Malaga og lamaðist.

Sigurður hefur einnig verið til rannsóknar hjá lögreglu bæði hér heima og á Spáni vegna aðildar að innflutningi á fíkniefnum í svokölluðu Skáksambandsmáli. Málið hefur verið þingfest og er til meðferðar fyrir héraðsdómi.

Sýknudómar ársins

Geirfinnsmál
Umtalaðasta sýkna ársins er án efa nýr dómur Hæstaréttar í Guðmundar- og Geirfinnsmálum en því langþráða markmiði Sævars Ciesielski var loks náð á árinu að hann og fjórir aðrir menn voru hreinsaðir af aðild að hvarfi Guðmundar og Geirfinns Einarssona sem hurfu báðir árið 1974. Sævar barðist fyrir endurupptöku til dauðadags en hann lést í Kaupmannahöfn árið 2011. Búast má við að Geirfinnsmál verði þó áfram í fréttum á komandi ári enda standa nú yfir viðræður um bætur til hinna nýsýknuðu og aðstandenda þeirra. Þá er ekki útilokað að tekin verði upp rannsókn á mannshvörfunum að nýju.

Stuðningsfulltrúinn
Önnur umtöluð sýkna á árinu var dómur kveðinn upp síðla sumars í máli stuðningsfulltrúa sem var ákærður fyrir ítrekuð og langvarandi kynferðisbrot gegn börnum og nauðganir en brotin voru talin geta varðað allt að sextán ára fangelsi. Stuðningsfulltrúinn starfaði um árabil með börnum hjá Barnavernd Reykjavíkur. Meint brot hans beindust ekki að börnum sem hann starfaði með heldur öðrum sem hann kynntist í gegnum fjölskyldu eða vini. Bíður Landsréttar.

Aurum-málið
Lárus Welding, Magnús Arnar Arngrímsson og Jón Ásgeir Jóhannesson voru allir sýknaðir í Landsrétti á árinu í svokölluðu Aurum Holding-máli sem laut að meintum umboðssvikum í tengslum við sex milljarða króna lánveitingu Glitnis til félags í eigu Pálma Haraldssonar árið 2008. Málið hefur lengi velkst í kerfinu en fyrst var ákært í málinu árið 2012.

Tveir fengu sjö ár fyrir brot gegn börnum

Margir dómar féllu fyrir nauðgun og önnur kynferðisbrot á árinu. Ólíkt refsingum fyrir manndráp er þyngd refsinga fyrir nauðgun nokkuð breytileg, oftast á bilinu tvö til þrjú ár en getur lækkað til dæmis vegna ungs aldurs geranda en getur einnig þyngst ef til dæmis miklu ofbeldi er beitt eða sérstök tengsl eru milli geranda og þolanda.

Boccia-þjálfari á Akureyri fékk fjögurra ára fangelsi fyrir að nauðga einum iðkanda sínum ítrekað, rúmlega tvítugri þroskaskertri konu.

Þyngsta dóminn fékk hins vegar barþjónn í Reykjavík sem var dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir tvær nauðganir, aðra þeirra mjög langvinna og heiftúðuga að mati dómsins.

Þyngstu dómana í kynferðisbrotamálum á árinu fengu hins vegar þeir sem brutu gegn börnum. Karlmaður á sextugsaldri fékk sjö ára dóm fyrir ítrekuð kynferðisbrot, þar á meðal nauðganir gegn unglingspilti á aldrinum 15 til 18 ára en maðurinn tældi hann með peningum og lyfjum.

Nokkrir fengu dóm fyrir kynferðisbrot gegn barnabörnum sínum, í flestum tilvikum þriggja til fjögurra ára fangelsi. Í einu tilviki þyngdi Landsréttur dóm yfir manni sem braut gegn þremur barnabörnum úr fjórum árum í sjö. Börnin voru á aldrinum 6-14 ára þegar brotin voru framin en þau stóðu yfir um margra ára skeið.

Vigfús Jóhannesson var dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir kynferðisbrot. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Lögreglumenn á sakamannabekk

Landsréttur staðfesti í nóvember fimmtán mánaða dóm yfir Jens Gunnarssyni, fyrrverandi rannsóknarlögreglumanni hjá fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, fyrir spillingu og brot í starfi. Aldísi Hilmarsdóttur, sem var yfirmaður fíkniefnadeildarinnar á þeim tíma sem brotin voru framin og var færð til í starfi vegna málsins, voru á árinu dæmdar 1,5 milljónir í miskabætur vegna þeirrar ákvörðunar.

Annar lögreglumaður fékk 30 daga skilorðsbundinn dóm fyrir að senda konu líflátshótanir í gegnum Snapchat.

Enn einn lögreglumaður fékk dóm fyrir að ganga of hart fram gagnvart gæsluvarðhaldsfanga sem til stóð að leiða fyrir dómara. Maðurinn hafði verið ákærður og gert að sök að hafa ýtt fanganum upp að vegg, skellt honum í gólfið, rekið hnéð í bringu hans og hótað að kýla hann.

nettó

Hér koma bókajólin!



Stúlkan hjá brúnni
4.479 kr.

Fíasól gefst aldrei upp
3.249 kr.

Afmæli hjá Láru
1.253 kr.



Ljóðpundari
2.903 kr.



Silfurlykillinn
3.299 kr.

Sjúklega súr saga
3.054 kr.



Flóra Íslands
11.049 kr.



Beint í ofninn - Heimilismatur og hugmyndir
3.249 kr.



Vísindabók Villa - Truflaðar tilraunir
3.704 kr.

Tilboðin gilda 20. - 23. desember

Valitor stefnir að frekari vexti í Evrópu

Markmið Valitors er að fjölga stórum viðskiptavinum kortafyrirtækisins í Evrópu um meira en þrjátíu prósent á næsta ári. Þetta segir Halldór Bjarkar Lúðvígsson, framkvæmdastjóri Valitors Omni-Channel Solutions, í samtali við danska viðskiptablaðið Dansk Handelsblad.

Starfsmönnum Valitors á skrifstofu félagsins í Kaupmannahöfn verður fjölgað nokkuð, að sögn Halldórs Bjarkars, en nú starfa þar um eitt hundrað manns.

Eins og fram hefur komið áformar Valitor að sameina þrjú dótturfélög sín í Danmörku og Bretlandi undir nafni Valitors um næstu áramót. Eitt félaganna er greiðslumiðlunarfyrirtækið AltaPay sem Valitor keypti í lok árs 2014. Hin tvö eru Chip & Pin og IPS í Bretlandi.

AltaPay velti um 38,6 milljónum danskra króna, jafnvirði 714 milljóna íslenskra króna, í fyrra, að því er segir í frétt Dansk Handelsblad, og jókst veltan um 34 prósent á milli ára.

Í fréttinni kemur jafnframt fram að stjórnendur Valitors hafi í hyggju

Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitors. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

að leggja aukna áherslu á að veita evrópskum smásölum svonefndar „Omnichannel“ greiðslulausnir. Mun skrifstofa kortafyrirtækisins í Kaupmannahöfn leika stórt hlutverk í þeirri vinnu.

Velta samstæðu Valitors var um 20 milljarðar króna í fyrra og þar af var 70 prósent veltunnar erlendur.

Bandaríski fjárfestingarbankinn Citi verður sem kunnugt er ráðgjafi Arion banka við sölu á Valitor, dótturfélagi bankans, en áformað er að selja félagið, að hluta eða í heild, í opnu söluferli á næsta ári. – kij

Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eignast ekki stærri en fimm prósenta hlut

Lífeyrissjóðir munu líklega kaupa hlut í Íslandsbanka og Landsbankanum ef hlutabréf í þeim verða skráð á markað en þeir horfa ekki til þess að eignast stærri en fimm prósenta hlut. Þetta segir Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, í samtali við Bloomberg.

„Það væri ekki gott fyrir lífeyrissjóð að eiga of stóran hlut í banka,“ segir hann. „Við verðum taka með í reikninginn að við keppum við bankana og erum stórir viðskiptavinir þeirra, auk þess sem við erum eigendur í mörgum fyrirtækjum sem eru einnig viðskiptavinir bankanna.“

31%

stjórnenda telur aðstæður í atvinnulífinu góðar.

Starfshópur fjármála- og efnahagsráðherra sem vann hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið taldi æskilegt að stjórnvöld seldu Íslandsbanka í heild eða að hluta til erlends banka. Samhliða væri ástæða til þess að hefja undirbúning að skráningu og sölu á hluta af eignarhlut ríkisins í Landsbankanum.

Haukur segir að íslenskir fjárfestar séu ekki sannfærðir um að margir áhugasamir kaupendur finnist að eignarhlutum ríkisins í Íslandsbanka og Landsbankanum. „Evrópskir bankar hafa ekki beinlínis staðið í röð til þess að kaupa íslenska banka og ég sé það ekki breytast í náinni framtíð,“ nefnir Haukur.

Fram kom í áðurnefndri hvítbók að dreift eignarhald ólíkra áhrifafjárfesta, meðal annars erlends banka, í bland við þátttöku almennings væri ákjósanlegasta fyrirkomulag eignarhalds á bönkunum til framtíðar. Var auk þess bent á að ríkissjóður væri, sem eigandi Íslandsbanka og Landsbankans, með um 300 milljarða króna bundna í eignarhlutum í bankakerfinu. – kij

Verð á olíu hrunið frá í október

Sérfræðingur segir að batnandi birgðastaða á olíu hafi skapað þrýsting á olíuverð. Heimsmarkaðsverð á olíu hefur fallið um 35 prósent frá því í byrjun október. Tíðindin eru jákvæð fyrir íslenskt efnahagslíf.

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is

Verð á Brent-hráolíu hefur undanfarna daga farið undir 60 dali á tunnu og hefur fallið um 35 prósent frá því í október síðastliðnum. Greinendur segja lækkun olíuverðs góð tíðindi fyrir íslenskt atvinnulíf.

„Olíunotkun Íslendinga hefur vaxið töluvert frá árinu 2011. Við notum mikla olíu, aðallega vegna umfangsmikilla millilandaflutninga, og því skiptir lægra olíuverð okkur miklu máli,“ segir Brynjólfur Stefánsson, sérfræðingur í hrávörum hjá Íslandssjóðum.

Elvar Ingi Möller, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka, segir lækkanirnar „kærkomnar“ fyrir íslensku flugfélögin þar sem eldsneytiskostnaður sé ýmist stærsti eða næststærsti einstaki kostnaðarliður flugfélaganna. „Þó að olíuverð hafi lækkað umtalsvert frá hæsta gildi þessa árs hefur það að okkar mati ekki aflétt þrýstingi til hækkunar á flugfargjöldum horft fram á veginn,“ segir hann.

Eftir að hafa náð lágmarki í 27 dölum í byrjun árs 2016 hækkaði heimsmarkaðsverð á olíu nokkuð stöðugt og fór í 86 dali í október á þessu ári. Síðan þá hefur olía hrunið í verði en sem dæmi nemur lækkunin um sex prósentum á síðustu sjö dögum. Á þriðjudag fór verð á Brent-hráolíu niður í 56 dali á tunnu og hefur það ekki verið lægra í um fimmtán mánuði.

Offramboð af olíu, einkum vegna aukinnar framleiðslu í Bandaríkjunum, sem og horfur á minni eftirspurn og hægari vexti í heimsbúskapnum skýra verðfallið að stórum hluta, að mati greinenda sem Financial Times ræddi við.

Aðildarríki OPEC, samtaka olíuframleiðsluríkja, samþykktu fyrr í mánuðinum að draga úr framleiðslu sem nemur um 1,2 milljónum tunna á dag í því augnamiði að stöðva frekari lækkun á olíuverði. Sú skuldbinding hefur enn sem komið er ekki skilað tilætluðum árangri.

Bætt birgðastaða

Brynjólfur bendir á að birgðastaða á olíu, sér í lagi á meðal ríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, hafi batnað umtalsvert undanfarið. Af þeim sökum hafi skapast þrýstingur á olíuverð. Auknar áhyggjur af minni hagvexti í heimshagkerfinu hafi einnig átt þátt í lækkandi olíuverði.

„Eftirspurnin fylgir að mestu heimshagvexti og má því segja að versnandi horfur á mörkuðum skýri lækkanirnar að stóru leyti,“ segir hann.

Brynjólfur nefnir einnig að deilur

Eftir lágmark í 27 dölum í byrjun 2016 hækkaði heimsmarkaðsverð á olíu nokkuð stöðugt og fór í 86 dali nú í október. Síðan þá hefur verðið hrunið. Sem dæmi nemur lækkunin um sex prósentum á síðustu sjö dögum. NORDICPHOTOS/GETTY

Olíuverðslækkanir síðustu vikna eru þó óhjákvæmilega kærkomnar fyrir íslensku flugfélögin þar sem eldsneytiskostnaður er ýmist næststærsti eða stærsti einstaki kostnaðarliður þeirra.

Elvar Ingi Möller, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka

Bandaríkjastjórnar og stjórnvalda í Íran hafi haft töluverð áhrif á þróun olíuverðs síðustu vikur. „Til stóð af hálfu Bandaríkjamanna að setja nokkuð stífar viðskiptaþvinganir á Íran en þegar á hólminn var komið gáfu bandarísk stjórnvöld víðtækari tilslakanir til helstu viðskiptalanda Írans en búist hafði verið við.

Mörg ríki höfðu búið sig undir viðskiptaþvinganirnar og bætt birgðastöðuna. Aðgerðir Bandaríkjastjórnar urðu hins vegar að lokum mun vægari en haldið var í fyrstu með þeim afleiðingum að olíuverð tók að lækka nokkuð skarpt,“ segir Brynjólfur.

Viðskiptastríð Kína og Bandaríkjanna hefur jafnframt átt þátt í lækkun olíuverðs, að sögn Brynjólfs.

„Hrávörumarkaðir hafa að mörgu leyti verið sneggri en hlutabréfamarkaðir að bregðast við versnandi horfum í heimshagkerfinu,“ útskýrir Brynjólfur og bætir við:

„Fjárfestar hafa áhyggjur af viðskiptastríðinu á milli Kína og Bandaríkjanna og óttast einnig að hagvöxtur, og þar með eftirspurn eftir olíu, verði minni á næsta ári.“

Brynjólfur bendir einnig á að nokkur framleiðsluaukning hafi átt sér stað í Bandaríkjunum. Hún útskýri að hluta af hverju framboðið á heimsmarkaði sé ekki eins lítið og áður var áætlað.

„Olíuframleiðendur í Bandaríkjunum hafa aðeins gefið í, ef svo má segja. Það kemur eilítið á óvart hve mikið Bandaríkjamenn framleiða því kostnaður þeirra er töluvert hærri en margra annarra á markaðinum,“ segir Brynjólfur.

Umtalsverð jákvæð áhrif

Olíuverðslækkanir síðustu vikna koma mörgum íslenskum fyrirtækjum vel en stöðugar hækkanir fyrr á árinu bitnuðu hart á rekstri meðal annars flugfélaganna Icelandair og WOW air. Elvar Ingi bendir á að fyrir hverja tíu prósenta lækkun á verði á þotueldsneyti hafi það á bilinu tólf til sextán milljóna dala jákvæð áhrif á afkomu félaganna tveggja á ársgrundvelli.

Þó svo að olíuverð hafi lækkað umtalsvert hefur það að mati Elvars Inga ekki aflétt þrýstingi til hækkunar á flugfargjöldum, sé horft fram á veginn. „Sem dæmi voru flugfargjöld til útlanda samkvæmt mælingum Hagstofunnar hátt í 40 prósent ódýrari nú en í byrjun árs 2015 þegar olíuverð var á svipuðum slóðum og það er núna.

Fjárfestar hafa áhyggjur af viðskiptastríðinu á milli Kína og Bandaríkjanna og óttast einnig að hagvöxtur, og þar með eftirspurn eftir olíu, verði minni á næsta ári.

Brynjólfur Stefánsson, sérfræðingur í hrávörum hjá Íslandssjóðum

Lækkun síðustu vikna hefur því í besta falli létt þrýstingnum, en hvort og hve mikið flugfargjöld munu hækka mun samkeppnin á Atlantshafsmarkaðnum áfram ráða miklu til um,“ segir Elvar Ingi.

Fram hefur komið að gert sé ráð fyrir því að Icelandair og WOW air greiði nærri 500 milljónir dala, sem jafngildir ríflega 60 milljörðum króna, fyrir þotueldsneyti í ár. Er það nálægt fjórðungi af samanlögðum rekstrartekjum félaganna. Í drögum að fjárfestakynningu WOW air frá því síðasta sumar var upplýst um að eins prósents hækkun á verði á þotueldsneyti hefði neikvæð áhrif á afkomu félagsins að fjárhæð 1,6 milljónir dala.

Ólíkt helstu keppinautum sínum í Evrópu, þar á meðal Icelandair, ver WOW air ekki eldsneytiskaup sín fyrir sveiflum í olíuverði.

Meira gaman

NÝJUNG!

Yellies - Hver padda hefur sinn eigin karakter

2.999 kr/stk

Play-Doh kolkrabbi

3.199 kr/stk

Play-Doh ísvél

5.999 kr/stk

Play-Doh hvalur

1.999 kr/stk

Nitro Flashfury Chaos

6.999 kr/stk

NERF Nstrike Infinus

13.999 kr/stk

Transformers Voyager

4.999 kr/stk

Einfalt
að skila og skipta

HAGKAUP

Meira **svona** *alla daga*

Allt fyrir innbakaðar nautalundir

Wellington

198
kr. 270 g

Wewalka Smjördeig
270 g

4.598
kr. kg

Nautalund
Þýskaland, frosin

5.995
kr. kg

ÍN Nautalund
Ísland

798
kr. 400 g

FK Wellington Duxelle
Fylling, 400 g

498
kr. 100 g

Ítölsk Hráskinka
100 g

9.049
ca. 2,6 kg*

***(= 3.480 kr/kg)**

Alls fyrir ca. 2,6 kg
WELLINGTON

* Nautalund þýsk 1,6 kg	**7.357 kr.**
Duxelle fylling 400 g	**798 kr.**
Smjördeig 2x270 g	**396 kr.**
Ítölsk þurrskinka 100 g	**498 kr.**

Verð gildir til og með **24. desember** eða meðan birgðir endast.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Opnunartími

fram að jólum

20. des.	**11:00-19:00**	Fimmtudagur
21. des.	**10:00-21:00**	Föstudagur
22. des.	**10:00-21:00**	Laugardagur
23. des.	**10:00-21:00**	Sunnudagur
24. des.	**10:00-14:00**	Aðfangadagur

JÓLAVÍNBERIN
Beint frá S-Afríku

879
kr. kg

Vínber Græn og rauð
Ný uppskera frá S-Afríku

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Bónus Smáratorgi: Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

Eyðum 16 milljörðum meira í jólavertíðinni

Í fyrra eyddu Íslendingar sem nemur tæplega 50 þúsund krónum á hvert mannsbarn fyrir jólin. Eyðslan eykst. Nóvember og desember engir venjulegir mánuðir.

Sigurður Mikael Jónsson
mikael@frettabladid.is

Hvert ár eyðum við meira en árið áður en aldrei meira en frá síðari hluta nóvember til jóla. Þessir mánuðir voru samanlagt 16 milljörðum króna stærri í fyrra, samanborið við aðra mánuði.

Miðað við jólaveltuna í fyrra eyddi hvert mannsbarn á Íslandi nærri 50 þúsund krónum fyrir jólin, samkvæmt upplýsingum frá Rannsóknarsetri verslunarinnar. Sagan segir að eyðslan verði fjarri því minni í ár.

Óformleg könnun Fréttablaðsins meðal átta manns í Tilverunni í síðustu viku sýndi að fólk ætlaði að meðaltali að eyða um 100 þúsund krónum í jólagjafir fyrir þessi jól.

Það er engum blöðum um það að fletta að kortavelta rýkur upp vikurnar fyrir jól. Það sýna meðal annars opinberar tölur úr Hagvísi Seðlabanka Íslands sem sjá má í töflu hér til hliðar. Hún sýnir þróun greiðslukortaveltu heimila árin 2015-2017. Þróunin er alltaf sú sama. Nær eini munurinn er að útgjöldin aukast með hverju ári en taka síðan undantekningarlaust verulegan nær lóðréttan kipp upp á við um miðjan nóvember til ársloka.

Árni Sverrir Hafsteinsson, forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar, tók saman innlenda kortaveltu í íslenskri verslun í nóvember og desember í fyrra. Séu þeir mánuðir bornir saman við hina mánuði ársins voru nóvember og desember samanlagt 16 milljörðum stærri en ef þeir væru það sem kalla mætti venjulegir mánuðir.

„Ef ég deili því á 350 þúsund íbúa landsins gerir það 47 þúsund krónur á mann eða 234 þúsund fyrir fimm manna fjölskyldu. Þetta inniheldur ekki kortalán né viðskipti með reiðufé," segir Árni Sverrir. Nær örugglega er upphæðin því mun hærri.

Til að setja þessa auknu útgjöld heimilanna í samhengi þá tæki það ríflega 26 þúsund Íslendinga tvo mánuði á lágmarkslaunum að vinna sér inn fyrir þessari auknu eyðslu.

Þrátt fyrir aukna vitundarvakningu um minni sóun, hvort heldur sem kemur að umbúðum eða mat, þá verða alltaf gefnar gjafir, fólk mun alltaf kaupa sér nýja skó, kerti og spil og nýjustu tölur fyrir þessi jól benda til að þróunin verði sú sama í ár.

Rannsóknarsetur verslunarinnar birti fyrr í þessari viku tölur um að velta innlendra greiðslukorta Íslendinga í verslun hefði aukist um 5 prósent í nóvember, samanborið við sama mánuð í fyrra. Í netverslun er þessi aukning 15 prósent og hefur líklega aldrei verið meiri á þessum tíma.

En eins og með svo margt annað þá eru fleiri en ein leið til að gera hlutina. Jólin eru þar engin undantekning. Sumir kjósa að minnka umsvifin, skera niður, eins og Tilveran fjallar um hér í dag.

Greiðslukortavelta heimila



Debet- og kreditkortavelta raunvirt með vísitölu neysluverðs án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með innflutningsveginni meðalgengisvísitölu.

Hvað finnst þér ómissandi um jól?

Fjölskyldan og vinir eru ómissandi um jólin. Allt sem þarf í raun og veru.

Starri

Rjúpan er ómissandi og jólablandan hans pabba, malt og appelsín með svolítilli slettu af Coca-Cola.

Sigurvin

Fjölskyldan er það sem öllu máli skiptir en það að hafa góða bók að lesa á jólunum finnst mér líka alveg ómissandi.

Unnur

47.000 kr.

er upphæðin sem áætla má að hvert mannsbarn á Íslandi eyði fyrir jólin.

Árni Sverrir Hafsteinsson, forstöðumaður RSV.

15%

aukning varð í netverslun í nóvember miðað við sama tíma í fyrra.

Gleðileg jól ekki bundin við hluti, eyðslu og óhóf

Elsa Kristjánsdóttir, rekstrarstýra hjá UN Women, aðhyllist naumhyggjulífsstíl og er það hennar reynsla að meiri eyðsla og dýrari gjafir skili ekki endilega betri jólum. Hún hvetur alla til að íhuga naumhyggju fyrir jól.

„Það er vel hægt að njóta yndislegra jóla án þess að missa stjórn á neyslunni," segir Elsa, sem lifað hefur minimalískum lífsstíl um nokkurt skeið.

Naumhyggjulífsstíllinn tekur vissulega til allra þátta í lífi fólks en líklega er hvergi betra tækifæri til að skera niður í kringum sig, minnka umfang og draga úr útgjöldum, umbúðum og óþarfa en í kringum jólin. Og þeir sem reynt hafa, sjá ekki eftir því.

„Ég hef bæði verið í þeirri stöðu að geta leyft mér ýmislegt um jólin, og líka hinni þar sem hefðbundið íslenskt jólahald var ekki í fjárhagsáætluninni. Í dag leyfi ég mér að hafa jólin eins og ég vil hafa þau, og reynsla mín kennir mér að meiri eyðsla og dýrari gjafir skila ekki betri jólum," segir Elsa.

En fyrir þá sem eru forvitnir um bætta og breytta hætti við jólahaldið, hvað þarf að hafa í huga og hvernig má bera sig að? Góð ráð eru nefnilega ekki jafndýr og jólin.

Endurnýttu jólaskrautið

„Ég man þá tilfinningu að finnast mikilvægt að stílísera jólin; jólaskrautið átti að vera með smekklegu litaþema, sem þýddi að kaupa þurfti nýjar jólakúlur á tréð og nýjar jólaseríur árlega. Núna hef ég ekki keypt jólaskraut í nokkur ár, en luma á tveimur kössum af skrauti í geymslunni sem innihalda samtíning af þemajólatilraunum mínum ásamt gömlu skrauti úr æsku minni. Gervijólatréð hirti ég úr geymslunni á fyrrverandi vinnustað, þar sem átti að henda því. Þessi samtíningur er mikil heimilisprýði yfir jólin og ég sé fram á að þurfa ekki að kaupa jólaskraut í mörg ár."

Upplifun umbúðalaus jólagjöf

Án nokkurs vafa eru jólagjafirnar stærsti útgjaldaliður hvers heimilis fyrir jólin. Fólk með börn og barnabörn gerir ráð fyrir að verja jafnvel 200 þúsund krónum í gjafir. Elsa segir gjafir vissulega stærsta útgjaldaliðinn hjá sér fyrir jólin, en þar sé þó hægt að spara mikið, bæði í krónum og umhverfisáhrifum.

„Að mínu mati eru gjafirnar fyrst og fremst fyrir börnin, og ég gef mínum eigin börnum og frændsystkinum jólagjafir á hverju ári. Síðustu ár hef ég kosið að gefa upplifanir fremur en leikföng. Bíómiðar, gjafakort í trampólíngarð, leikhúsmiðar og sundkort eru dæmi um þær upplifunargjafir sem ég hef gefið. Slíkar gjafir hafa hitt í mark, en eru einnig umhverfisvænar og það besta er að þær breytast ekki í rusl eða geymslumat."

Hvað skal gefa þeim sem á allt?

Elsa segir að í ár gefi þau örfáar fullorðinsgjafir til foreldra og systkina. Þau hafa valið að gefa upplifanir eða gjafabréf. Leikhús- og bíómiðar séu sniðug gjöf fyrir allan aldur.

„Við höfum líklega öll rekið okkur á það að vita ekkert hvað við eigum að gefa einhverjum, því viðkomandi á allt sem þarf, og oftast rúmlega það. Þá er fallegt að gefa til góðgerðarstarfs í nafni viðkomandi, en mörg hjálparsamtök bjóða upp á sérstök jólagjafabréf þessi jólin. Við höfum valið að gefa Vonarneista UN Women til styrktar Róhingjakonum á flótta, en vonarneistinn veitir konum í erfiðum aðstæðum sæmdarsett, sem inniheldur nauðsynjavörur og fæst á unwomen.is."

Elsa kveðst hvetja alla til að hafa naumhyggju í huga í jólaundirbúningnum.

„En fyrst og fremst að njóta jólanna með gleði og kærleik að leiðarljósi."

Elsa Kristjánsdóttir.

Lockitron

- Gamli lykillinn virkar áfram
- Vatns- og vindvarinn
- Með brú (bridge) WiFi & Bluetooth

Lockitron Bolt
Snjalllás

Gerir snjallsímann þinn að öruggum lykli til að opna öðrum þegar þér hentar og hvaðan sem er.

Verð: 39.990 kr.

NUKI

NUKI
Snjalllás

Gerir snjallsímann þinnað öruggum lykli. Fyrir þýskar skrár.

Verð: 46.345 kr.

SpotCam

SpotCam Sense
Eftirlitsmyndavél

- Plug & Play
- WiFi (nettengd)
- Full HD 1080P/2Mp
- 155° sjónarhorn
- Nætursjón
- Hægt að nota með snjallsímum
- 24 klst. upptaka innifalin í verði

Verð: 19.840 kr.

OLYMPIA

Olympia ProHome 8762
Snjall þjófavarnarkerfi

- 1 x ProHome Gateway
- 1 x Smart Tengill
- 4 x hurða/gluggaskynjarar
- 1 x sírena
- 1 x svæðisskynjari
- 1 x fjarstýring.

Mikill fjöldi aukahluta til.
Wi-Fi (nettengt), stjórnað með appi.

Verð: 40.920 kr.

BLAUPUNKT

Q3200 KIT
Snjall þjófavarnarkerfi / Snjallheimili

- RF-Rolling code, mikill fjöldi aukahluta (allt að 50 stk.)
- Zigbee samhæft
- Fáanleg myndavél HD
- Mjög einfalt í uppsetningu Wi-Fi (nettengt)

Verð: 56.110 kr.

Vertu þinn eigin öryggisvörður

Allir vilja koma að híbýlum sínum eins og þeir skildu við þau og tryggja öryggi sitt og sinna sem best. Því er sjálfsagt að grípa til varúðarráðstafana eins og að setja upp þjófavarnarkerfi, eftirlitsmyndavélar og slökkvitæki svo dæmi séu tekin. Margs konar öryggisvörur fást í úrvali hjá Vélum og verkfærum.

OLYMPIA

Olympia 9030
Þráðlaust þjófavarnarkerfi

- Mjög einfalt í uppsetningu/notkun
- Fyrir farsímakort (GSM)
- Hringir í allt að 10 símanúmer
- Allt að 32 stk. skynjarar
- 2 stk. hurða/gluggaskynjarar og fjarstýring fylgir
- Fáanlegir aukahlutir: viðbótarfjarstýringar, glugga/hurða-skynjarar, svæðisskynjarar PIR, reyk- og vatnsskynjarar

Verð: 13.330 kr.

OLYMPIA

Olympia ProHome 8791
Snjall þjófavarnarkerfi

- 1 x ProHome Gateway
- 2 x hurða/gluggaskynjarar
- 1 x sírena
- 1 x svæðisskynjari
- 1 x fjarstýring
- 1 x IP myndavél

Mikill fjöldi aukahluta til,
Wi-Fi (nettengt), stjórnað
með appi.

Verð: 53.320 kr.

BLAUPUNKT

Blaupunkt HOS
1800 STARTER KIT
Eftirlitskerfi

- 2 megapixel á streymi og upptöku, styður Wi-Fi og Ethernet,
- Smart upptaka: skynjari setur sírenu í gang og myndavél tekur sjálfkrafa upp viðkomandi atburð.
- Hægt að bæta við hreyfiskynjurum, Hágæða myndavél með nætursjón, HD 1080p

Verð: 30.969 kr.

BLAUPUNKT

Blaupunkt SA2700
Þráðlaust þjófavarnarkerfi

- Fullkominn GSM hringibúnaður
- Hægt að stjórna með Connect2Home-appi
- Boð send með sms eða tali
- Viðbótarskynjarar og fjöldi aukahluta fáanlegir

Verð: 39.990 kr.

PRÁÁVTÁVA

VÉLAR & VERKFÆRI
Skútuvogi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is

Eru jólin að fara með þig?

Það merkilega er þó hversu erfiðlega okkur gengur að fara eftir þessum einföldu viðmiðum, þá getur myndast kvíði og vanlíðan.

Þessi tími þykir mér einn sá skemmtilegasti á árinu, enda er ég svo heppinn að eiga nær eingöngu góðar minningar um hann. Eftir afmæli mitt í lok nóvember tekur við aðventan, undirbúningur fyrir jólin almennt, skreytingar með jólaljósum, jólalög, hlaðborð og samvera með vinum, samstarfsfélögum og fjölskyldu. Jólin sjálf koma svo með öllu sem þeim tilheyrir, góðum mat, spilamennsku og gjöfum að sjálfsögðu sem búið er að hafa ánægju af að velja, gefa og svo auðvitað þiggja. Lykilorðið hér er þó, jólin koma hversu vel eða illa sem þú ert undir það búin/n.

Fjölskyldan fagnar þriðja í jólum hjá okkur þar sem dóttirin á afmæli, stutt er svo í áramótin sem aftur er tími gleði og fögnuðar í hópi vina og fjölskyldu með tilheyrandi sprengingum og litagleði á himni. Þetta er frábær skemmtun og vildi maður stundum óska þess að þessi tími væri lengri og kæmi oftar. Ég þekki marga sem eru miklu meiri jólabörn en ég og gangast upp í því að bæta um betur ár frá ári bæði hvað varðar skreytingar og svo margt annað.

Ég þekki líka þá sem gefa mikið af sér og hugsa um náungann, lifa í raun samkvæmt orðatiltækinu að „sælla er að gefa en þiggja“. Þetta fólk er ekkert sérstaklega að segja frá slíku, en maður heyrir af því og þakkar í huganum fyrir slíkar hetjur sem þurfa ekki að hreykja sér af því sem vel er gert, þau vita að þetta skiptir máli og nægir að það skuli kæta náungann og gleðja hans hjarta.

Öll getum við gefið af okkur og skiptir ekki máli hversu mikið, hugurinn er það sem telur, enda er ekki markmiðið að það séu peningar eða verðmæti heldur að það komi að gagni og hafi einhverja þýðingu, bæði fyrir þann sem gefur eins og fyrir þann sem þiggur. Það er ekki markmiðið hér að vera með einhverja predikun, ég held bara að þú sem lest þessa grein vitir nákvæmlega um hvað ég er að tala og því þarfnist það lítillar útskýringar. Það merkilega er þó hversu erfiðlega okkur gengur að fara eftir þessum einföldu viðmiðum, þá getur myndast kvíði og vanlíðan.

Hver þekkir ekki hugtakið jólastress? Öll höfum við fundið fyrir slíku á einhverjum tímapunkti, líklega má skýra það með þeim miklu væntingum sem fylgja jólunum og því að þau eiga að vera hátíð ljóss og friðar, fullkomins fjölskyldulífs og hreinna hibýla. Jólunum fylgja hefðir sem helst má ekki breyta, dæmi um það er maturinn, hvar þau eru haldin, hver leikur jólasveininn og deilir út pökkunum og svona mætti lengi telja. Það eru þessir litlu hlutir sem skipta okkur alveg ótrúlega miklu máli og verða að smellpassa svo við séum sátt og okkur líði vel, eða hvað?

Það liggur í hlutarins eðli að ekki eiga allir sömu möguleika á að njóta jóla, því miður. Þar kemur margt til og of langt mál að telja upp öll þau atriði sem geta haft áhrif hér á, hvort sem þau eru fjárhagslegs eða félagslegs eðlis, vegna veikinda eða vinnu. Eitt er þó víst að flest öll ráðum við tilfinningum okkar og getum ákveðið hvernig okkur líður, hvernig við högum okkur og hvernig við horfum á hlutina.

Það er því gríðarlega mikilvægt að vera þakklátur og njóta þess sem maður hefur hverju sinni, gleðjast yfir jólunum og láta sér líða vel og ýta undir vellíðan annarra, það er hinn sanni jólaandi.

Teitur Guðmundsson, læknir

Doktor.is

Undanfarin ár hafa breytingar orðið á verslun á Laugavegi þar sem meira er nú stílað inn á ferðamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Jólavertíðin enn mjög mikilvæg verslunum

Dæmi eru um að verslanir reki sig með tapi allt árið til þess eins að rétta sig af í jólavertíðinni. Eyðslugleði Íslendinga er þrátt fyrir allt verslun hér á landi bráðnauðsynleg.

Það má segja almennt að í gegnum tíðina hefur jólavertíðin, fyrir mjög stóran hluta af versluninni, verið eins og vertíðin hjá sjávarútvegi. Hún hefur skipt öllu máli,“ segir Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, um mikilvægi jólaverslunar í nóvember og desember fyrir fyrirtæki og verslanir hér á landi.

Kortaveltan þessa tvo mánuði segi allt sem segja þarf og sé besti mælikvarðinn á hvernig neyslan dreifist yfir árið.

„Ótrúlega stór hluti af ársveltunni hefur verið í nóvember/desember.“

Þeir sérfræðingar sem Fréttablaðið hefur talað við benda á að í gegnum tíðina hafi gjarnan verið talað um að fyrirtæki sé jafnvel rekið með tapi allt árið þar til jólavertíðin gengur í garð og bjargar því. Andrés segir breytingar hafa orðið á þessu fyrir um fjórum til fimm árum.

„Þegar ferðamennirnir komu svona sterkir inn í hagkerfið og breyttu miklu fyrir íslenska verslun. Ekki síst í miðborg Reykjavíkur þar sem hún hefur tekið algjörum stakkaskiptum. Þú þarft ekki að ganga lengi um miðbæinn til að sjá þær breytingar sem orðið hafa á viðskiptamynstrinu.“ Miklu hafi munað þegar ferðamenn fóru úr hálfri milljón í tvær og hálfa á ári.

Ótrúlega stór hluti af ársveltunni hefur verið í nóvember/desember.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri SVÞ

„Fyrir átta árum stólaði verslunin að stórum hluta á jólavertíðina. Veltan í nóvember og desember réð mjög miklu um afkomu ársins hjá fyrirtækjum og í mörgum tilfellum á það við enn í dag. Mynstrið hefur breyst með ferðamönnunum.“

Sjö hugmyndir að gjöfum sem hressa andann

Nótt á sveitahóteli. Eitt þeirra heitir Fosshótel Jökulsárlón og er fjögurra stjörnu hótel á milli Skaftafells og Jökulsárlóns, tveggja af helstu náttúruperlum Íslands.
Lægsta netverð við athugun blaðamanns var **18.096 kr.** fyrir nóttina.

Áskrift að Föstudagsröðinni í Hörpu. Um er að ræða klukkustundarlanga tónleika í Norðurljósasal Hörpu sem hefjast klukkan sex á föstudögum. Elgar, Beethoven og hressandi samtímatónlist í áhugaverðri blöndu sem allir geta haft gaman af. Nálgast má efniskrá Föstudagsraðarinnar á Spotify.
Verð 4.800 kr.

Menningarkort Reykjavíkur veitir þér aðgang að 14 söfnum víðs vegar um borgina, meira en 50 sýningum og tæplega 200 viðburðum – auk þess sem það gildir sem bókasafnsskírteini.
Verð: 6.000 kr.

Bjóddu í bíó með stæl! Lúxusgjafabréf í lúxussal í Smárabíói er tilvalin gjöf við öll tækifæri. Klassískar bíóveitingar innifaldar.
Verð: 3.490 kr.

Leikhúskort í Þjóðleikhúsið er vegleg gjöf. Fjórar sýningar að eigin vali yfir leikveturinn. Þá fá handhafar Leikhúskortsins afslátt af öðrum leikhúsmiðum og gjafakortum auk þess sem leikhúsið býður gestum upp á umræður með þátttöku listamanna eftir sjöttu sýningu verka.
Verð 17.900 kr.
Vert er að nefna að Þjóðleikhúsið býður líka upp á gjafakort á einstakar sýningar.

Í Borgarleikhúsinu er hægt að velja upphæð gjafakortsins eftir hentisemi. Þar er almennt miðaverð **6.550 kr.** nema á Matthildi **5.900 kr.** og á Ellý **7.500 kr.**

Menningarfélag Akureyrar býður líka upp á gjafakort sem hægt er að nota á alla viðburði í Hofi, Samkomuhúsinu, í hönnunarversluninni Kistu og á veitingastaðnum 1862 Nordic Bistro.
Upphæð gjafakortsins er að eigin vali.

STJÖRNU GRÍS

Hamborgarhryggur

VIÐ MÆLUM MEÐ

UPPSELDUR HJÁ FRAMLEIÐANDA

Starfsfólk Stjörnugríss óskar landsmönnum gleðilegra jóla.

Hamborgarhryggur framleiddur úr sérvöldu grísakjöti frá svínabóndanum á Vallá á Kjalarnesi. Grísinn er fóðrður á soðnu maltbyggi, humlum og öðru úrvalsgóðgæti. Grísinn er í góðu yfirlæti við kjöraðstæður sem gerir kjötið einstaklega meyrt og bragðgott.

Verði þér að góðu.

Þú finnur vörurnar frá Stjörnugrís í öllum betri matvöruverslunum um land allt.

TILVERAN

Ófærð 2 frumsýnd

Önnur sería Ófærðar hefur göngu sína á annan í jólum en fyrstu þættirnir voru frumsýndir í Bíói Paradís í vikunni. Hinrika Kristjánsdóttir og Andri Ólafsson, sem þau Ilmur Kristjándóttir og Ólafur Darri Ólafsson leika, snúa aftur og nú reynir á alla þeirra hæfileika. Fréttablaðið fékk að kíkja á bak við tjöldin og mætti einnig til að kíkja á frumsýninguna þar sem gestir voru prúðbúnir.

Önnur sería Ófærðar hefur göngu sína á annan í jólum.

Bára mætti í réttarsal

Bára Halldórsdóttir, sem kveðst hafa hljóðritað umdeildar samræður sex þingmanna á barnum Klaustri fyrir um fjórum vikum, mætti í Héraðsdóm Reykjavíkur vegna þingfestingar máls fjögurra þingmanna Miðflokksins. Freyja Haraldsdóttir sem taldi að sér vegið í tali þingmannanna, mætti einnig.

Fjölmennt var í héraðsdómi en enginn þingmanna úr Klaustursupptökunum sótti dómþing.

Lögmaður fjórmenninganna, Reimar Snæfells Pétursson, fór einnig fram á að fá myndefni úr eftirlitsmyndavélum sem hann telur geta varpað skýrara ljósi á málið. Hann ítrekaði að mikilvægt væri fá myndefnið hið fyrsta til þess að tryggja tilvist þess. Þannig sé til að mynda hægt að sjá hvernig Bára hafi haldið upptökunni leyndri frá þingmönnunum, hvaða aðferðum hún beitti og hversu sterkur ásetningur hennar var. Hann undirstrikaði mikilvægi þess að fá frekari vitneskju um málið.

Eftir að þingfestingu lauk hvöttu áhorfendur Báru í verki með því að kyrja nafn hennar og klappa.

Báru Halldórsdóttur var hvött áfram í héraðsdómi.

Álagið

Kassakerfi Costco komst í fréttirnar á sunnudag þegar kerfið hrundi í heilan fótboltaleik eða 90 mínútur. Eðlilega mynduðust langar raðir sem þveruðu vöruhúsið stóra og náðu frá kössunum aftur að kælunum í hinum endanum. Að sögn viðstaddra ákváðu margir að hverfa frá meðan kerfið lá niðri.

Engilbert Arnar Friðþjófsson, sem var staddur á matsölustaðnum í versluninni, fylgdist með gangi mála en hann er forsprakki Facebookhópsins CostcoGleði. „Þau leystu þetta bara mjög vel og voru mjög almennileg. Þau voru að gefa fólki kökur, djús, Prins Póló og möffins," sagði Engilbert í samtali við Fréttablaðið.



Vikan

Sjálfur Jose Mourinho yfirgaf Old Trafford, eitt glæsilegasta hús landsins er nú innpakkað þar sem ferðaþjónustuforkólfur hefur ekki leyfi fyrir breytingum og kassakerfi Costco réð ekki við íslenska jólaös. Þetta er meðal frétta vikunnar rétt áður en jólagleðin verður hringd inn.

Framkvæmdir stopp í innpökkuðu glæsihúsi

Framkvæmdir við hið fræga glæsihýsi við Fjölnisveg 11 hafa verið stöðvaðar þar sem breytingar sem stendur til að gera á því eru enn í grenndarkynningu og því ósamþykktar. Húsið, sem verið hefur í eigu margra þekktustu athafna- og auðmanna landsins undanfarin ár, hefur vakið athygli vegfarenda að undanförnu enda hefur því verið pakkað kirfilega inn. Húsið eignaðist Ingólfur Shahin, eigandi bókunarfyrirtækisins Guide to Iceland, sem skilað hefur ríkulegum hagnaði. Jón Þór Þorvaldsson, arkitekt og titlaður hönnunarstjóri verksins, segir að framkvæmdir innanhúss hafi leitt í ljós að flestir innveggir hafi verið óeinangraðir og afar hljóðbært milli veggja. Skipta þarf um þak og koma fyrir steinflísum sem fluttar eru inn frá Póllandi líkt og vinnuaflið í húsinu. Og til að reyna að nýta verkamennina sem komnir eru hingað til lands á launum ákvað Ingólfur að setja framkvæmdirnar í gang við að laga þakið. „Til að geta unnið þetta svona seint á árinu ákváðu þeir að pakka húsinu inn. Ég hafði aldrei séð svona. En þarna inni er allt annað hitastig og fín vinnuaðstaða," segir Jón Þór um innpökkunina.

Íbúðarhúsinu á Fjölnisvegi 11 var pakkað kirfilega inn.

Komið að leiðarlokum

Það kom fáum á óvart að José Mourinho yfirgæfi Manchester United.

Mourinho hefur tekist að gera Manchester-liðið frekar óáhugavert. Liðið spilar svo leiðinlegan fótbolta að jafnvel hörðustu stuðningsmenn gerðu eitthvað allt annað en að horfa á það spila við Liverpool, erkifjendurna. Sá leikur tapaðist eftirminnilega og var því yfirmönnum Mourinhos ljóst að hann gæti ekki snúið gengi liðsins við. Sá portúgalski skilur félagið eftir í vandræðum, nær botni deildarinnar en efstu sætum.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Mourinho tekst ekki að festa sig í sessi til lengri tíma. Í þetta skipti var hann 935 daga í starfi. Hann byrjaði hins vegar með krafti og unnust þrír titlar á fyrsta árinu. En slakt gengi undanfarna mánuði, deilur við leikmenn og stjórnina leiddu til brottreksturs. Þegar rýnt er í tölfræðina sést bersýnilega að það þurfti að grípa til aðgerða.

Stigasöfnunin eftir 17 leiki er sú versta í 28 ár og varnarleikurinn sem hefur verið aðalsmerki liða Mourinhos hefur verið hriplekur. Norski markahrókurinn Ole Gunnar Solskjaer mun taka við út tímabilið á meðan stjórnin finnur langtímalausn.

Fasteign vikunnar

úr Fasteignablaði Fréttablaðsins

Falleg, björt og vel skipulögð 120 fermetra íbúð á tveimur hæðum við Mýrargötu 29, í 101 Reykjavík. Aukin lofthæð er í hluta eignarinnar, þrefalt gler og aukin hljóðeinangrun. Gengið er upp á efri hæð íbúðarinnar um fallegan, teppalagðan stiga þar sem hægt er að ganga út á svalirnar, sem eru um 12 fermetrar að stærð. Tvö baðerbergi eru í eigninni. Tvö svefnherbergi eru á efri hæð íbúðarinnar.

PIER

Opið til kl. 22 í kvöld

LYDIE hliðarborð
~~49.900,-~~ 37.425,-

LUNEVILLE hliðarborð
~~39.900,-~~ 29.925,-

25%
afsláttur af
húsgögnum

PORTLAND sófi
~~79.900,-~~ 59.925,-

PAPLE sófaborð, 2 stærðir
~~49.900,-~~ 37.425,- og ~~42.900,-~~ 32.175,-

Sértilboð, hnífapör 4.990,-
16 stk í kassa

30%
AFSLÁTTUR
AF KERTUM

25% afsláttur
af öllum púðum!

25%
AFSLÁTTUR
AF HNÖTTUM

Frábært úval ilmkerta,
ædisleg gjöf!

www.pier.is

SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS

*Tilboð gildir 19. desember - 26. desember

*'Gildir ekki með öðrum tilboðum

FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

Án iðrunar

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Þegar minnst er á Klausturmálið alræmda í fréttum, og það er sannarlega gert ansi oft þessa dagana, er iðulega nefnd hugsanleg málsókn fjögurra þingmanna Miðflokksins gegn Báru Halldórsdóttur, konu sem er öryrki. Það að þingmennirnir skuli íhuga alvarlega að fara í mál við öryrkja og leggi kapp á að hann sæti refsingu og greiði þeim miskabætur bendir sannarlega ekki til þess að mikil iðrun ríki í huga þeirra. Ekki verður annað séð en að þingmennirnir séu forhertir og neiti staðfastlega að horfast í augu við eigin gjörðir. Ljóst er að þeim finnst þeir hafa verið beittir miklum órétti og telja að ráðist hafi verið að æru þeirra með því að hljóðrita subbuleg fylliríssamtöl þeirra. Í bréfi lögmanns þeirra, Reimars Pétursson hæstaréttarlögmanns, segir að aðgerðin hafi falið í sér „saknæma og ólögmæta meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu“ þeirra.

Enginn þvingaði þingmennina til að hella sig fulla á vinnutíma Alþingis. Það var þeirra ákvörðun. Það er vissulega óheppilegt fyrir þá að viðbjóðurinn sem þeir létu út úr sér hafi verið opinberaður, en þeir geta ekki vikið sér undan ábyrgð. Þingmenn þjóðarinnar eiga ekki að klæmast og spýta út úr sér sora á opinberum stöðum. Geri þeir slíkt verða þeir að líta í eigin barm og íhuga stöðu sína mjög alvarlega. Því miður virðist þessum þingmönnum gjörsamlega fyrirmunað að gera það. Þeir hafa fundið þann seka, öryrkjann Báru Halldórsdóttur, og beina spjótum sínum að henni. Reynar virðast þeir um leið telja hana með í einhvers konar samsæri illa þenkjandi pólitískra andstæðinga, jafn fjarstæðukennt og það nú hljómar.

Í stað þess að viðurkenna forkastanlegt tal sitt á bar benda þingmennirnir á Báru sem þeir segja að hafi brotið á rétti þeirra. Þeir telja sig vera að beina athygli almennings frá sér en svo er alls ekki. Ef þingmenn gera alvöru úr því að draga öryrkja fyrir dóm er það ekki einungis fréttaefni hér á landi heldur víða um heim. Þingmennirnir treysta á það að dómstólar muni dæma upptökuna ólöglega, og vel má vera að það verði niðurstaðan. Það myndi þó ekki breyta neinu um það að skömmin er þingmannanna og þjóðin mun ekki láta þá gleyma því. Besta leiðin til að gera Báru Halldórsdóttur að enn meiri þjóðhetju en hún er þegar orðin er að þingmennirnir dragi hana fyrir dóm. Þjóðin mun fylkja sér um hana og víst er að efnt verður til söfnunar til að greiða kostnað eða sektir sem hún þarf að bera. Þingmennirnir munu standa eftir á berangri, ærulausir.

Öllum verður á í lífinu. Ekki allir, en sem betur fer ansi margir, læra af því og iðrast innilega. Ekki verður séð að þessir þingmenn geri það. Þeir virðast ætla að halda dauðahaldi í lagabókstaf og vonast til að fá dómstóla í lið með sér. Jafnvel þótt það takist mun það ekki duga til að þeim hlotnist náð fyrir augum þjóðarinnar. Þingmennir hafa fallið á siðferðisprófinu, ekki einu sinni heldur ítrekað. En þeir sjá það ekki og einmitt í því er fall þeirra fólgið.

Ef þingmenn gera alvöru úr því að draga öryrkja fyrir dóm er það ekki einungis fréttaefni hér á landi heldur víða um heim.

Halldór

Frá degi til dags

Flateyjarráðgáta

Sjónvarpsþættirnir Flateyjargátan runnu sitt skeið á RÚV nýlega án þess að gera sérstaka lukku. Leikararnir virkuðu ráðvilltir og endurtekningar og stagl bentu til þess að leikstjórinn væri álíka ringlaður. Þær gleðifréttir að handrit þáttanna hafi verið tilnefnt til Nordisk Film- og TV Fond-verðlaunanna á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Gautaborg í ár, fyrir besta handritið í flokki sjónvarpsþáttaraða á Norðurlöndum, koma því eins og þruma úr heiðskíru lofti og eru hálfgerð Flateyjarráðgáta.

Eða þannig …

Flateyjargáta var vitaskuld rædd á Facebook og þar má segja að þættirnir hafi lent í ófærð, ef ekki beinlínis blindbyl, en þar var fólk með „kjánahroll“ yfir leiknum, býsnaðist yfir lélegu handriti, þættirnir ábyggilega sagðir „finir fyrir þolinmótt fólk“ en hljóðsetningin væri slæm. Huggun harmi gegn væri að „lopapeysurnar eru voða finar“. Leikhúsrýnirinn Jón Viðar Jónsson afgreiddi þættina ágætlega þegar hann sagði að eftir að hafa „horft upp á þennan gjörning eða hvað á að kalla þetta sem fólk var að fremja þarna á sviði Hörpu til heiðurs Danadrottningu – ja, þá held ég bara mér finnist Flateyjargátan hreint ekki svo afleit. – Eða þannig.“

thorarinn@frettabladid.is

Lögbrot í skjóli hins opinbera

Árni Finnsson
formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands

Meira en hálft ár er nú liðið frá því laxeldisfyrirtækið Arnarlax hóf meðvitað að brjóta gegn skilyrðum starfsleyfis fyrir sjókvíaeldi sem það starfrækir í Arnarfirði. Þær stofnanir sem eiga að hafa eftirlit með starfseminni vita af brotinu en aðhafast þó ekkert af ástæðum sem ekki hafa verið skýrðar.

Samkvæmt þeim skilyrðum sem sett voru í starfsleyfi fyrir Arnarlax ber að hvíla eldissvæði við Hringdal í Arnarfirði í að lágmarki sex til átta mánuði áður en ný kynslóð af eldislaxi er sett út í sjókvíar á svæðinu.

Með hvíldinni fengi umhverfið tíma til að ná jafnvægi áður en næsti skammtur af botnfalli og annarri mengun frá hundruðum þúsunda fiska bætist við það sem fyrir er.

Arnarlax hafði þessi skilyrði að engu og setti út fisk í kvíar á svæðinu í byrjun júní, aðeins þremur mánuðum eftir að slátrað hafði verið fiski upp úr kvíum þar.

Rétt er að taka fram að starfsleyfi fyrirtækisins er gefið út meðal annars á forsendum umhverfismats sem það lét sjálft gera, en þar kemur fram að hvíla þurfi eldissvæði í umræddan tíma.

Umhverfisstofnun staðfesti þann 19. júní sl. að um frávik væri að ræða og krafði Arnarlax um úrbætur. Fyrirtækið hafði þá krófu hins vegar að engu. Þann 16. júlí boðaði Umhverfisstofnun því að það yrði áminnt. Viðbrögð Arnalax voru þá að óska eftir undanþágu til umhverfisráðuneytisins.

Síðan hefur ekkert gerst nema hvað Umhverfisstofnun sendi umsögn til ráðuneytisins í september þar sem lagst er gegn því að Arnarlax fái undanþágu.

Afar sérstakt er að Umhverfisstofnun aðhafist ekkert á meðan undanþágubeiðnin er til meðhöndlunar því ekkert í lögum um mat á umhverfisáhrifum segir að ráðuneytinu sé heimilt að veita hana.

Vinnubrögð ráðuneytisins eru að sama skapi illskiljanleg en undanþágubeiðnin hefur nú legið þar óafgreidd í fimm mánuði. Á meðan geldur umhverfið fyrir.

Furðu vekur að þessi starfsemi virði ekki þau skilyrði sem henni eru sett í starfsleyfi. Enn furðulegra er að Umhverfisstofnun og ráðuneyti málaflokksins skuli ekki tryggja að þau skilyrði séu virt.

Afar sérstakt er að Umhverfisstofnun aðhafist ekkert á meðan undanþágubeiðnin er til meðhöndlunar því ekkert í lögum um mat á umhverfisáhrifum segir að ráðuneytinu sé heimilt að veita hana.

Sýningarsalir:
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330

Bílabúð Benna

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Við Paul

Í DAG

Þorvaldur Gylfason

Reykjavík – Fundum okkar Pauls McCartney bar fyrst saman haustið 1971 eins og ég lýsti hér á þessum stað í vetur leið (Minning frá Manchester, 15. febrúar 2018). Hann kom í mötuneyti okkar stúdentanna í Manchester án þess að gera boð á undan sér. Hann spurði hvort þau mættu syngja og spila fyrir okkur í hádeginu, þau voru þrjú eða fjögur saman. Sumir matargestanna litu varla upp.

Nýgild og nákvæm tónlist

Bítlarnir voru þá nýskildir að skiptum. Margir kenndu Paul um skilnaðinn (hann ber sökina af sér) og sýndu nýja bandinu hans, það hét Wings, lítinn áhuga líkt og börn nýskilinna hjóna eiga það til að taka nýjum fósturforeldrum fálega. John Lennon gerði gys að fyrstu plötu Pauls eftir skilnaðinn. Þeir fornvinirnir sættust síðar. Paul minnist fallins félaga síns oft og með mikilli hlýju, samdi fallegan minningarsöng um hann og flytur stundum lögin hans á tónleikum.

Ég kynntist tónlist þeirra félaga fyrir fermingu líkt og flestir jafnaldrar mínir og hef fylgzt með henni síðan. Paul var og er minn maður í bransanum, nánar tiltekið í því sem Jakob Frímann Magnússon kallar nýgilda tónlist til aðgreiningar frá sígildri tónlist en hana vildi Leonard Bernstein heldur kalla nákvæma tónlist af því að hún er skrifuð niður tón fyrir tón. Paul kann hvorki að lesa né skrifa nótur. Það er ekkert sérlega sígilt við sígilda tónlist, sumt af henni gengur úr sér eins og annað, sagði Bernstein sem hefði orðið 100 ára í ár.

Samvizka eða súkkulaði?

Á unglingsárum mínum mátti með nokkurri einföldun skipta ungu fólki í tvo flokka, þau sem tóku Bítlana fram yfir Rolling Stones og hin. Fyrri flokknum mátti svo aftur skipta í tvo undirflokka, þau sem tóku John fram yfir Paul og okkur hin. Ég tilheyrði sem sagt flokki 1B. Flokkarnir töluðust við. Ég gaf Gesti Guðmundssyni, nú prófessor í félagsfræði, plötunar mínar með Rolling Stones. Hann átti löngu síðar eftir að rita Rokksögu Íslands.

Þau sem voru í flokki 1A virtust sum líta á John sem samvizku heimsins; hinn var bara súkkulaði, sögðu þau sum, og áttu þá við útlitið, málflutninginn og músíkina. Þau tóku ekki eftir því, og það gerði ég ekki heldur fyrr en nýlega, að þegar bandarískir blaðamenn spurðu Bítlana nýkomna til Bandaríkjanna 1964 hvað þeim fyndist um stríðsrekstur Bandaríkjamanna í Víetnam, þá var það ekki John heldur Paul sem tók af skarið og sagðist vera andvígur stríðinu. Bandarískir mótmælasöngvarar stigu um líkt leyti fram af fullum þunga – Bob Dylan, Joan Baez, Peter, Paul og Mary o.fl. – og beittu sér gegn Víetnamstríðinu líkt og þau studdu réttindabaráttu blökkumanna. Nokkru síðar samdi Paul lagið Blackbird til stuðnings blökkumönnum. Hann er grænmetisæta. Hann segir: Ef sláturhús hefðu glerveggi værum við öll grænmetisætur.

600 sönglög

Við vorum á ferð um Suðurland hjónin fyrir mörgum árum, komum á Hvolsvöll undir kvöld og sáum þar handskrifað skilti neglt á ljósastaur: Hljómar skemmta í kvöld, húsið opnar kl. 11. Við vorum mest hissa á því hvað þeir ætluðu sér að vaka, menn á miðjum aldri.

Paul McCartney þeysist nú um heiminn ásamt félögum sínum til að halda 34 tónleika á 30 stöðum í 13 löndum. Við heyrðum hann í Vín í byrjun desember. Hvort hann gat vakað! Hann er 76 ára, söng 36 lög af lífs og sálar kröftum á þrem klukkustundum og dró hvergi af sér tvö kvöld í röð. Hann þarf ekki á þessu flandri að halda. Hann er ríkasti tónlistarmaður Bretlandseyja, þrisvar til fjórum sinnum ríkari en Mick Jagger og Ringo Starr. Hann er skráður höfundur tæplega 600 sönglaga. Franz Schubert er til samanburðar skráður höfundur 1.500 tónverka, þ.m.t. um 600 sönglög, og hann féll frá á 32. aldursári.

Frá Rauða torginu til Grand Central Station

Paul McCartney hélt fyrstur manna rokktónleika á Rauða torginu í Moskvu. Til hans að tjaldabaki kom einn ráðherrann í ríkisstjórninni í Kreml eftir konsertinn og sagði: Þakka þér fyrir. Við lærðum ensku með því að hlusta á bítlaplöturnar. Hann hefði getað bætt því við að þær voru bannaðar á valdatíma kommúnista, menn þurftu að smygla þeim milli kjallara til að komast í þær.

Fyrir fáeinum vikum gerðist það á Grand Central Station á miðri Manhattan-eyju í New York að glaðlegur maður bankaði í hljóðnema og sagði við fólksmergðina á stöðinni líkt og okkur stúdentana í Manchester forðum: Ég heiti Paul McCartney. Megum við félagarnir taka fyrir ykkur nokkur lög? – m.a. af nýju plötunni okkar, Egypt Station. Hófst svo söngurinn. Diskurinn fær góða dóma og selst vel. Mér finnst hann finn.

BOSCH
Blandari
MMB 42G0B

700 W. Einstaklega hljóðlátur. „Thermo-safe" gler sem þolir heita og kalda drykki.

Jólaverð:
12.900 kr.
Fullt verð: 17.500 kr

BOSCH
Handþeytari
MFQ 22100

375 W. Fjórar hraðastillingar og ein púlsstilling. Hrærispaðar og hnoðkrókar fylgja með.

Jólaverð:
5.500 kr.
Fullt verð: 7.300 kr.

BOSCH
Töfrasproti
MSM 66150

600 W. Hljóðlátur og laus við titring. Skál með loki, þeytari og hakkari fylgja með.

Jólaverð:
8.900 kr.
Fullt verð: 12.900 kr.

SIEMENS
Þvottavél
WM 14W768DN, iQ700

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótor með 10 ára ábyrgð. Sérkerfi eru meðal annars: Útifatnaður, skyrtur, mjög stutt kerfi (15 mín.), „sensoFresh" o.fl. „sensoFresh": Virkar eins og þurrhreinsun. Notar hvorki vatn né sápu.

Jólaverð:
133.900 kr.
Fullt verð: 174.900 kr.

SIEMENS
Uppþvottavél
SN 436W01MS, iQ300

14 manna. Sex kerfi, þar á meðal hraðkerfi á 60° C. Þrjú sérkerfi, meðal annars tímastytting. Hnífaparasküffa. Hljóð: 44 dB.

Jólaverð:
92.900 kr.
Fullt verð: 119.900 kr.

Orfeus Hangandi ljós
15728-25

Jólaverð:
15.900 kr.
Fullt verð: 19.900 kr.

Framúrskarandi fyrirtæki

Afgreiðslutímar:
Opið virka daga frá kl. 8.30 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

Auk þess gildir:
Sunnud. 23. des.: kl. 13 - 16.
Mánud. 24. des.: kl. 8.30 - 12.

Öll tilboð gilda út desember 2018 eða meðan birgðir endast.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Hræsni.is

Ólafur Arnarson
hagfræðingur og rithöfundur

Við Íslendingar getum ekki kvartað undan því að ekki hafi verið fjallað nógu mikið um Panamaskjölin hér á landi. Líkast til hefur vefmiðillinn Kjarninn fjallað oftar um þau, og marga þá Íslendinga sem þar birtust, en nokkur annar innlendur fjölmiðill. Einatt hefur verið gefið skýrt til kynna að þeir, sem fjallað var um í Panamaskjölunum, hafi stundað ólögmæt og/eða ósiðleg viðskipti. Vandlætingin gagnvart sjálfstæðismönnum, sem í skjölunum var að finna, hefur umvafið hvert orð Kjarnans um þá.

Minna hefur farið fyrir hneykslan og dómhörku í garð þess manns, sem virðist hafa vafið utan um sig flóknasta vef eignarhaldsfélaga, sem nokkur Íslendingur hefur sett upp, og er þá til nokkurs jafnað. Sá reyndist vera einn stærsti hluthafi Kjarnans auk þess að gegna trúnaðarstörfum fyrir Samfylkinguna. Tæpast hefur tilgangur þess flókna eignarhalds verið að spara kostnað við utanumhald um fjárfestingar þessa eiganda Kjarnans, þar sem ófáir lögmenn, endurskoðendur og bankastarfsmenn í mörgum löndum hafa þurft að koma að uppsetningu og rekstri hins flókna nets eignarhaldsfélaga. En hver var tilgangurinn þá? Við því fáum við varla svör, alla vega ekki í Kjarnanum, þar sem á þeim bæ virðist áhuginn á naflaskoðun minni en enginn. Bögnin er ærandi.

Nýlega mætti Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans, í sjónvarpsviðtal til að kynna nýútgefna bók sína um Kaupþing. Um hana hefur Brynjar Níelsson alþingismaður fjallað ágætlega. Bókinni gaf hann falleinkunn vegna yfirborðskenndrar og einhliða umfjöllunar. Við lestur bókarinnar vekur sérstaka athygli hve gríðarlega ánægður höfundurinn er með sjálfan sig. Sjálfumgleðin er samt fremur illskiljanleg því seint verður bókin sögð fagmannlega unnin. Í henni er ekki ein einasta neðanmálsgrein, auk þess sem í henni er hvorki að finna heimilda- né nafnaskrá, sem hlýtur að vera lágmarkskrafa til bóka af þessu tagi. Ætla má að gerðar séu ríkari kröfur til heimilda við ritgerðarsmíð í yngri bekkjum grunnskóla en ritstjóri Kjarnans og útgefandi hans gera til bókarinnar.

Ritstjórinn og bókarhöfundurinn hefur raunar ritað ófáa pistlana til að upphefja þá blaðamennsku, sem er stunduð á Kjarnanum, og dásama hve mikilvægur miðillinn sé íslensku samfélagi, sem boðberi sannleika og kyndilberi heiðarleika. Ekki hefur hann veigrað sér við að sá tortryggni í garð annarra veffjölmiðla, eins og nýleg ummæli hans um nýjan vef Björns Inga Hrafnssonar, viljinn.is, eru skýrt dæmi um. Lét hann að því liggja að eitthvað annað lægi að baki miðli Björns Inga en heiðarleiki og viljinn til þess að upplýsa almenning.

Hver er sannleikurinn?

En þolir ritstjórinn sjálfur, að virðing hans fyrir sannleikanum og mikilvægi þess að upplýsa almenning sé skoðuð til hlítar? Í fyrrnefndu sjónvarpsviðtali tjáði hann spyrjandanum og alþjóð, að sláandi hefði verið við Al Thani viðskiptin að Kaupþingsmenn hefðu nýtt lausa fjármuni í erlendum gjaldmiðli, sem Al Thani hafði til ráðstöfunar, og selt fyrir íslenskar krónur á afar háu gengi. Með þeim „snúningi“ hefði Kaupþingsmönnum tekist að forða Al Thani frá sjálfskuldarábyrgð sinni. Vegna fjölskyldu- og vináttubanda við Hreiðar Má Sigurðsson, fyrrum forstjóra Kaupþings, fylgdist ég vel með rekstri Al Thani málsins og mætti m.a. oft í dómssal án þess að sjá Þórð Snæ þar nokkru sinni. Og hver er sannleikurinn í þessu máli – sannleikurinn sem sannleikselskandi og heiðarlegur rannsóknarblaðamaður skyldi ávallt leita? Jú, staðreyndin er sú, að stjórnendur Kaupþings bentu sérstökum saksóknara á það strax í fyrstu yfirheyrslum vegna málsins, að nákvæmlega þessi viðskipti þyrfti að skoða vandlega. Og hvers vegna kom þessi ábending frá stjórnendum Kaupþings? Það var einfaldlega vegna þess, að viðskiptin voru ekki framkvæmd með vilja eða samþykki stjórnenda Kaupþings heldur af starfsmanni bankans, án vitundar eða vilja stjórnenda hans.

Við lestur bókarinnar vekur sérstaka athygli hve gríðarlega ánægður höfundurinn er með sjálfan sig. Sjálfumgleðin er samt fremur illskiljanleg því seint verður bókin sögð fagmannlega unnin.

Þessi starfsmaður var fyrsti bankamaðurinn sem sérstakur saksóknari handtók vegna rannsóknar á Kaupþingi. Hann átti síðar eftir að snúa framburði sínum í 180 gráður í Al Thani málinu og varpa sök af eigin gerðum á stjórnendur Kaupþings til að koma sér undan ákæru vegna meintra innherjasvika, en upplýst er að hann seldi eigin hlutabréf í Kaupþingi á lokaðögum bankans á almennum verðbréfamarkaði þegar hann gerði sér grein fyrir erfiðri lausafjárstöðu bankans. Skýrari verða vart innherjasvik. En, þarna hefði sannleikurinn vitanlega skemmt góða sögu og getað dregið úr sölu bókarinnar. Virðingin fyrir sannleikanum virðist ekki meiri en svo, að vísvitandi blekkingum er beitt til að auglýsa bók og auka sölu á henni – bók sem tæpast þætti boðleg sem heimildaritgerð í grunnskóla.

Þriðja dæmið um sannleiksást Kjarnamanna, og einbeittan vilja þeirra til að upplýsa almenning af fullkomnum heiðarleika, er hvernig tekið var á kynferðisbroti á ritstjórnarskrifstofum Kjarnans nú í sumar. Á vefsíðunni hafa birst ófáar greinar um jafnrétti og mikilvægi #metoo byltingarinnar. Hneykslun og yfirlætisleg umfjöllun um ömurlega og lágkúrulega pólitík á Íslandi hefur verið áberandi. Umfjöllun Kjarnans um Klaustursmálið hefur verið afdráttarlaus og harkaleg í garð þeirra þingmanna, sem heyrast á upptökum frá kvöldi 20. nóvember. Það er í sjálfu sér allt í lagi, þar sem orðhákar þess kvölds verðskulda engin háttvísisverðlaun.

Viðbrögðin

En hver voru viðbrögðin þegar fyrrverandi eigandi og stjórnarmaður Kjarnans, og alþingismaður Samfylkingarinnar, braut kynferðislega gegn ungum blaðamanni vefsíðunnar í gleðskap inni á ritstjórnarskrifstofum fjölmiðilsins? Jú, þöggun. Lesendur voru ekki upplýstir, lögreglan var ekki upplýst, en málið var sent á nýstofnaða „trúnaðarnefnd“ Samfylkingarinnar, sem í orði kveðnu er óháð flokknum og einstaklingum innan hans, en er samt eingöngu skipuð fólki, sem gegnt hefur trúnaðarstörfum fyrir flokkinn. Í marga mánuði þagði Kjarninn um alvarlega háttsemi þingmannsins og vart þarf að efast um að ærandi þögnin bergmálaði enn ef ekki hefði verið fyrir Klaustursmálið. Vafasamt er, að til séu augljósari dæmi um skinhelgi og hræsni fjölmiðils. Lénið hraesni.is ku vera laust – eitthvað til umhugsunar fyrir forráðamenn Kjarnans.

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

JAGUAR LAND ROVER

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6

LAND ROVER Discovery 5 SE
Nýskr. 11/2017, ekinn 54 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 10.500.000 kr.
Rnr. 145504.

RANGE ROVER Sport HSE
Nýskr. 6/2017, ekinn 30 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 11.500.000 kr.
Rnr. 103773.

RANGE ROVER Evoque HSE Dynamic
Nýskr. 2/2016, ekinn 40 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 6.990.000 kr.
Rnr. 103733.

LAND ROVER Discovery Sport HSE
Nýskr. 4/2016, ekinn 30 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 6.890.000 kr.
Rnr. 103786.

LAND ROVER Discovery 5 TD6 HSE Luxury
Nýskr. 2/2018, ekinn 9 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 15.890.000 kr.
Rnr.103826.

RANGE ROVER Evoque Autobiography
Nýskr. 1/2017, ekinn 21 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 7.990.000 kr.
Rnr. 450002.

LAND ROVER Discovery Sport SE.
Nýskr. 8/2016, ekinn 22 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 5.990.000. kr.
Rnr. 103736.

LAND ROVER Discovery 4 SE
Nýskr. 9/2015, ekinn 140 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 6.690.000 kr.
Rnr. 145505.

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla.
Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

ENNEMM / SÍA / NM 91357

nettó

Bókaðu tíma fyrir gleðina



Aron - Sagan mín
4.409 kr.

Orri óstöðvandi
2.479 kr.

Korkusögur
1.855 kr.



Úlfar og kokkarnir á Frökkunum
3.349 kr.

Miðnæturgengið
2.744 kr.

Píla fer á flug
1.919 kr.

Steindi í orlofi
3.779 kr.

Íslensk knattspyrna 2018
4.879 kr.

Hvítabirnir á Íslandi
4.879 kr.



Ilmkjarnaolíur
3.299 kr.

Tilboðin gilda 20. - 23. desember

Fara sigurreifar í jólafrí

Valur sótti sigur í Garðabæinn í Domino's-deild kvenna í gær og vann 73-84 sigur á Stjörnunni. Valskonur hafa unnið þrjá deildarleiki í röð og fjóra af síðustu fimm leikjum sínum. Með sigrinum í gær fór Valur upp fyrir Stjörnuna og í 4. sæti deildarinnar sem er nú komin í jólafrí. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nokkur spurningarmerki í þessum hóp vegna meiðsla

Rúmar þrjár vikur eru í að Ísland hefji leik á heimsmeistaramótinu í handbolta karla. Liðið mætir þá Króatíu í fyrsta leik sínum á mótinu. Mynd er að komast á hverjir muni skipa hópinn.

HANDBOLTI Guðmundur Þórður Guðmundsson skar niður þann 28 leikmanna hóp, sem hann hefur skráð sem mögulega leikmenn fyrir Íslands hönd á heimsmeistaramótinu í handbolta karla sem fram fer í janúar, í 20 leikmanna æfingahóp. Guðmundur segir að taka þurfi stöðuna á þremur leikmönnum liðsins hvað meiðsli varðar og erfiðast hafi verið að velja þá tvo leikmenn sem skipa munu stöðu vinstri hornamanns að þessu sinni.

„Mesti hausverkurinn var klárlega að velja þá tvo leikmenn sem við ætluðum að hafa í vinstra horninu. Það var einkar erfitt að ákveða það að skilja Bjarka Má Elísson eftir og það var erfitt að tilkynna honum þá ákvörðun. Mér fannst hins vegar betra að taka þessa ákvörðun strax í stað þess að láta þá mæta til æfinga og bítast um stöðuna. Það sama á við um hægra hornið og markmannsstöðuna," segir hann um valið.

„Svo erum við að ganga í gegnum kynslóðaskipti og það er mikil uppstokkun í liðinu. Það tók nokkurn tíma að finna út hvernig best væri að hafa hópinn. Gísli Þorgeir Kristjánsson, Haukur Þrastarson og Rúnar Kárason hafa verið að glíma við meiðsli undanfarið og við munum nota æfingarnar á komandi dögum og leikina milli jóla og nýárs til þess að meta stöðuna á þeim. Ég hef verið í töluverðum samskiptum við Alfreð Gíslason [þjálfara Kiel] um Gísla Þorgeir og hann hefur tjáð mér að málin séu í góðum farvegi hjá Gísla," segir Guðmundur um stöðuna á hópnum.

„Við höfum stuttan tíma til þess að undirbúa liðið og það bætir svo sannarlega ekki úr skák hversu seint deildirnar í Noregi og Svíþjóð klárast. Það er til að mynda bikarúrslitaleikur í Noregi 29. desember sem mér finnst fráleitt og mjög undarlegt að alþjóða handboltasambandið láti það viðgangast. Ég hef minni áhyggjur af sóknarleiknum og mun einblína meira á að fara yfir varnarleikinn í undirbúningnum. Við þurfum til að mynda að æfa það hvernig við verjumst sjö á móti sex sem er afbrigði sem Króatía og Makedónía hafa mikið beitt," segir hann. **hjorvaro@frettabladid.is**

Guðmundur Þórður og Gunnar Magnússon kynna hópinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Mesti hausverkurinn var að velja þá leikmenn sem við ætlum að hafa í vinstra horninu.
>
> Guðmundur Þórður Guðmundsson

Æfingahópurinn er þannig skipaður:

Markmenn:
Aron Rafn Eðvarsson
Björgvin Páll Gústafsson

Vinstra horn:
Guðjón Valur Sigurðsson
Stefán Rafn Sigurmannsson

Vinstri skyttur:
Aron Pálmarsson
Daníel Þór Ingason
Ólafur Guðmundsson
Ólafur Gústafsson

Miðjumenn:
Elvar Örn Jónsson
Gísli Þorgeir Kristjánsson
Haukur Þrastarson
Janus Daði Smárason

Hægri skyttur:
Ómar Ingi Magnússon
Rúnar Kárason
Arnar Birkir Hálfdánarson

Hægra horn:
Arnór Þór Gunnarsson
Sigvaldi Guðjónsson

Línumenn:
Arnar Freyr Arnarsson
Ágúst Birgisson
Ýmir Örn Gíslason

Nýjast

Domino's-deild karla

ÍR - Grindavík 76-101

ÍR: Gerald Robinson 23/12 fráköst, Justin Martin 18/7 fráköst, Hákon Örn Hjálmarsson 17, Sigurkarl Róbert Jóhannesson 10, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 6/9 fráköst/4 varin skot, Skúli Kristjánsson 2.
Grindavík: Lewis Clinch Jr. 27/6 fráköst, Sigtryggur Arnar Björnsson 19, Tiegbe Bamba 18/14 fráköst, Jordy Kuiper 14, Ólafur Ólafsson 12/8 fráköst, Kristófer Breki Gylfason 9, Jóhann Árni Ólafsson 2.

Stjarnan - Haukar 100-89

Stjarnan: Antti Kanervo 27, Ægir Þór Steinarsson 19/8 stoðsendingar, Hlynur Elías Bæringsson 18/8 fráköst/5 stoðsendingar, Tómas Þórður Hilmarsson 13/6 fráköst, Collin Pryor 10/8 fráköst, Arnþór Freyr Guðmundsson 8, Dúi Þór Jónsson 5.
Haukar: Daði Lár Jónsson 24/7 fráköst/6 stoðsendingar, Kristinn Marinósson 20, Hjálmar Stefánsson 10/6 fráköst, Haukur Óskarsson 9/5 stoðsendingar, Hilmar Smári Henningsson 9/5 stoðsendingar, Kristinn Jónasson 8/6 fráköst, Arnór Bjarki Ívarsson 5, Matic Macek 4.

Efri		Neðri	
Tindastóll	18	ÍR	8
Njarðvík	18	Þór Þ.	8
Keflavík	16	Haukar	8
Stjarnan	14	Valur	6
KR	12	Skallagrímur	4
Grindavík	10	Breiðablik	2

Dominos-deild kvenna

Stjarnan - Valur 73-84

Stjarnan: Danielle Victoria Rodriguez 31/9 fráköst/7 stoðsendingar, Briet Sif Hinriksdóttir 18, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 10, Jenný Harðardóttir 8, Ragnheiður Benónísdóttir 4/9 fráköst, Sólrún Sæmundsdóttir 2.
Valur: Helena Sverrisdóttir 24/11 fráköst/10 stoðsendingar, Heather Butler 17/7 fráköst, Hallveig Jónsdóttir 11/6 fráköst, Guðbjörg Sverrisdóttir 8, Simona Podesvova 7/6 fráköst, Dagbjört Samúelsdóttir 6, Ásta Júlía Grímsdóttir 6, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 3, Kristín María Matthíasdóttir 2.

Snæfell - Haukar 75-58

Snæfell: Kristen McCarthy 38/12 fráköst/6 stolnir, Gunnhildur Gunnarsdóttir 16/8 fráköst, Katarina Matijevic 13/9 fráköst, Angelika Kowalska 6/5 stoðsendingar, Berglind Gunnarsdóttir 2.
Haukar: LeLe Hardy 21/17 fráköst/5 stoðsendingar, Rósa Björk Pétursdóttir 12, Eva Margrét Kristjánsdóttir 10/9 fráköst, Sigrún Björg Ólafsdóttir 9, Stefanía Ósk Ólafsdóttir 4, Briet Lilja Sigurðardóttir 2.

Keflavík - Breiðablik 100-85

Keflavík: Brittanny Dinkins 29/13 fráköst/10 stoðsendingar/5 stolnir, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 21/11 fráköst/4 varin skot, Irena Sól Jónsdóttir 13, Bryndís Guðmundsdóttir 12/10 fráköst, Erna Hákonardóttir 10, María Jónsdóttir 8, Embla Kristínardóttir 5, Katla Rún Garðarsdóttir 2.
Breiðablik: Kelly Faris 29/15 fráköst, Sanja Orazovic 23/14 fráköst, Bryndís Hanna Hreinsdóttir 14, Þórdís Jóna Kristjánsdóttir 9, Björk Gunnarsdóttir 8, Ragnheiður Björk Einarsdóttir 2.

Skallagrímur - KR 74-81

Skallagrímur: Shequila Joseph 31/15 fráköst, Maja Michalska 18/6 fráköst, Bryesha Blair 14/8 fráköst/10 stoðsendingar/5 stolnir, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 8/7 fráköst, Ines Kerin 3.
KR: Orla O'Reilly 26/10 fráköst/5 stoðsendingar, Kiana Johnson 18/10 fráköst/10 stoðsendingar/7 stolnir, Unnur Tara Jónsdóttir 13/6 fráköst, Vilma Kesanen 8, Þorbjörg Andrea Friðriksdóttir 8, Perla Jóhannsdóttir 8/5 stoðsendingar.

Efri		Neðri	
Keflavík	20	Stjarnan	14
Snæfell	20	Skallagrím.	14
KR	20	Haukar	6
Valur	14	Breiðablik	2

Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 20. DESEMBER 2018

Frá árinu 2014 hafa vörur frá Canada Goose fengist hjá Nordic Store. Hafsteinn Valur Guðbjartsson og Bjarni Jónsson eru eigendur fyrirtækisins. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI

Canada Goose fæst í Nordic Store

Vinsælu Canada Goose úlpurnar fást hjá Nordic Store í hjarta miðborgarinnar. Verðið er gott og úrvalið mikið, að sögn Hafsteins Vals Guðbjartssonar framkvæmdastjóra. Úlpurnar eru úr hágæðadúni og framleiddar í Kanada. →2



Framhald af forsíðu

Við hjá Nordic Store byrjuðum að selja útivistarfatnað frá Canada Goose árið 2014 og síðan þá hefur salan gengið vonum framar. Okkar helsta áskorun undanfarin ár hefur verið að fá nægilega mikið magn af vörum frá Canada Goose. Salan á heimsvísu hefur verið að aukast svo mikið að fyrirtækið hefur átt í erfiðleikum með að anna eftirspurn," segir Hafsteinn Valur Guðbjartsson, framkvæmdastjóri Nordic Store, en hann er jafnframt eigandi fyrirtækisins, ásamt Bjarna Jónssyni.

Canada Goose er fyrir löngu orðið heimsþekkt fyrir framúrskarandi gæði og fallega hönnun. „Erlendir ferðamenn hafa verið helstu viðskiptavinir okkar, enda þekkja þeir merkið vel og sjá að verðið hjá okkur er gott og úrvalið mikið. Íslendingar hafa þó verið að sækja í sig veðrið undanfarið ár eða svo," segir Hafsteinn en dúnúlpurnar frá Canada Goose eru einstaklega hlýjar og sem sérsniðnar fyrir íslenskt veðurfar.

Saga Canada Goose

Canada Goose var stofnað árið 1957 í Kanada og frá upphafi var markmiðið að framleiða útivistarfatnað af bestu gerð. „Um 1980 var Expedition Parka úlpan framleidd fyrir vísindamenn á heimskautasvæðum. Sú úlpa er enn í dag ein vinsælasta úlpan frá Canada Goose," segir Hafsteinn.

Fyrirtækið hefur þá sérstöðu að vörur þess hafa verið notaðar oftar en aðrar vörur við erfiðustu mögulegu aðstæður sem til eru. „Það eru dæmi um að útivistarfatnaður frá Canada Goose hafi beinlínis bjargað mannslífum. Marilyn Hofman er ein þeirra sem þakka merkinu líf sitt. Hún var í könnunarleiðangri um 1.000 km frá norðurheimskautinu þegar ísinn undir henni brotnaði með þeim afleiðingum að hún féll í ísjökulkalt vatnið. Marilyn telur víst að hún hefði ekki lifað þetta af ef hún hefði ekki verið í Snow Mantra dúnúlpu frá Canada Goose," segir Hafsteinn.

Vistvænar vörur

Allar dúnúlpur Canada Goose eru úr 100% hágæðadúni og framleiddar í Kanada, úr efnum eingöngu frá Norður-Ameríku.

„Segja má að fyrirtækið fari gegn straumum alþjóðavæðingarinnar um útvistun framleiðslu og hráefnis og hefur þar af leiðandi skapað sér sérstöðu á markaðinum," upplýsir Hafsteinn.

Framleiðsla Canada Goose hefur ávallt verið vistvæn, t.d. er dúnninn af aligæsum og feldirnir af sléttuúlfum sem felldir eru af stjórnvöldum til þess að grisja stofninn.

„Fyrirtækið er í gríðarlegum vexti á heimsmarkaði en tekjur þess jukust um 46% á síðasta ári. Þessi mikli vöxtur hefur þrýst mikið á framleiðsluna en félagið opnaði nýlega sína sjöundu og stærstu verksmiðju í Winnipeg. Verksmiðjan er yfir 12 þúsund fermetrar og er áætlað að yfir 1.700 manns komi til með að vinna þar," segir Hafsteinn.

Styðja verndun ísbjarna

Frá árinu 2007 hefur félagið unnið náið með Polar Bears International (PBI), sem eru einu samtökin í heiminum sem einbeita sér eingöngu að verndun villtra ísbjarna. „Frá því að þetta samstarf hófst hefur Canada Goose styrkt samtökin um meira en 250 milljónir króna," segir Hafsteinn.

Hann segir að því miður séu eftirlíkingar stórt vandamál fyrir Canada Goose en á degi hverjum þarf fyrirtækið að láta loka vefsíðum sem selja eftirlíkingar af vörum frá því. „Oft getur verið erfitt að átta sig á að um eftirlíkingu er að ræða þar sem óprúttnir aðilar ganga afar langt í að láta sína vöru líkjast upprunalegu vörunni sem mest og selja hana á fölskum forsendum, en þó má benda á að vörur Canada Goose fara aldrei á útsölu og koma þessir aðilar yfirleitt upp um sig með því að bjóða vöruna á sérkjörum," bendir Hafsteinn á en samkvæmt lögum má farga slíkum vörum og viðskiptavinurinn situr uppi með tjónið.

Um 1980 var Expedition Parka úlpan framleidd fyrir vísindamenn á heimskautasvæðum. Sú úlpa er enn ein vinsælasta úlpan frá Canada Goose.

Úlpurnar frá Canada Goose fást í mörgum litum og með ýmsu sniði.

Nordic Store er viðurkenndur söluaðili Canada Goose á Íslandi. Verslunin er við Lækjargötu 2.

Engum verður kalt í Canada Goose úlpu en þær eru úr 100% hágæðadúni.

> Það eru dæmi um að útivistarfatnaður frá Canada Goose hafi beinlínis bjargað mannslífum.

Nordic Store viðurkenndur söluaðili Canada Goose

Nordic Store er viðurkenndur söluaðili Canada Goose á Íslandi en verslunin er staðsett við Lækjargötu 2, í hjarta Reykjavíkur. Það er hægt að velja um fjórtán mismunandi gerðir af Canada Goose úlpum fyrir karla og átján fyrir konur, í mörgum litum. „Verð hjá okkur eru betri eða sambærileg við verð í öðrum löndum," segir Hafsteinn að lokum.

Nánari upplýsingar fást á vefsíðunni nordicstore.is.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir

Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 550 5769 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

MOS MOSH
29.980

WONDERS
21.980
Svartir, rauðir og brúnir

MOS MOSH
31.980

MOS MOSH
18.980

GilBret
33.980
Ull og kasmír
Svört, dökkblá, beige og ljósgrá

Unmade Copenhagen
10.980

HÖGL
25.980

hjá Hrafnhildi

Nero Giardini
29.980

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Stærðir 38-58
FLOTT JÓLAFÖT,
FYRIR FLOTTAR KONUR
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460
Verslunin Belladonna

SIGURBOGINN.IS
NETVERSLUN
SIGURBOGINN
SNYRTI- OG TÍSKUVÖRUVERSLUN
LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS

GLAMOUR
Komið í allar helstu verslanir
Íslenskt tískutímarit
GLAMOUR
Hátíðarblað

Íþróttaálfur og snyrtipinni

Rakel Ásgeirsdóttir, flugfreyja, flugnemi og förðunarfræðingur, segir tískuna í förðun einkennast af hátíðleika og glimmeri.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is

Rakel tekst nú á við nýja og skemmtilega áskorun þar sem hún kennir nýliðum hjá Icelandair grunnatriði í förðun og hárgreiðslu. MYND/EYÞÓR

Rakel er flugfreyja hjá Icelandair og sminka hjá Borgarleikhúsinu, auk þess að vinna sjálfstætt við förðun. Jafnframt kennir hún nýliðum hjá Icelandair réttu handtökin þegar kemur að hári og förðun.

„Ég er lærður förðunarfræðingur og naglafræðingur og er einnig með B.Sc.-gráðu í íþróttafræði frá HR. Þessa dagana er ég í einkaflugmannsnámi hjá Geirfugli og veit fátt skemmtilegra en að fljúga sjálf. Mörgum finnst það sem ég hef lært og síðan tekið mér fyrir hendur ekki passa saman en ég er bæði íþróttaálfur og snyrtipinni," segir Rakel með bros á vör.

Hún æfði fótbolta um árabil en áhuginn á förðun kviknaði á unglingsárunum. „Þá fannst mér förðunarvörur orðnar spennandi og var byrjuð að prófa mig áfram á því sviði. Sem betur fer á ég góða móður sem leiðbeindi mér vel í þessum málum og passaði að ég færi ekki yfir strikið. Áhuginn fyrir förðunarnámi kom aðeins seinna. Ég útskrifaðist sem stúdent frá Menntaskólanum Hraðbraut 2008, þá nýorðin 18 ára, og var þá ekki búin að ákveða hvert næsta skref yrði. Förðunarnám blundaði í mér og ég hafði það í huga aðallega fyrir sjálfa mig en ekki endilega sem atvinnu. Síðan leiddi eitt af öðru, ég fann mig vel í þessu og vinn við förðun enn í dag," segir Rakel sem hefur unnið að fjölbreyttum verkefnum sem sminka.

Eftirminnilegt að farða Dorrit

„Strax eftir útskrift úr förðunarnáminu árið 2009 fékk ég vinnu hjá MAC snyrtivörumerkinu og vann þar til ársins 2016. Á þessum árum vann ég í báðum MAC búðunum, var verslunarstjóri í Kringlunni og fór í fjölmörg verkefni á vegum fyrirtækisins. Eitt minnisstæðasta verkefnið mitt fyrir MAC var þegar ég fór á Bessastaði, komin 6 mánuði á leið með dóttur mína, að mála Dorrit Moussaieff, þáverandi forsetafrú okkar Íslendinga, fyrir viðtal," segir Rakel brosandi.

Hún hefur unnið sem sminka hjá Borgarleikhúsinu frá 2013 og farðar leikarana áður en þeir stíga á svið. „Vinnan í leikhúsinu er fjölbreytt, skemmtileg og ólík öðru hefðbundnu sminki. Þar er meira um alls konar gervi og það þarf að vinna bæði hratt og vel. Þær sýningar sem mér hefur þótt skemmtilegastar hvað varðar sminkið eru Mary Poppins, Njála og Rocky Horror. Þær voru með krefjandi gervi eins og t.d. airbrush, skalla, skegg og sár," upplýsir Rakel.

„Ég hef líka farðað fjölda manns fyrir auglýsingar í blöð, sjónvarp og tímarit. Ég hef farðað leikara fyrir kvikmyndir, íslenska og erlenda sjónvarpsþætti, fyrir tískusýningar, danssýningar og tónleika. Allt eru þetta ólík en fjölbreytt svið innan förðunargeirans og að sama skapi eru áherslurnar mjög mismunandi eftir verkefnum," segir hún.

Kennir flugfreyjum réttu handtökin

Undanfarið ár hefur Rakel tekist á við nýja áskorun þar sem hún kennir nýliðum hjá Icelandair grunnatriði í förðun og hárgreiðslu. „Það er sérstaklega skemmtilegt. Þetta kom þannig til að síðastliðið haust hafði Klara Íris, forstöðumaður flugfreyja og flugþjóna hjá Icelandair, samband við mig en þá vantaði einstakling til að sinna þessu verkefni. Ég sló strax til, hef mikla ánægju af því að kenna og það er virkilega gaman að sjá hvað nýliðarnir eru áhugasamir," segir hún glöð í bragði.

Þegar Rakel er spurð hvort hún eigi góð förðunarráð í dagsins önn segir hún að besta ráðið sé að drekka mikið vatn og hugsa vel um húðina. „Góð umhirða húðar er grunnur að fallegri húð og þar af leiðandi förðun."

Þá nefnir Rakel að grunnur að góðri dagförðun felist í að þrífa húðina vel að morgni og hreinsa burt öll óhreinindi sem húðin hefur unnið á yfir nóttina. „Þannig komum við í veg fyrir að óhreinindi lokist inni og farðinn mun endast betur. Mikilvægt er að næra húðina vel með því að gefa henni raka og bera á hana augnkrem, serum, rakakrem og primer. Þannig ætti húðin að fá þann raka sem hún þarf yfir daginn," segir hún.

En hvernig verður jólatískan í förðun?

„Hún er hátíðleg og þá poppum við aðeins upp á förðunina með því t.d. að setja glimmer á augnsvæðið og svo er rauði varaliturinn alltaf klassískur. Núna er mikið um metallic-áferð á varir og varagloss eru líka vinsæl. Hvað varðar húðina þá er förðunin aðeins að koma til baka úr þessu Instagram-æði þar sem var rosalega mikið af öllu. Falleg, ljómandi húð með léttari áferð er að koma sterk til baka. Ég tek því fagnandi og mæli með að hafa hugtakið „Less is more" á bak við eyrað," segir Rakel að lokum.

Hvaða förðunarvörur leynast í snyrtiveskinu þínu?

„Förðunarvörur frá MAC, Embroylisse, Blue Lagoon, Nabla, Laura Mercier, Becca, Marc Inbane og Skyn Iceland. Ég er hrifnust af þeim og þær hafa reynst mér best."

Hvaða snyrtivöru gætir þú ekki verið án?

„Þær eru alltof margar. Ef ég ætti að nefna örfáar væri það shimmering skin perfector liquid í litnum pearl frá Becca, sem er ljómakrem sem ég set undir farða eða blanda við farða til að fá léttari áferð og meiri ljóma. Becca under eye brightening corrector er vara sem ég nota mikið, hún leiðréttir bláma undir augum. Ég nota maskarann Up for everything frá MAC og gæti vart verið án hans í dag. Hydra mask frá Embroylisse og Hydro cool firming eye gels frá Skyn Iceland eru síðan lykilatriði fyrir húðina."

SHIMANO

TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi

RolfPRIMA

TRI

Gleðilg Jól!

Nagladekkin eru komin!

*RFR Power Ljósasett
Verð: 3.890kr

*CUBE HPA 2000
Verð: 35.990kr

Nagladekkin eru komin!

TACX FLUX SMART

*Tacx Vortex Smart
Verð: 69.990kr

*Tacx Neo Smart
Verð: 159.990kr

TACX FLUX 2 SMART

LOUISGARNEAU

ParkTool

Tacx

STAGES

#becube #triverslun

DT SWISS

Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík

SPORTVER Akureyri

Vaskur Egilsstaðir

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00

TILBOÐ
4 réttir + súpa dagsins
aðeins 1.790 kr.*
NAUTAKJÖT Í OSTRUSÓSU
KJÚKLINGUR Í KARRÝSÓSU
DJÚPSTEIKTAR RÆKJUR MEÐ SÚR/SÆTRI SÓSU
NÚÐLUR MEÐ GRÆNMETI
*tekið með heim – 2.100 kr. ef borðað er á staðnum.
Frábær hóptilboð
Sjáðu öll tilboðin okkar á
www.kinahofid.is
Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00
KINAHOFIÐ
Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022

Bolurinn er frá japanska merkinu Undercover eftir Jun Takahashi og er partur af vorlínunni 2018. Kári Eyvindur keypti hann í Dover Street Market í London. Svartur litur er í uppáhaldi hjá honum og lítið um skæra liti. MYND/EYÞÓR

Dökkur yfirlitum

Svartur litur er áberandi í fataskáp Kára Eyvindar sem fékk snemma áhuga á tísku. Hann stefnir á frama á sviði fatahönnunar og sækir innblástur úr ýmsum áttum.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is

Kári Eyvindur er tvítugur Kópavogsbúi sem fylgist vel með öllu sem gerist í heimi fatahönnunar. „Ég hef lengi haft áhuga á tísku en sá áhugi hefur verið undirliggjandi frá því ég var 9-10 ára þótt hann hafi byrjað fyrir alvöru í menntaskóla. Núna er hann kominn á það stig að ég ætla mér að vinna í þeim heimi í framtíðinni. Utan þess hef ég mikinn áhuga á ljósmyndun, ferðalögum, kvikmynda- og myndbandsgerð, arkitektúr, sálfræði og nánast allri hönnun."

Kýs fáar góðar flíkur

Hann lýsir fatastíl sínum sem mínimalískum og dökkum yfirlitum. „Ég kýs að eiga fáar tímalausar flíkur úr bestu gæðum frekar en margar flíkur sem endast ekki lengi.

Svartur litur er áberandi hjá mér en stundum bregður fyrir öðrum litum, þó ekki mjög skærum."

Hann á engar sérstakar tískufyrirmyndir heldur segir frekar að hugarástandið hverju sinni ráði því hvernig hann klæðir sig. „Annars fæ ég stundum hugmyndir með því að fylgjast með fólki sem ég sé t.d. á leiðinni í vinnuna, á götum erlendis eða í sérstökum kvikmyndum eða þáttum. Ég fæ innblástur víða, t.d. frá bókum, byggingum og málverkum."

Hvar kaupir þú helst fötin þín?

Fyrir rúmu ári byrjaði ég að ferðast einn til London og Parísar til að kaupa föt og svo nota ég líka netið og fer þá á Grailed, Ssense eða Farfetch. Næst langar mig til Tókýó og skoða mig um þar. „Vintage" markaðir og „sample-sales" eru líka sniðug leið til að kaupa sérstakar flíkur sem maður hefur augastað á.

> **Ég kýs að eiga fáar tímalausar flíkur úr bestu gæðum frekar en margar flíkur sem endast ekki lengi.**

Áttu minningar um gömul tískuslys?

Allar þær gallabuxur sem voru alltof þröngar. Þær voru þó mikilvæg lexía sem ég er glaður að hafa lært af.

Hvaða flík hefur þú átt lengst og notar enn?

Öll fötin sem ég notaði mest fyrir rúmu ári hef ég selt eða gefið. Annars eru það Raf Simons Ozweegos skórnir sem ég keypti fyrir einu og hálfu ári en nota þó ekki mikið og er því líklegast að fara að selja þá ef nostalgía tekur ekki yfir.

Áttu þér uppáhaldsverslanir?

Dover Street Market í London er ein af þeim af því hún inniheldur langflest merkin sem ég klæðist og fylgist með. Archive 18-20 er líka minnisverð og Printemps mollið er aðalmálið í París. Erlendis fer ég á flesta „vintage" og „second-hand" markaði sem ég kemst á. Annars finnst mér þær búðir, sem bera frekar fá merki en fleiri flíkur og einbeita sér að þeim, vera þær sem ég sæki mest í. Ég er eiginlega alveg hættur að kaupa föt á Íslandi en þær verslanir sem ég fylgist spenntur með eru Húrra Reykjavík, CNTMP og Geysir.

Áttu eina uppáhaldsflík?

Í augnablikinu er það jakki sem ég keypti á „vintage" markaði í Bergen. Ef ég á að minnast á uppáhalds flík allra tíma er það bolur sem ég lét prenta á fyrir ári síðan. Þar má sjá einhvers konar tákn sem uppáhalds tónlistarmaðurinn minn er þekktur fyrir.

Bestu og verstu fatakaupin?

Fyrstu svörtu víðu gallabuxurnar mínar kenndu mér að meta ólík snið og opnuðu augu mín fyrir mörgu sem mér hefði aldrei dottið í hug að pæla í áður. Ég reiði mig ekki á hvatvísi þegar ég kaupi föt þannig að ég slepp við slæm kaup.

Hvað einkennir klæðnað ungra karla í dag?

Sífellt fleiri ungir strákar klæða sig eins og þeir vilja og fylgja eigin hugsunarhætti. Ég væri til í sjá sem flesta prófa það og sjá hvert það leiðir.

Notar þú fylgihluti?

Það fer eftir umhverfinu hverju sinni. Ég á tvo handsmíðaða hringa sem ég ber alltaf. Annar þeirra var gerður af afa mínum og hinn af Erling gullsmið á Hverfisgötu. Svo er ég líka með hálsmen sem var hannað af vinkonu minni, armband sem ég gerði sjálfur og silfureyrnalokka. Fylgihlutir hafa lengi verið og verða partur af daglegu lífi mínu, býst ég við.

Flott jólaföt
Jakki kr. 12.900.-
Buxur kr. 8.900.-
Str. S-XXL
Rita
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS
Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.
Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



EMPORIO ARMANI

SAMAN ERUM VIÐ ÓSTÖÐVANDI

FYRIR HANN FYRIR HANA

ILMIR FYRIR HANA OG HANN FRÁ

EMPORIO ARMANI

EA BECAUSE IT´S YOU
Eau de parfum dömuilmur 30 ml
og húðmjólk 75 ml.
Algengt verð 6.980 kr.

EA STRONGER WITH YOU
Eau de toilette herrailmur 30 ml
og sturtusápa 75 ml.
Algengt verð 6.980 kr.

EA BECAUSE IT´S YOU
Eau de parfum dömuilmur 50 ml,
ilmur töskustærð 15 ml og varagloss 15 ml.
Algengt verð 9.750 kr.

EA STRONGER WITH YOU
Eau de toilette herrailmur 50 ml
og tvær 75 ml sturtusápur.
Algengt verð 9.750 kr.

Hugmyndin að skartgripalínunni Fjörunni varð til í einum af mörgum göngutúrum Erlu í fjörunni í Vesturbænum.

Fjaran er full af fjársjóðum

Fjara, heitir ný skartgripalína eftir Erlu Dóru Gísladóttur sem hún hannar undir merkjum Eddó design. Hver skel í línunni er einstök og því persónulegur fjársjóður.

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is

Erla Dóra lærði gullsmíði í Danmörku fyrir tíu árum og klárraði grunnnámið þar. „Síðan sneri ég heim í miðri kreppu og fór að vinna venjulega skrifstofuvinnu til að eiga fyrir salti í grautinn meðan fjölskyldan var að stækka,“ segir Erla sem vann þó alltaf aðeins við silfursmíði með.

„Það var svo á þessu ári sem ég ákvað gefa sjálfri mér séns og sjá hvort ég gæti ekki unnið meira við skartgripasmíðina,“ segir Erla en hönnunarnafn hennar er Eddó design.

Erla er með lítið heimaverkstæði þar sem hún vinnur á daginn en einnig afgreiðir hún öðru hvoru í Skúmaskoti á Skólavörðustíg sem hún og tíu aðrir hönnuðir reka saman og selja hönnun sína í.

> **Hver skel er einstök og það er svo gaman að geta smíðað hverja silfurskel fyrir sig. Og það er í raun pælingin, að með því að eiga mun úr Fjörulínunni eignist fólk sinn eigin persónulega fjársjóð.**

Erla hefur áður unnið nokkrar skartgripalínur, var með fjallalínu sem í voru hringar í laginu eins og fjöll og svo stuðlabergslínu. Fjara er þó fyrsta nýja lína Erlu í langan tíma. Eins og nafnið gefur til kynna vaknaði hugmyndin niðri í fjöru. „Ég ólst upp í Vesturbænum og hef alltaf sótt mikið í fjöruna, finnst gott að fara þangað til að anda og hugsa. Fjaran er full af fjársjóðum og í hverri fjöruferð fylgdi mér heim í það minnsta ein skel. Svo safnaðist upp skeljasafn eins og hjá svo mörgum. Hver skel er einstök og það er svo gaman að geta smíðað hverja silfurskel fyrir sig og gert hana einstaka. Og það er í raun pælingin, að með því að eiga mun úr Fjörulínunni eignist fólk sinn eigin persónulega fjársjóð.“

Nánar má skoða hönnun Erlu á eddodesign.com, og á Facebook og Instagram undir Eddó design.

Erla Dóra í Skúmaskoti á Skólavörðustíg. MYNDIR/ANTON BRINK

Bláskelin er fyrirmynd þessa skarts.

Hver einasta skel er einstök.

Glænýjar bækur í
BÓKAHILLUNA

Tröllastelpan Rípa býr í helli uppi í fjöllum ásamt foreldrum sínum, afa, ömmu og mörgum bræðrum.
Í dalnum er lítið afskekkt þorp og þar býr mannsbarnið Lóa. Dag einn þegar Rípa fer lengra niður í fjallið en áður hittir hún Lóu, sem hefur farið ofar í fjallið en hún má. Segir sagan frá því hvernig vinátta þróast með þessum ólíku telpum.

Dásamleg bók með fallegum teikningum og eftirminnilegum persónum sem leiða börn inn í töfrandi ævintýraheim Grimmsbræðra. Í bókinni eru 15 sígild ævintýri. Einnig er fáanleg bókin *Fegurstu ævintýri H.C. Andersen* í sama bókaflokki. Ómissandi fjársjóður sígildra ævintýra.

Rithöfundurinn Jenny Colgan hefur átt góðu gengi að fagna á Íslandi með metsölubókum á borð við *Litla bakaríið við Strandgötu*. *Linda og lundinn: Stormasamur dagur* er hugljúf barnabók þar sem sömu persónur koma við sögu. Fallegar myndir prýða bókina. Tilvalin bók til að lesa upp úr fyrir háttinn og fyrir börn sem eru að æfa sig í lestri.



Eddi er enginn venjulegur strákur, hann er kóngur sem situr í hásæti og á sína eigin brynju og kastala!
Ó já, og VERSTA ILLMENNI í öllum alheiminum býr í næsta nágrenni. Þetta gæti nú varla orðið spennandi ævintýri með hasar, súkkulaði og glefsandi krókódílum ... eða hvað?

Dulin perla íslenskra bókmennta. Lavander á leik fékk einróma lof þeirra sem uppgötvuðu hana. Hér mætir Lavander á nýjan leik ásamt meistaraþjófi og tálkvendi. Sagan gerist í Austurheimi, kynlegri veröld þar sem töfrar og furðulegheit ráða ríkjum. Frábær ævintýrabók fyrir unglinga jafnt sem fullorðna.



Fyrsta bókin sló í gegn og þessi er að klárast hjá útgefanda. Drífðu þig, kauptu bókina, en ekki opna hana! Slepptu henni! Finnurðu þessa fýlu?! Hún er af BÓKINNI! Farðu frekar og gláptu á sjónvarpið. Það er stórhættulegt að lesa bækur. Ég heyrði að ef þú lest bækur geti augun dottið úr þér!

Óðinsauga

Öldruð módel ögra staðalímyndum

Rússneska módelskrifstofan Oldushka er óhefðbundin að því leyti að hún ræður bara fyrirsætur sem eru eldri en 45 ára. Fyrirsæturnar sýna vel að aldur er bara tala og hefur ekkert með fegurð að gera.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Rússneska módelskrifstofan Oldushka ögrar viðteknum venjum í tískuheiminum með því að ráða bara vel fullorðið og eldra fólk. Í tískuheiminum er yfirleitt lögð gríðarleg áhersla á unglegt útlit og lýtalausa húð, en Oldushka sýnir að það séu ekki nauðsynlegar forsendur fyrir fegurð, heldur birtist hún í ýmsum myndum hjá fólki á öllum aldri.

Það er ekki óalgengt að módelskrifstofur hafi fyrirsætur á sínum snærum sem eru í eldri kantinum, en Oldushka ræður eingöngu fólk sem er 45 ára og eldra. Fyrirsæturnar búa yfir fegurð og þokka og sýna vel að fegurð snýst um ýmislegt annað en bara fjölda áranna sem maður hefur lifað og að það sé vel hægt að líta vel út og tolla í tískunni langt fram eftir aldri.

Lýsingarnar á lífi Kríu og vinkvenna hennar eru að mörgu leyti raunsæislegar en þó er ýmislegt sem truflar þá raunsæisskynjun. Kría á til dæmis einelti að baki og hefur alltaf verið einmana og það er eitthvað ólíklegt við það hvernig hún heillar aðalstelpurnar í árganginum áreynslulaust upp úr skónum og verður vinkona þeirra eins og ekkert sé. Einn af eftirsóttari strákunum í skólanum verður líka hrifinn af henni OG er næs gæi sem ber virðingu fyrir henni og þó Kría virðist vera ágætis stelpa og örugglega mjög sæt þá eru þessir átakalausu stórsigrar aðeins of góðir til að virka sannir. Þær vinkonurnar eiga líka alltaf nóg af peningum og stunda kaffi- og veitingahús grimmt. Í raunveruleikanum vinna flestir krakkar með skóla til að hafa efni á þess háttar lífsstíl en það er hvergi minnst á að þessar stúlkur geri það enda eiga þær nóg með námið, djammið og leynilögreglustörfin.

Þetta eru samt bara smáatriðahnýtingar því í heild er Ljónið afskaplega vel skrifuð og heillandi bók. Einkum er draugagangi og yfirnáttúru gerð vel skil og kalt vatn aldrei langt frá skinni, hvað þá hörundi í þeim lýsingum. Sögusviðið er miðborg Reykjavíkur enda fara þær stöllur varla upp fyrir Klapparstíg í allri bókinni og borgin fær í meðförum Hildar töfrandi blæ, MR, Tjörnin og Hljómskálagarðurinn eru rómantískir staðir þar sem draumar rætast, ævintýrin gerast og fegurð ríkir. Umhverfismál og femínisma ber að sjálfsögðu á góma enda mest knýjandi samfélagsmál samtímans en í kringum þau ríkir bjartsýni, verkefnin eru til þess að leysa en ekki bogna undan skelfilegri framtíðarsýn. Ráðgátan er spennandi en aftur er aðeins of tilviljanakennt hvernig hún verður á vegi vinkvennanna. Það má hins vegar ekki gleyma því við lesturinn að Ljónið er fyrsta bókin í þríleik og lesendur eru skildir eftir með svo margar vísbendingar og mörgum spurningum ósvarað að það er erfitt að þurfa að bíða næstu bókar til næsta hausts. Á tímum Netflix og hámhorfs er nánast ofurmannlegt að gera þær kröfur til nokkurrar manneskju þegar spennustigið er svona hátt. En það er líka gaman að hlakka til. **Brynhildur Björnsdóttir**

NIÐURSTAÐA: Ljónið er vel skrifuð, heillandi saga um unglingsstúlkur í reykvískum samtíma með dularfullum og spennandi undirtóni.

Vekja forn þjóðlög eða gleymda lagboða til lífsins

Hljómsveitin Umbra heldur árlega jólatónleika sína í kvöld, 20. desember, klukkan 20 í Háteigskirkju. Yfirskrift þeirra er Sólhvörf og þar mun ríkja kyrrð og hugljúf stemning við kertaljós, að sögn kvennanna sem sveitina skipa. Á efnisskránni verða meðal annars sjaldheyrð jólalög frá miðöldum, bæði íslensk og erlend og öll í útsetningum Umbru. Mörg laganna er að finna á glænýrri jólaplötu hópsins, Sólhvörf, sem var tekin upp í Laugarneskirkju í upphafi árs og er nýkomin út hjá Dimmu. Nafn útgáfufélagsins er í anda Umbru og plötunnar því „í myrkrinu má nefnilega hvílast og endurnærast og á vetrarsólstöðum má að ósekju líta til þeirrar birtu og vonar sem er að finna handan þorra og góu“, benda meðlimir sveitarinnar á.

Sérstakir gestaleikarar á tónleikunum verða Þórdís Gerður Jónsdóttir á selló og Matthías Hemstock á slagverk.

Umbra er nýkomin heim frá Kaupmannahöfn þar sem hópurinn hélt vel sótta tónleika í Frihavnskirken, með eigin efnisskrá. Hópurinn frumflutti líka nýtt verk eftir tónskáldið Finn Karlsson í Koncertkirken þann 21. nóvember, á debut-tónleikum hans á vegum Konunglega tónlistarháskólans í Kaupmannahöfn. **– gun**

Umbru skipa Guðbjörg Hlín Guðmundsdóttir, Alexandra Kjeld, Lilja Dögg Gunnarsdóttir og Arngerður María Árnadóttir.



KEBE
Hvíldarstólar
Tegundir: Rest og Fox

Opið virka daga 11-18 laugardaga 11-15
Komið og skoðið úrvalið
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

SUNSTAR G·U·M
HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.®
Tannlæknar mæla með GUM tannvörum
Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?
Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

ARTASAN
www.artasan.is

FÁNAR
LÍMMIÐAR
AUGLÝSINGASKILTI
Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.
Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.
FjölPrent
Gefur hugmyndum vængi
Fjölprent
Norðlingabraut 14
fjolprent.is
S. 581 4141

Hollywood-múrbrjóturinn, hin dáða Penny Marshall, lést í Los Angeles í byrjun vikunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Marshall var kona í sérflokki

Penny Marshall er látin 75 ára að aldri. Hún var fyrsta konan til að rjúfa 100 milljón dollara múrinn og þekktir karlar í Hollywood eiga henni margt að þakka.

Geena Davis í þeirri frábæru íþróttamynd A League Of Their Own sem var önnur mynd Marshall sem rauf 100 milljón dollara múrinn.

Vinirnir og samstarfsfólkið Penny Marshall og Tom Hanks á góðri stundu í gamla daga. NORDICPHOTOS/GETTY

Ferill Penny Marshall í heimi kvikmyndanna var langur, fjölbreyttur og farsæll en sjálfsagt munu tvær frábærar kvikmyndir hennar, Big og A League of Their Own, fyrst og fremst halda minningu hennar á lofti um ókomna tíð.

Big, sem Marshall gerði 1988, varð fyrsta kvikmyndin sem kona leikstýrir til þess að selja bíómiða fyrir meira en 100 milljónir dollara. Þetta þóttu heilmikil tíðindi í Hollywood fyrir 30 árum og kom karlaveldinu á þeim bænum í opna skjöldu.

Myndin var löðrandi í æskufjöri og gríni og þeirri hlýju sem þykir einkenna allt höfundarverk Pennyar. Í Big lék Tom Hanks tólf ára strák sem varð fullorðinn á augabragði með tilheyrandi rugli og ótímabærum viðfangsefnum. Þótt Hanks hafi þarna átt að baki gamanmyndirnar Splash!, Bachelor Party, The Man with One Red Shoe og The Money Pit var fátt sem benti til þess að hann yrði sú stórstjarna sem hann er í dag og Marshall er ekki síst eignaður heiðurinn af því háflugi sem ferill hans tók í kjölfarið.

Sjálfur hefur Hanks aldrei farið leynt með að hann á Marshall margt að þakka og hún tefldi honum aftur fram skömmu síðar í A League of Their Own 1992. Sú mikla kvennamynd er söguleg fyrir margra hluta sakir en Hanks sýndi þar góð tilþrif í aukahlutverki.

Konur í sérflokki

A League of Their Own er önnur mynd Marshall sem rauf 100 milljóna múrinn þvert á væntingar og telst til gullmola í bandariskri kvikmyndasögu en hún skartaði einvala liði leikkvenna með Geena Davis og Lori Petty í broddi fylkingar með Rosie O'Donnell og sjálfa Madonnu að baki sér, svo einhverjar séu nefndar.

Myndin byggir á sannri sögu frá fimmta áratugnum og fjallar um fyrsta atvinnulið kvenna í hafnarbolta. Tom Hanks leikur þjálfara liðsins, útbrunna hafnarboltakempu og fyllibyttu sem hefur enga trú á stelpunum og er heilt yfir ekkert sérstaklega góður gæi. Hann er þó ekki skúrkurinn í myndinni þar sem helstu hindranir kvennanna eru karlremba og stríðsógnin.

Penny Marshall hafði alla tíð brennandi áhuga á íþróttum og myndin þykir með þeim betri íþróttamyndum sem gerðar hafa verið enda hefur hún allt til að bera; spennandi og flottar senur af vellinum, tilfinningaflækjur og kjarninn er eins og vera ber, sigur lítilmagnans á ofurefli. Og skilaboð Marshall í undirtextanum eru skýr: Konur geta allt sem karlar geta og oftast betur.

Velgengni myndarinnar og hagnaðurinn dugðu þó ekki til að hún yrði metin að verðleikum á sínum tíma. Óskarsverðlaunaakademían leit alveg fram hjá henni og Golden Globe-tilnefningarnar voru aðeins tvær. Geena Davis var tilnefnd sem besta leikkonan í gamanmynd og Madonna fékk tilnefningu og hirti hnöttinn fyrir lagið This Used to Be My Playground.

Þegar bestu myndir Penny Marshall eru til umræðu má vitaskuld ekki gleyma þeirri undurfögru og mannlegu Awakenings þar sem Marshall hafði taumhald á tveimur Hollywood-risum, Robin Williams og Robert DeNiro, og töfraði fram óvenju látlausan stórleik hjá báðum.

Úr sjónvarpi í bíó

Penny Marshall fæddist í New York 1943 og hóf feril sinn í skemmtanabransanum undir lok sjöunda áratugarins þegar hún flutti til eldri bróður síns, handritshöfundarins og leikstjórans Gary Marshall, í Los Angeles. Hún byrjaði í gamanþáttum í sjónvarpi og lék meðal annars annað titilhlutverkanna í Laverne & Shirley. Þættirnir gengu frá 1976 til 1983 og nutu gríðarlegra vinsælda.

Hún var gift leikstjóranum Rob Reiner í tíu ár frá 1971 til 1981 og þau hjónin voru í raun stórveldi í Hollywood. Marshall og Reiner voru vinir alla tíð og þegar hann minntist hennar á mánudaginn sagði hann meðal annars að hún hefði fæðst með góðan húmor og kunnað að nota hann af eðlisávísun. Hann hefði verið heppinn að hafa búið með henni og skopskyni hennar. thorarinn@frettabladid.is

KRAKKAPAKKAR!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Borðspil - Disney kappakstur / Peppa Pig ávaxtaborð
TILBOÐSVERÐ: 2.999.- (stk.)
Verð áður: 3.999.- (stk.)

Minnisleikur - Frozen / Sjávardýr
TILBOÐSVERÐ: 1.949.- (stk.)
Verð áður: 2.599.- (stk.)

Drekinn innra með mér
TILBOÐSVERÐ: 2.899.-
Verð áður: 3.999.-



Skemmtilegar dýrasögur
TILBOÐSVERÐ: 2.199.-
Verð áður: 2.999.-

Samstæðuspil / lærðu að telja
Verð: 1.999.-

Ferðaspil Shuffle
TILBOÐSVERÐ: 1.799.-
Verð áður: 2.399.-



Milli svefns og vöku
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.999.-

Draumurinn
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.999.-



Jólasveinarannsóknin
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 4.299.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 20. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Borgareikhúsið
568 8000 • borgarleikhus.is

Elly
Stóra sviðið

Sun 30.12	kl. 15:00 U	Lau 05.01	Kl. 20:00 Ö	Fös 18.01	Kl. 20:00 Ö
Sun 30.12	Kl. 20:00 U	Lau 12.01	Kl. 20:00 Ö	Lau 19.01	Kl. 20:00 Ö
Fös 04.01	Kl. 20:00 U	Sun 13.01	Kl. 20:00 Ö	Sun 20.01	Kl. 20:00 Ö

Allt sem er frábært
Litla sviðið

Sun 30.12	Kl. 20:00 U	Fös 04.01	Kl. 20:00 Ö	Fös 18.01	Kl. 20:00 Ö

Kvenfólk
Nýja sviðið

Fim 20.12	Kl. 20:00 U	Sun 30.12	Kl. 20:00 U	Fös 11.01	Kl. 20:00 U	Fös 25.01	Kl. 20:00 Ö
Fös 21.12	Kl. 20:00 U	Fös 04.01	Kl. 20:00 U	Lau 12.01	Kl. 20:00 U	Lau 26.01	Kl. 20:00 Ö
Fös 28.12	Kl. 20:00 U	Lau 05.01	Kl. 20:00 U	Fös 18.01	Kl. 20:00 Ö	Fös 02.01	Kl. 20:00 Ö
Lau 29.12	Kl. 20:00 U	Sun 06.01	Kl. 20:00 U	Lau 19.01	Kl. 20:00 U	Lau 02.02	Kl. 20:00 Ö

Jólaflækja
Litla sviðið

Lau 22.12	Kl. 13:00 U	Lau 22.12	kl. 15:00 U

Ríkharður III
Stóra sviðið

Lau 29.12	Kl. 20:00 U	Sun 06. 01	Kl. 20:00 Ö	Fös 11.01	Kl. 20:00 Ö
Fim 03.01	Kl. 20:00 Ö	Fim 10.01	Kl. 20:00 Ö	Mið 16.01	Kl. 20:00 Ö

Fólk, staðir og hlutir
Litla sviðið

Mið 13.02	Kl. 20:00 U	Lau 16.02	Kl. 20:00 U	Lau 23.02	Kl. 20:00 U	Fim 28.02	Kl. 20:00 U
Fim 14.02	Kl. 20:00 U	Mið 20.02	Kl. 20:00 U	Sun 24.02	Kl. 20:00 U	Fös 01.03	Kl. 20:00 Ö
Fös 15.02	Kl. 20:00 U	Fös 22.02	Kl. 20:00 U	Mið 27.02	Kl. 20:00 Ö	Lau 02.03	Kl. 20:00 Ö

Þjóðleikhúsið
551 1200 • leikhusid.is

Ronja Ræningjadóttir
Stóra sviðið

Lau 29.12	kl. 13:00 U	Lau 19.01	kl. 16:00 U	Sun. 10.02	kl. 13:00 U	Sun 10.03	kl. 16:00 U
Lau. 29.12	kl. 16:00 U	Sun. 20.01	kl. 13:00 U	Sun.10.02	kl. 16:00 U	Sun 17.03	kl. 13:00 U
Sun. 30.12	kl. 13:00 U	Sun. 20.01	kl. 16:00 U	Sun. 17.02	kl. 13:00 U	Sun 17.03	kl. 16:00 U
Sun. 30.12	kl. 16:00 U	Lau 26.01	kl. 13:00 U	Sun. 17.02	kl. 16:00 U	Sun 24.03	kl. 13:00 Ö
Sun.06.01	kl. 13:00 U	Lau 26.01	kl. 16:00 Ö	Sun 24.02	kl. 13:00 U	Sun 24.03	kl. 16:00
Sun. 06.01	kl. 16:00 U	Sun. 27.01	kl. 13:00 U	Sun. 24.02	kl. 16:00 U	Sun 31.03	kl. 13:00 Ö
Sun.13 01	kl. 13:00 U	Sun. 27.01	kl. 16:00 U	Sun. 03.03	kl. 13:00 U	Sun 31.03	kl. 16:00 Ö
Sun 13.01	kl. 16:00 U	Sun. 03.02	kl. 13:00 U	Sun 03.03	kl. 16:00 U		
Lau 19.01	kl. 13:00 U	Sun. 03.02	kl. 16:00 U	Sun 10.03	kl. 13:00 U		

Einræðisherrann
Stóra sviðið

Fim 20.12	kl. 19:30 Ö	Fös. 28.12	kl. 19:30 U	Fim 17.01	kl. 19:30 U	Lau. 02.02.	kl. 19:30 Ö
Fös. 21. 12	kl. 19:30 Ö	Lau. 05.01	kl. 19:30 U	Fös. 18.01	kl. 19:30 U		
Mið. 26.12	kl. 19:30 U	Fös. 11.01	kl. 19:30 U	Fim. 24.01	kl. 19:30 Ö		
Fim. 27.12	kl. 19:30 U	Lau. 12.01	kl. 19:31 U	Fös. 25.01	kl. 19:30 Ö		

Fly Me To The Moon
Kassinn

Lau 19.01	Kl. 19:30 Ö

Þitt eigið leikrit
Kúlan

Fös 25.01	kl. 18:00 U	Fös 08.02	kl. 18:00 U	Lau 16.02	kl. 15:00 U	Lau 02.03	kl. 15:00 U
Fim 31.01	kl. 18:00 U	Lau 09.02	kl. 15:00 U	Fim 21.02.	kl. 18:00 Ö	Fös 08.03	kl. 18:00
Lau 02.02	kl. 15:00 U	Fim 14.02	kl. 18:00 U	Lau 23.02	kl. 15:00 U	Lau 09.03	kl. 15:00 U
Fim 07.02	kl. 18:00 U	Fös 15.02	kl. 18:00 U	Fös 01.03	kl. 18:00 U	Lau 16. 03	kl. 15:00

Leitin að jólunum
Leikhúsloftið

Lau 22. 12	kl. 11:00 U	Lau 22.12	kl. 14:30 U	Sun23.12	kl. 13:00 U
Lau 22.12	kl. 13:00 U	Sun 23.12	kl. 11:00 U	Sun23.12	kl. 14:30 U

Insomnia
Kassinn

Lau 12.01	kl. 19:30	Fim 17.01	kl. 19:30	Fös 18.01	kl. 19:30

Improv
Leikhúskjallarinn

Mið 16.01	kl. 20:00	Mið 30.01	kl. 20:00	Mið 13.02	kl. 20:00
Mið 23.01	kl. 20:00	Mið 06.02	kl. 20:00		

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

20. DESEMBER 2018

Tónlist

Hvað? Fimmtudagurinn í Petersen svítunni
Hvenær? 21.00
Hvar? Petersen svítan, Ingólfsstræti
Í kvöld, fimmtudagskvöldið 20. desember, koma fram á Petersen svítunni píanóleikarinn Pálmi Sigurhjartarson og söngkonan Valgerður Þorsteinsdóttir. Þau munu leika og syngja lög úr ýmsum áttum, jólalög í bland við alþýðuperlur úr fortíð og nútíð sem fá að njóta sín í flutningi þeirra.

Hvað: Jólatónleikar
Hvenær kl. 20.30
Hvar: RVK Brewing Co, Skipholti 31, R.
Bragi Árnason, leikari og tónlistarmaður, og Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir, tónlistakonarkona með meiru, ætla að spila nokkur af sínum uppáhaldslögum í brugghúsinu RVK Brewing Co, Skipholti 31. Þau flytja bæði jóla- og eigin lög, með þeim eina ásetningi að hafa gaman og gefa gaman. Það er frítt inn.

Hvað? Sin Fang DJ Set at Kex hostel
Hvenær? 20.00
Hvar? Kex hostel, Skúlagötu
Sin Fang spilar plötur.

Hvað? Skrattar – Jólatjónleikar
Hvenær? 22.00
Hvar? Boston, Laugavegi
Happy hour allt kvöldið. Helvítis kjaftæði bara. Frítt inn.

Ylja og Elín Ey halda jólatónleika sína á Bryggjunni brugghúsi í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON

Hvað? Óskar Guðjónsson + Skúli Sverrisson
Hvenær? 21.00
Hvar? Mengi, Óðinsgötu
Strákarnir spila.

Hvað? Ylja, Teitur Magnússon & Elín Ey – Jólatónleikar
Hvenær? 21.00
Hvar? Bryggjan brugghús, Grandagarði
Jólin verða hugljúf hérna á Bryggjunni og í því samhengi bjóðum við upp á jólatónleikaröð fimmtudagskvöldin 6., 13. & 20. desember þar sem fram koma Ylja, Teitur Magnússon & Elín Ey.

Hvað? JólaKviss Bamm Búmm! á Hard Rock
Hvenær? 20.00
Hvar? Hard Rock Cafe, Lækjargötu
Eftir annasamt ár hjá „Tjörnesi“ höfum við, Hörður Bjarkason og Pétur Finnbogason, ákveðið að halda popp kviss með jólaívafi á Hard Rock í kvöld, 20. desember. Farið verður um víðan völl og verðum við strákarnir vopnaðir hinum ýmsu hljóðfærum.

Hvað? Dillon FÖNK
Hvenær? 21.30
Hvar? Dillon, Laugavegi
Hljómsveit hússins mun flytja góða og gilda fönk-slagara í bland við frumsamið efni á fimmtudagskvöldum á Dillon. Gleðin hefst stundvíslega um 21.50ish og stendur fram yfir miðnætti. Miklu stuði er að sjálfsögðu heitið.

Viðburðir

Hvað? Jólasýning Svansins
Hvenær? 20.30
Hvar? Tjarnarbíó
Stress? Rétt fyrir jólin? Hvernig væri þá að kíkja á jólasýningu Svansins og hlæja smá? Svanurinn verður í svaka stuði. Það verða dansar, söngvar og að sjálfsögðu spunagrín sem er búið til á staðnum og aldrei aftur endurleikið! Allt getur gerst! Kannski kemur jólasveininn! Kannski verður helgileikur! Kannski fá allir piparkökur! Kannski fá ekki allir piparkökur en geta samt kannski keypt sér piparkökur á barnum! Eða kannski verða ekki piparkökur á barnum.

Hvað? Pop-up búð Breka og Gúrý – Flíkur, skart og pelsar
Hvenær? 17.00
Hvar? Kex hostel, Skúlagötu
í kvöld, fimmtudagskvöldið 20. desember verðum við, Breki Jewelry & Gury með pop-up-búð á Kexi hosteli. Við verðum með fullt af skarti, endurunnum pelsum og flíkum.

Hvað? Jóla PubQuiz Fálkans og co.
Hvenær? 21.30
Hvar? Paddy's, Keflavík
Fálkinn og vinir hans bjóða upp á sígilt og gamaldags pub quiz í kvöld, 20. desember. Jólaandinn mun svífa yfir vötnum og mun kvöldið bera keim af því. Þrjár lotur, bjór á tilboði og nóg af vinningum fyrir alla.

Hvað? Jólabókaupplestur í Rúblunni bókakaffi
Hvenær? 20.00
Hvar? Bókabúð Máls og menningar, Laugavegi
Fimm höfundar lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum í Rúblunni bókakaffi, Bókabúð Máls og menningar. Höfundarnir sem lesa eru: Guðrún Sæmundsen, Hallgrímur Helgason, Kristian Guttesen, Monika Dagný Karlsdóttir og Ægir Þór Jähnke.

Umkomulausir töffarar

BÆKUR

Krýsuvík
★★★½☆

Höfundur: Stefán Máni
Útgefandi: Sögur útgáfa
426 blaðsíður

Í Krýsuvík, nýrri spennusögu Stefáns Mána, koma austurevrópsk mafía og höfuðlaus lík mjög við sögu. Lögreglumaðurinn Hörður Grímsson, rauðhærði risinn, þarf að hafa sig allan við í tilraun til að hafa upp á hinum seku. Hér er á ferð bók með æsilegum söguþræði og þó nokkrum afar ofbeldisfullum illmennum. Stefán Máni hefur stundum gengið ansi langt í lýsingum á ofbeldi en stillir sig um það hér, svona að mestu leyti. Unnendur glæpasagna eru ýmsu vanir og eiga vel að þola að lesa bók þar sem lík eru höfuðlaus og höfuðið jafnvel eitt á ferð.

Lögreglumaðurinn Hörður er vitanlega áberandi persóna í þessari bók. Hann stendur á krossgötum, er að flytja í nýja íbúð með kærustu sinni og er ekki fullkomlega sannfærður um að það sé réttur leikur. Efasemdum hans og taktleysi í samskiptum við kærustuna er lýst á afar skemmtilegan og fyndinn hátt. Það er þó ekki Hörður sem á sviðið í Krýsuvík heldur táningsstúlkan Kinga sem flækist inn í atburðarás sem setur hana í stórhættu. Þessi unga stúlka, pólskur innflytjandi, fangar athygli lesandans allt frá upphafi. Hún er sjálfstæður og uppreisnargjarn töffari. Um leið er hún umvafinn ákveðnu umkomuleysi, rétt eins og töffarinn Hörður. Stefáni Mána hefur tekist alveg einstaklega vel að gera Kingu að sannfærandi persónu. Sennilega er hún besta persónusköpun í íslenskri glæpasögu þetta árið. Skemmtileg og áhugaverð hliðarsaga í verkinu er síðan ástarsaga Ástu ritara á Landspítalanum og lögreglukonunnar Þóru.

Stefán Máni leggur mikið upp úr persónulýsingum sem eru ofurnákvæmar. Sem dæmi má nefna að þegar höfundur hefur sagt okkur að Hörður sé risi að vexti og rammur að afli bætir hann við: „Andlitið er jafnstórskorið og fjöllin fyrir vestan, hann er græneygður og þungbrýndur, hárið ryðrauður og óstýrilátur lubbi sem hylur andlitið til hálfs, nær honum í axlir og minnir helst á fax á gömlu hrossi.“ Lýsingar eins og þessar gera að verkum að lesandinn sér persónur verksins ljóslifandi fyrir sér.

Krýsuvík er vel skrifuð glæpasaga. Hún er löng, rúmar 400 síður og þegar líða fer á verkið fer höfundur aðeins að teygja lopann. Sagan hefði mátt vera þéttari. Engum ætti þó að leiðast lesturinn, Hörður og Kinga sjá til þess. **Kolbrún Bergþórsdóttir**

NIÐURSTAÐA: Vel skrifuð glæpasaga þar sem táningsstúlka stelur senunni rækilega. Aðdáendur Stefáns Mána ættu að verða hæstánægðir.

GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

Kalt stríð // Cold War (ENG SUB)	17:30	Bird Box (ENGLISH-NO SUB)	20:00
Roma (SPANISH W/ENG SUB)	18:00	Suspiria (ICE SUB)	21:00
Serce nie sluga (POLISH W/ENG SUB)	18:00	Anna and the Apocalypse (ICE SUB)	22:20
Miłość jest wszystkim (POL. W/ENG SUB)	20:00	Hinn seki // The Guilty (ICE SUB)	22:30

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

PHILIPS HUE START KIT FYLGIR PHILIPS OLED SJÓNVÖRPUM TIL JÓLA EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

ÞRÁÐLAUSIR HÁTALARAR

JBL-CHARGE4
Vatnsheldur og kraftmikill.

KAUPAUKI

JBL-GO fylgir með til jóla!

VERÐ **24.995**
FRÁBÆRT VERÐ

KAFFIVÉLAR MIKIÐ ÚRVAL

HEFÐBUNDNAR – SENSEO – DOLCE GUSTO – NESPRESSO – ALSJÁLFVIRKAR

ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL

JBL-FREEXBT
Fullkomlega þráðlaus heyrnartól.

VERÐ **14.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Tefal

TEF-FZ701015
Actify Original djúpsteikingarpottur sem notar aðeins 1 msk af olíu. Hollari leið að stökkum bita.

JÓLATILBOÐ **19.995**
VERÐ ÁÐUR 26.995

SOUNDBAR HEIMABÍÓ

JBL BAR51
JBL Soundbar heimabíókerfi með þráðlausum hátölurum sem má taka í sundur og raða saman að vild.

JÓLATILBOÐ **69.995**
VERÐ ÁÐUR 92.995

HEILSUVÖRUR Í ÚRVALI

MEDISANA®

Nuddtæki, snyrtispeglar, blóðþrýstingsmælar, hitateppi og fleira frá Medisana

SousVide

Allt í Sous Vide eldamennsku, mikið úrval Sous Vide tækja og lofttæmingavéla

RYKSUGUVÉLMENNI

iRobot

IRO-895
Ryksuguvélmenni með nýju og endurbættu AeroForce hreinsikerfi. Hægt að tengja við iRobot HOME appið og skipuleggja þrif fram í tímann.

JÓLATILBOÐ **79.995**
VERÐ ÁÐUR 99.995

Heimilistæki ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • Austurvegi 34 **SELFOSSI** S: 414 1745 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

JÓLASERÍUR RÚV

GÆGIST Í JÓLAPAKKANN Í RÚV-SPILARANUM



Við bjóðum upp á úrvals sjónvarpsseríur til að njóta í heilu lagi yfir hátíðarnar, til viðbótar við alla hátíðardagskrána.

Íslenskar leiknar þáttaraðir, vandaðar norrænar og evrópskar þáttaraðir, heimildarseríur, heimildarmyndir, tónlistarþættir, barna- og unglingaefni, menningarefni og margt fleira.

Þú finnur RÚV-spilarann á RÚV.is eða með því sækja nýtt app fyrir iOS og Android.

RÚV okkar allra

DAGSKRÁ

Fimmtudagur

RÚV SJÓNVARP

12.55 Aðstoðarmenn jólasveinanna
13.00 Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2010-2011
14.15 Úr Gullkistu RÚV. Taka tvö
15.05 Úr Gullkistu RÚV. Jólatónar í Efstaleiti
15.20 Úr Gullkistu RÚV. Gulli byggir
15.55 Úr Gullkistu RÚV. Popp-punktur 2010
16.50 Úr Gullkistu RÚV. Stúdíó A
17.20 Annar heimur
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Jóladagatalið. Hvar er Völundur?
18.06 Anna og vélmennin
18.28 Handboltaáskorunin Tíu strákar sem aldrei hafa spilað handbolta áður koma saman undir leiðsögn handboltakapp-ans Jespers Jensen. Á þremur mánuðum eru þeir þjálfaðir til að keppa við lið á heimsmælikvarða.
18.40 Hjá dýralækninum
18.45 Tords garasj
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós Frétta- og mann-lífsþáttur.
19.50 Menningin
20.05 Annar heimur Danskt jóla-dagatal fyrir alla fjölskylduna um tvíburasysturnar Önnu og Söru sem stíga óvænt inn í töfraheim sem byggður er á ævintýrum Grimms-bræðra.
20.35 Nýja afríska eldhúsið - Mar-okkó Dönsk heimildarþáttaröð um afríska matarmenningu og nýja kynslóð afrískra matreiðslu-manna sem nýta sér hráefni og matarhefðir heimamanna við þróun á nýrri stefnu í matargerðar-list. Sagnfræðingurinn Asmus Gamdrup Jensen fjallar um eitt land í hverjum þætti.
21.10 Áfram veginn - Ást Bresk sjónvarpsmynd frá BBC sem segir sögu af fólki sem þarf að endur-byggja líf sitt eftir áföll.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.25 Glæpahneigð Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglu-manna sem rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna í von um að koma í veg fyrir frekari ódæðisverk. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.10 Fimm sinnum fimm Stutt-mynd frá BBC þar sem fimm ólíkar sögur fléttast saman. Unglings-drengurinn Ash hrindir af stað keðjuverkandi atburðarás sem gæti endað illa, Chloe kýlir óvart manninn sem hún ætlar að bjóða á stefnumót, Lucas flækist í eigin lygavef þegar hann reynir að heilla konu sem hann er hrifinn af, Janine er orðin þreytt á því að fólk líti fram hjá henni vegna þess að hún er í hjólastól og lögreglu-þjónn verður að ákveða hvað hann gerir í máli ungs blökku-manns eftir að starfsfélagi hans kallar hann kynþáttahatara. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. e.
23.35 Kastljós
23.50 Menningin
00.00 Dagskrárlok

HRINGBRAUT

20.00 Mannamál
20.30 Suðurnesja-magasín Víkur-frétta
21.00 21 - Fréttaþáttur á fimmtudegi
22.00 Mannamál
22.30 Suðurnesja-magasín Víkur-frétta
23.00 21 - Fréttaþáttur á fimmtudegi

SJÓNVARP SÍMANS

08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
09.30 The Late Late Show with James Corden
10.15 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.50 Life Unexpected
14.35 America's Funniest Home Videos
14.55 The Voice
16.25 Everybody Loves Raymond
16.45 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
19.00 The Late Late Show with James Corden
19.45 LA to Vegas
20.10 A Million Little Things
21.00 9-1-1
21.50 The World is Not Enough
23.55 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
01.25 Logan Lucky
03.25 Broken City
05.15 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Vakið, vakið!
15.00 Fréttir
15.03 Gestaboð
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Útvarp Krakka RÚV (214 af 400) Sögur - Bókaormaspjall með Kristjönu Kríu og Matthildi
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu. Jólatónleikar frá Austurríki
20.00 Örsögur 2017
21.00 Mannlegi þátturinn
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.30 Lea to the Rescue
14.10 Elsa & Fred
15.50 Apple of My Eye
17.15 Lea to the Rescue
18.55 Elsa & Fred
20.35 Apple of My Eye
22.00 Max Steel
23.35 Colossal
01.25 Miss You Already
03.15 Max Steel

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.20 Tommi og Jenni
07.45 Friends
08.10 The Middle
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Anger Management
09.55 The Big Bang Theory
10.20 Poppsvar
10.55 Planet's Got Talent
11.20 Junk Food Kids. Who's to Blame
12.10 Eldhúsið hans Eyþórs
12.35 Nágrannar
13.00 Diary of a Wimpy Kid. Rodrick Rules
14.35 Dare To Be Wild
16.20 Major Crimes
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.25 Fréttayfirlit og veður
19.30 The Big Bang Theory
19.55 A Big Lego Christmas
20.45 NCIS
21.30 Lethal Weapon Þriðja þáttaröð þessara spennuþátta sem byggðir eru á hinum vin-sælu Lethal Weapons myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum. Í æsispennandi lokaþætti síðustu þáttaraðar særðist Martin Riggs lífshættulega. Þegar hér er komið sögu kynnumst við nýjum félaga Rogers Murthaugh en það er hinn djarflyndi Wesley Cole sem hefur getið sér gott orð sem í leyni-þjónustu CIA. Nú taka þessir ólíku laganna verðir saman höndum og ná að vinna saman.
22.15 Counterpart
23.10 Room 104
23.40 Vice
01.40 Maudie
03.35 Sniper. Ultimate Kill
05.05 Dare To Be Wild

STÖÐ 3

19.00 Two and a Half Men
19.25 Þær tvær
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 The New Girl
21.15 Arrow
22.00 Supergirl
22.45 The Simpsons
23.10 Bob's Burgers
23.35 American Dad
00.25 Þær tvær
01.00 Friends
01.25 Seinfeld
01.50 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.50 Real Madrid - Rayo Val-lecano
09.30 Bologna - AC Milan
11.10 Chelsea - Bournemouth
12.50 Arsenal - Tottenham
14.30 Football League Show
15.00 Stjarnan - Valur
16.40 Stjarnan - Haukar
18.20 Þór Þ. - Valur
20.10 Keflavík - Tindastóll
22.10 Premier League World
22.40 NFL Gameday

STÖÐ 2 SPORT 2

09.10 Alaves - Athletic Bilbao
10.50 Derby - Nottingham
12.30 HM í pílukasti
16.30 Seinni bylgjan
18.00 Premier League World
18.30 NFL Gameday
19.00 HM í pílukasti
23.00 Þór Þ. - Valur

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

HVÍT JÓL?

Verum klár í kuldabola þegar hann kemur.
Þú færð hlýju jólagjafirnar í Útilíf.

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚLPUM*

ÚTILÍF

síðan 1974

KRINGLUNNI · SMÁRALIND

utilif.is

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Hefðirnar í Hollywood og höllinni

Hollywood og kóngafólk er minna í rjúpum og reyktu kjöti en við þótt sumir opni pakkana á aðfangadag. Hefðirnar eru óðruvísi en hér á landi. Fréttablaðið skoðaði hvað þeir sem eru eðalbornir og lifa stórstjörnulífi gera um jólin.

Hollywood

Skyndibiti og bíó
Chrissy Teigen og John Legend fá sér skyndibita á aðfangadag og reyna að komast í bíó. Teigen sagði í viðtali við Today að hún hefði alist upp við að opna pakkana á aðfangadagskvöld. Hún sé að reyna að halda í þá hefð.

Ekki út úr húsi
Blake Lively sagði frá því árið 2015 að hennar hefð væri að vera á náttfötunum allan jóladag og helst ekki að fara út úr húsi nema í ítrustu neyð.

Lesturinn mikilvægur
Kurt Russel hefur opinberað að það sé hefð fyrir því að lesa Martröð á jólanótt eða T´was the Night Before Christmas með barnabörnunum á jóladag.

Kósý upp í sófa
Kim Kardashian og fjölskylda fer upp í sófa á jóladag í eins náttfötum og þau opna pakkana heima hjá Kourtney, systur hennar.

Engar gjafir
Mila Kunis og Ashton Kutcher eru með einfalda hefð. „Það eru engar gjafir handa krökkunum," sagði hún í fyrra. „Þau eru svo ung enn þá að það skiptir engu máli." Kunis bætti svo við að þegar krakkarnir yrðu eldri þá myndu þau alveg fá pakka. En frekar einn stóran en marga litla.

Höllin

Jólin byrja um sumarið
Það eru fáar 89 ára konur sem eru jafn duglegar og Elísabet drottning. Hún skrifar um 800 jólakort og byrjar á þeim í sumarfríinu sínu.

Borgar fyrir lestarmiðann
Hún hefur alltaf ferðast á jólahátíðina í Sandringham-kastalanum með almenningslest. Borgar 54,90 pund fyrir lestarmiðann. Lífverðirnir borga einnig.

Fótbolti um jólin
Harry og Vilhjálmur hafa skapað eina hefð í kringum jólin. Þeir spila fótbolta við starfslið Sandringham. Bræðurnir eru ávallt í sokkum uppáhaldsliðs síns. Vilhjálmur í Aston Villa og Harry í Arsenal.

24 við borðið
Það komast 24 fyrir við borðið í Sandringham í jólamatinn. Í gamla daga voru fjölmargir frændur og frænkur þar líka en núna er það aðeins nánasta skyldfólk Elísabetar sem fær sæti við borðið. Fjölmarga gesti ber að garði á annan dag jóla þar sem allir njóta þess að veiða saman.

Tvær messur
Kóngafólkið fær ekki að sofa út á jóladag því það fer í messu klukkan níu um morguninn og í aðra messu klukkan 11.

Kvikmyndakvöld
Jólin eru til að horfa á jólamyndir saman. Nýverið var komið fyrir skjávarpa í einu af herbergjum Sandringham-kastalans og hafa breskir fjölmiðlar velt því fyrir sér hvort þau séu að dúndra Harry Potter eða Lord of the Rings í tækið.

Heiðrar minningu föður síns
Jólaskreytingarnar eru uppi þar til í byrjun febrúar. Það er vegna þess að faðir Elísabetar lést 6. febrúar 1952 í Sandringham og er þetta hennar leið til að heiðra minningu hans.

RJÚKANDI
HEITT KAFFI Í BOÐI
NESPRESSO

DEVOLD

FYRIR ÖMMU, AFA, MÖMMU, PABBA, BÖRNIN OG ALLA HINA!

GOLFIÐ, SKÍÐIN, GÖNGUNA, VEIÐINA OG ALLA ÚTIVIST.

Jólagjöfin í ár

BREEZE ZIP BOLUR HERRA
STÆRÐ S–XL
VERÐ 11.995 KR.

ISLENDER KID BOLUR
STÆRÐ 2–8
VERÐ 6.995 KR.

DUO ACTIVE JR. BOLUR
STÆRÐ 10–16
VERÐ 6.995 KR.

VAKSVIK BOLUR HERRA
STÆRÐ M–XL
VERÐ 13.995 KR.

DUO ACTIVE JR. ZIP BOLUR
STÆRÐ 10–16
VERÐ 7.995 KR.

DUO ACTIVE ZIP BOLUR DÖMU
STÆRÐ S–XL
VERÐ 11.995 KR.

EXPEDITION ZIP BOLUR DÖMU
STÆRÐ XS–XL
VERÐ 12.996 KR.

TINDEN SPACER HERRA
STÆRÐ M–XXL
VERÐ 29.995 KR.

ONA BOLUR DÖMU
STÆRÐ S–XL
VERÐ 12.995 KR.

ALNES BOLUR DÖMU
STÆRÐ XS–XL
VERÐ 12.995 KR.

EGGA DÖMU
STÆRÐ S–XL
TILBOÐ 29.995 KR.

ALNES SAMFELLA
STÆRÐ 68–98
VERÐ 4.995 KR.

ONA BUXUR DÖMU
STÆRÐ S–XL
VERÐ 12.995 KR.

ALNES BUXUR DÖMU
STÆRÐ XS–XL
VERÐ 12.995 KR.

DUO ACTIVE JR. BUXUR
STÆRÐ 10–16
VERÐ 6.995 KR.

BREEZE BUXUR HERRA
STÆRÐ S–XL
VERÐ 10.995 KR.

EXPEDITION BUXUR DÖMU
STÆRÐ XS–XL
VERÐ 11.995 KR.

100% MERINO ULL

ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

METSÖLULISTI EYMUNDSSON

12.12.18 – 18.12.18

1 Ungfrú Ísland
Auður Ava Ólafsdóttir



2 Þorpið
Ragnar Jónasson



3 Stúlkan hjá brúnni
Arnaldur Indriðason

4 Brúðan
Yrsa Sigurðardóttir



5 Þitt eigið tímaferðalag
Ævar þór Benediktsson

6 Sextíu kíló af sólskini
Hallgrímur Helgason

7 Siggi sítróna
Gunnar Helgason

8 Orri óstöðvandi
Bjarni Fritzson

9 Hornauga
Ásdís Halla Bragadóttir

10 Skúli fógeti
Þórunn Jarla Valdimarsdóttir

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Pennan Eymundsson

Gamla almenningssnyrtingin breytist í menningarperlu á besta stað.

Núllið gallerý er komið til að vera

Núllið verður vígt nú á föstudaginn með bókaútgáfu ljósmyndarans Þórsteins Sigurðssonar. Galleríið er staðsett í Bankastræti núll þar sem áður voru almenningssalerni og svo spilakassasalur. Planið er að þarna verði menningarrými borgarbúum til góða.

Gömlu klósettin í Bankastræti eða Bankastræti núll eins og þau hafa verið kölluð hafa nú um nokkurt skeið annars vegar hýst Pönksafnið og hins vegar spilasalinn Fredda. Fredda var lokað fyrir nokkru og hefur því annað rýmið staðið autt um nokkra stund en nú á föstudaginn verður breyting á – þar verður opnað Núllið gallerý þar sem hugmyndin er að listamenn geti átt samastað fyrir list sína.

„Planið með rýmið er allt að mótast. Við opnuðum þarna Fredda tímabundið í svona safnabúningi, sem var ágætis þæling sem gekk ekki upp... eins og skáldið sagði. Freddi mun samt lifa áfram í öðru rými í framtíðinni. En Núllið, það hefur alltaf verið fílingur hjá okkur fyrir því að hafa þetta sem opið vinnurými, stúdíó eða gallerí. Nú er allt á fleygiferð við að standsetja þetta sem sýningarrými og það verður klárt á föstudaginn," segir Geoffrey Þór Huntingdon-Williams, framkvæmdastjóri Prikssamsteypunnar, sem fer með eignarhald á Núllinu.

Föstudaginn 21. desember verður rýmið opnað með útgáfuhófi Þórsteins Sigurðssonar ljósmyndara vegna bókarinnar Juvenile Bliss. Eftir það heldur Núllið áfram að vera menningarrými á besta stað.

„Þarna verður sýningahald af öllu tagi þar sem borgarbúum verður veitt þjónusta í formi menningar. Þetta er auðvitað á besta stað í bænum. Við ætlum að sjá hvert þetta mótast í framhaldinu en þetta mun alltaf vera rými fyrir listamenn – hvort þetta verður staðbundið sýningarrými með sýningarstjóra, hvort við munum leigja þetta út til listamanna mjög hagstætt í styttri tíma eða hvað, það mun koma í ljós. Það er strax byrjað að koma inn fullt af fyrirspurnum frá fólki sem bæði hefur áhuga á að sýna í rýminu og skoða það nánar. Eitt er víst og það er að Núllið er komið til að vera."

Þórsteinn Sigurðsson ljósmyndari vígir Núllið gallerý með útgáfuhófi.

Geoffrey Þór Huntingdon-Williams er framkvæmdarstjóri Núllsins.

ÞAÐ ER STRAX BYRJAÐ AÐ KOMA INN FULLT AF FYRIRSPURNUM FRÁ FÓLKI SEM BÆÐI HEFUR ÁHUGA Á AÐ SÝNA Í RÝMINU OG SKOÐA ÞAÐ NÁNAR. EITT ER VÍST OG ÞAÐ ER AÐ NÚLLIÐ ER KOMIÐ TIL AÐ VERA.

stefanthor@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ivar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is

Jóla ÚTSALA

Jólavörur

30 til 60

prósent afsláttur

25% afsláttur af pottum & pönnum

Skoðaðu jólagjafa-handbókina á byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Afgreiðslutími um jól og áramót er á byko.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ Hetjur

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Þorbjargar Gunnlaugsdóttur

Kartaflan góða

Ég lenti í Dublin í morgun. Fram undan er jólastemning í félagsskap dætra minna. Þrátt fyrir að þekkja borgina ekki mikið líður mér nú samt eins og við séum komnar heim og finn að ég elska Írland dálítið. Það þarf kannski ekki að þekkja Íra svo mikið til þess að elska þá. Írska eldhúsið er heiðarlegt eins og hið íslenska og skyldleikinn birtist víða. Við erum þeir. Þegar við gengum inn á hótel gerði ég þess vegna það eina eðlilega og rétta í stöðunni og bað dóttur mína með fallega rauða hárið um að fara fyrir hópnum, rífandi stolt af framlagi mínu til þessa sameiginlega áhrifasvæðis rauðhærðra.

Írarnir eru gestrisnir, virðast slakir og eru strangtrúaðir. Munurinn á okkur og þeim er kannski sá að þeir vita að þeir eru trúaðir. Stærsta áhyggjuefni þessarar ferðar tengist einmitt trúnni á hið góða, en það eru vangaveltur 6 ára stelpu um aðgengi jólasveinanna að 6. hæð hótels í miðborg Dublin. Þar stendur skórinn hennar nú úti í glugga ásamt handskrifuðu bréfi. Eldri systur hennar hafa blessunarlega flutt þetta mál fyrir stúlkuna af mikilli sannfæringu, og jafnvel eldmóði, um réttmætar væntingar þess að hún fái eitthvað fallegt í skóinn, þótt skórinn sé nú staðsettur í landi kartöflunnar. Hún á enda allt gott skilið. Það er nálægðin og einmitt skyldleikinn við Íra sem gerir að verkum að jólasveinarnir munu hreint ekki gleyma íslenskum börnum í Írlandi. Auðvitað munu Bjúgnakrækir, Gluggagægir og Gáttaþefur líka sinna herbergi 615 á Academy Plaza Hotel í Dublin. Ferðafélagar hennar hlakka svo til að njóta næstu daga í Írlandi. Og móðirin er þakklát fyrir jólastemningu á áhrifasvæði kolvetna og ætlar að njóta góðu kartöflunnar í öll mál.